**allt**

Ísleifur Þórhallsson:

*Nýr heimur í baðstofu*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Kristján Magnússon:

*Fann linsu í sundlaug*

• fundvís sundlaugarvörður

SÍÐA 30 ▶



Golden Globe-verðlaunin:

*The Aviator sigursælust*

• í leikstjórn martins scorsese

SÍÐA 27 ▶



Geir Sveinsson:

*Ísland ekki meðal sex efstu í Túnis*

• deilir ekki bjartýni viggós

SÍÐA 22 ▶




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. janúar 2005 – 16. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**ÞRIÐJUDAGUR**



**REGINHNEYKSLI** Ögmundur Jónasson segir lífeyrisgreiðslur til fyrrverandi ráðherra sem enn vinna hjá hinu opinbera vera birtingarmynd hins umdeilda eftirlaunafrumvarps sem Alþingi samþykkti undir lok árs 2003. Hann segir reginhneyksli að sérsníða lög að þörfum þingmanna og ráðherra. **Sjá síðu 4**

**HVIKAR HVERGI FRÁ** Halldór Ásgrímsson segir að hann og Davíð Oddsson hafi tekið ákvörðun um að styðja innrás Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Írak eftir að Íraksmálið var rætt á ríkisstjórnarfundi sama dag. Guðni Ágústsson segir Írak hafa verið rætt en ákvörðun um stuðning ekki. **Sjá síðu 6**

**OPNUÐU FLENSUDEILD** Flensan og skyldir sjúkdómar hafa lagst svo harkalega á landsmenn að Landspítalinn sá sitt óvænna og setti upp sérstaka legudeild fyrir flensusjúklinga. **Sjá síðu 4**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVASSAST SUÐAUSTAN TIL**
Él á Norður- og Austurlandi annars bjartviðri. Frost 2-8 stig. **Sjá síðu 4.**

**DAGURINN Í DAG**



**SKÁLDASPÍRUR** Rithöfundar lesa upp úr verkum sínum á Skáldaspírukvöldi á Kaffi Reykjavík í kvöld. Pétur Gunnarsson, Hermann Stefánsson, Þorsteinn Guðmundsson og Árni Larsson lesa úr nýútgefnum verkum en Kristín Svava Tómasdóttir les óútgefið efni. Lesturinn hefst klukkan 21.00.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |







# Rúmlega hundrað íbúar rýmdu hús sín

**38 hús í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og á Patreksfirði voru rýmd í gær. 102 íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín. Þunnt snjóflóð stöðvaðist tíu metra frá íbúðarhúsi í Bolungarvík.**

**SNJÓFLÓÐAHÆTTA** 49 íbúar úr fimmtán húsum við Urðarstíg, Mýrar og Hóla á Patreksfirði þurftu að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðahættu og leituðu íbúar til ættingja og vina í bænum. Í Bolungarvík voru sjö hús rýmd auk eins sveitabæjar og fimmtán hús voru rýmd í Ísafjarðarbæ. Þrjú snjóflóð féllu fyrir ofan byggð í Bolungarvík í fyrrinótt og gærmorgun og stöðvaðist eitt þeirra tíu metra frá íbúðarhúsi við Dísarland.

Hörður Þór Sigurðsson, á snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, segir snjóflóðið sem stöðvaðist skammt frá húsi við Dísarland hafa verið þunnt þar sem nýr snjór hafi runnið ofan á eldri og harðari snjó. Flóðið hafi því ekki verið sérstaklega hættulegt en hafi þó gefið fulla ástæðu til rýmingar. Rýmd voru nokkur hús við Dísarland og Traðarland auk þess sem bæirnir Tröð og Geirastaðir voru rýmdir. Hörður segir rýmingu hafi verið ákveðna á Patreksfirði þar sem mikið hafi snjóað í gærmorgun auk þess sem spáin fyrir síðustu nótt hafi hljóðað upp á norðanátt. Þá hafi nokkuð víðfeðmt flóð fallið fyrir ofan Patreksfjörð í síðustu viku en stöðvaðist á veginum á milli Urðargötu og Mýra.

Viðbúnaðarstig var á öllum Vestfjörðum í gær fyrir utan svæðin þar sem var hættuástand og gripið var til rýminga. Fundir hjá almannavarnanefndum á Vestfjörðum verða haldnir í dag í samráði við Veðurstofuna þar sem staðan verður metin að nýju og athugað hvort hægt verði að hleypa fólki til síns heima.

- hrs

Sjá nánar á bls. 2



FRÉTTABLAÐIÐ/HB

**VEGIR LOKAÐIR OG UMFERÐ TAKMÖRKUÐ Á VESTFJÖRÐUM** Loka þurfti ýmsum vegum á norðanverðum Vestfjörðum í gær. Vegunum um Óshlíð og Súðavíkurhlíð var lokað. Einnig var umferð takmörkuð á Hnífsdalsvegi, Kirkjubólshlíð, Hvilftarströnd, Breiðdal og í Súgandafirði stóran hluta dagsins og var síðan lokað klukkan sex í gærkvöld.

Sveinn R. Eyjólfsson segir meðferð vörslufjár vera til skoðunar:

# Rannsóknir beinast að verkum stjórnenda

**LÖGREGLURANNSÓKN** Jón H. Snorrason segir fyrst og fremst stjórnendur hjá Frjálsri fjölmiðlun og öðrum félögum tengdum fyrirtækinu vera til rannsóknar hjá embættinu.

Í yfirlýsingu frá Sveini R. Eyjólfssyni, fyrrverandi eiganda Frjálsrar fjölmiðlunar, segir að þau mál sem eru til skoðunar hjá ríkislögreglustjóra lúti að meðferð vörslufjár einstakra dótturfélaga fyrirtækisins og aðgerðum starfsmanna í aðdraganda gjaldþrotsins. Heimildir blaðsins segja málið þó vera víðtækara en svo.

Jón H. Snorrason segir stjórnarmenn aðeins geta borið ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þeir standa sjálfir að. Rannsóknir embættisins snúa að ætluðum auðgunarbrotum og skattalagabrotum. Jón segir augu embættisins beinast að hinum og þessum aðgerðum og athöfnum sem stjórnendur tengdir Frjálsri fjölmiðlun gætu borið refsiábyrgð á. Embættið taldi ekki nægilega rökstuddan grun vera til að óska eftir gögnum um fyrirtækið Time Invest í Lúxemborg eins og skiptastjóri Frjálsrar fjölmiðlunar óskaði eftir. „Það kom mér á óvart að skiptastjóri hafði ekki komið því í verk að láta klára að færa bókhald Frjálsrar fjölmiðlunar sem myndi gefa yfirsýn yfir málið,“ segir Jón.

Eftirlitsskylda stjórnarmanna fyrirtækja felst aðallega í því að stöðva rekstur fyrirtækis ef það greiðir ekki skatta eða opinber gjöld.

- hrs

Sjá nánar á bls. 2

Fróðárheiði:

## Festi bíl í skafli

**HJÁLPARSTARF** Björgunarsveitarmenn og lögregla frá Ólafsvík komu ökumanni til aðstoðar eftir að hann festi bíl sinn í skafli á Fróðárheiði.

Mikill skafrenningur var á heiðinni og fennti í mikla skafla, ökumaðurinn lenti í einum slíkum á jeppa sínum og komst ekki lengra. Hann þurfti að ganga nokkra vegalengd áður en hann komst í símasamband til að óska eftir aðstoð. Björgunarsveitarmenn úr Sæbjörgu héldu til aðstoðar manninum og tóku hann upp í bíl sinn þar sem hann var á leið aftur í bílinn. -bþg

Árásir vígamanna:

## Á þriðja tug myrtir

**ÍRAK, AP** Á þriðja tug manna létust í árásum vígamanna í Írak í gær. Ofbeldisverk vígamanna eru nú í algleymingi, tæpum tveimur vikum áður en Írakar ganga að kjörborðinu og velja stjórnlagaþing sem semur nýja stjórnarskrá Íraks.

Vígamenn skutu átta íraska þjóðvarðliða til bana við vegatálma og átta manns létust í bílsprengjuárás á lögreglustöð norður af Bagdad. Vígamenn tóku tvo sjíamúslima þegar þeir komu frá bandarískri herstöð nærri Ramadi og myrtu þá með því að skera hausinn af þeim. Þá fundust lík fjögurra manna, þriggja óbreyttra borgara og írasks hermanns í borginni. Öll voru sökuð um samstarf við hernámsliðið. ■



**Í BAGDAD**
Tæpum tveimur árum eftir innrásina í Írak eru enn að finna ummerki bardaga, þeirra á meðal þennan skriðdrekaturn liggjandi á gangstétt í Bagdad.



## SPURNING DAGSINS

*Sigurður, varstu orðinn flugleiður?*

**Alls ekki.**

Sigurður Helgason lætur af störfum sem forstjóri Flugleiða 31. maí, eftir nær 30 ára starf hjá fyrirtækinu, þar af 20 ár sem forstjóri.

Fannfergi á Bíldudal og nágrenni:

# Komst ekki í fjárhús vegna snjóflóðs

**SNJÓÞYNGSLI** Björgunarsveitin Kópur á Bíldudal þurfti að aðstoða fjáreiganda inni í Auðahringsdal við að gefa sauðfé sínu í gær, þar sem snjóflóð hafði fallið á veginn heim að bænum, svo þangað var ófært. Auðahringsdalur er næsti dalur fyrir austan Bíldudal.

„Bóndinn er með fjárhúsin þarna en býr sjálfur á Bíldudal," sagði Jón Hákon Ágústsson í björgunarsveitinni Kópi í gær. „Það er brött hlíð þarna inneftir og nánast daglegt brauð að þarna fari flóð yfir veginn. Það hafði greinilega gerst í morgun. Við ætluðum á bílnum alla leið með fjáreigandann, en urðum að sækja snjósleða til að koma honum á áfangastað. Það tókst og hann gat gefið kindunum sem eru 50 talsins."

Jón Hákon sagði, að mikið hefði sett niður af snjó á Bíldudal í fyrrinótt.

„Það var allt á kafi hér þegar fólk vaknaði í morgun," sagði hann.

- jss



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HÁKON

**FANNFERGI**
Elínborg Benediktsdóttir, íbúi á Bíldudal, í snjótröðinni í gærkvöld. Mikið fannfergi er á Bíldudal.

Hraun í Hnífsdal:

# Enn að heiman

**SNJÓFLÓÐAHÆTTA** Hjálmar Sigurðsson ábúandi á Hrauni í Hnífsdal og fjölskylda hans hafa ekki geta dvalið heima hjá sér síðan snjóflóð féll á bæ þeirra í síðustu viku. Stór hluti af bænum eyðilagðist í flóðinu, en beðið er eftir efni sem pantað hefur verið til viðgerðar. Fjölskylda hans dvelur nú í Hnífsdal og bíður þess að geta hafið viðgerðir á húsi sínu, en Hjálmar hefur þó farið á bæinn til að sinna skepnunum og þrífa eftir skemmdirnar sem voru mest í eldhúsinu þar sem flóðið kom inn um gluggann. ■



**FRIÐRIK SOPHUSSON**
Forstjóri Landsvirkjunar ræddi í gær við forsvarsmenn orkufyrirtækja á Norðurlandi vegna hugsanlegrar stóriðju í fjórðungnum.

Landsvirkjun:

# Orkumál rædd

**ORKUMÁL** Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, fór til fundar við forsvarsmenn orkufyrirtækja á Norðurlandi í gær. Meðal þeirra eru forsvarsmenn Norðurorku og fulltrúar Akureyrarbæjar, Húsavíkur og Lauga.

Friðrik segir rætt hafi verið um ástand og horfur í orkumálum. „Við fórum yfir stöðuna með tilliti til hugsanlegrar nýtingar í framtíðinni." Nýting raforku mun aukast verulega á Norðurlandi ef stóriðja verður byggð í fjórðungnum. ■

Viðræður við ETA:

# Stjórnvöld treg í taumi

**SPÁNN, AP** Spænska ríkisstjórnin segist ekki ráðast í neinar viðræður við aðskilnaðarsinnaða Baska fyrr en uppreisnarhreyfing ETA hættir vopnaðri baráttu sinni og lætur vopn sín af hendi. Þannig svöruðu stjórnvöld umleitunum ETA og stjórnmálaarms þeirra, Batasuna, um viðræður.

Leiðtogar Batasuna lögðu til að þeir ræddu við spænsk stjórnvöld um friðarsamkomulag en að fulltrúar ETA semdu á sama tíma um önnur mál, svo sem lausn ETA-liða úr spænskum og frönskum fangelsum. ■

# Ótti um snjóflóð

**Víða á Vestfjörðum var ótti í gærkvöld um að snjóflóð kynnu að falla. 53 þurftu að yfirgefa heimili sín í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ. Magni Guðmundsson og kona hans fluttu frá Seljalandi fyrir fáum dögum.**

**SNJÓFLÓÐAHÆTTA** 53 íbúar í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ gátu ekki sofið í rúmum sínum í nótt vegna snjóflóðahættu. Alls voru rýmd 28 hús, bæði íbúðarhús og vinnustaðir. Þá voru vegir víða lokaðir eða takmarkanir settar á umferð vegna snjóflóðahættu úr bröttum hlíðum. Hættumat verður endurmetið nú strax í morgunsárið.

Sjö til níu íbúar við Árvelli í Hnífsdal þar sem snjóflóð féll í byrjun janúar rýmdu hús sín í gær. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir ekki verða búið við Árvelli í framtíðinni þar sem stendur til að kaupa upp húsin. Eins segir hann mörg hús á hættusvæðum þegar hafa verið keypt upp og því hafi færri þurft að yfirgefa heimili sín en ella.

Magni Guðmundsson er nýfluttur af Seljalandi vegna snjóflóðahættu og býr nú ásamt konu sinni á Skógarbraut sem er tvö hundruð metra frá gamla heimilinu. Í gærdag þurfti Magni að rýma vinnustað sinn, Netagerð Vestfjarða, ásamt vinnufélögunum vegna snjóflóðahættu.

Húsið Seljaland var keypt af Magna og konunni hans síðasta haust af Ísafjarðarbæ og ofanflóðanefnd. Síðasta föstudag fluttu þau alveg yfir á Skógarbraut en þegar þurfti að rýma á Ísafirði í byrjun janúar gistu þau nokkrar nætur í nýja húsinu. Þau ætla að leigja Seljaland yfir sumartímann en leyfilegt er að vera í húsinu sex mánuði á ári. Magni segir ástæðuna vera að honum hafi liðið vel á Seljalandi sem er gamalt sveitasetur. Hann hafi aldrei haft áhyggjur af snjóflóðum þó að flóð hafi fallið á húsið árið 1947. Jafnframt bendir hann á þarna hafi verið búið í átta hundruð ár. „Aðrir hafa haft meiri áhyggjur af okkur þarna en við sjálf," segir Magni. Honum finnst undarlegt að ekki hafi verið hægt að verja húsið sem sé mitt á milli garðsins og þess sem enn er kallað hættusvæði. „Kostnaður við að verja húsið átti að vera á milli tuttugu til þrjátíu milljónir en það þótti of mikið. Aftur á móti fór kostnaður við varnargarðinn, sem ég bý núna undir, um 130 milljónir fram úr áætlun," segir Magni.

hrs@frettabladid.is






**MAGNI GUÐMUNDSSON**
Magni er fluttur frá Seljalandi og býr nú á Skógarbraut en það tekur hann tvær mínútur að ganga á milli.

Snjóflóðavaktin:

# Hættan metin úr fjarska

**SNJÓFLÓÐ** Snjóflóðavakt hefur verið á Veðurstofunni í Reykjavík síðan snemma í gærmorgun, og helst er fylgst með Vestfjörðum þar sem ekki hefur verið svona mikill snjór í fjöllum síðan 1995. „Þetta snýst mest um samskipti okkar við þá sem eru fyrir vestan og þá sem eru á staðnum að meta snjóalögin, en við erum í stanslausum samskiptum," segir Hörður Þór Sigurðsson, snjóflóðasérfræðingur á Veðurstofunni, spurður um hvernig hægt sé að meta snjóflóðahættuna úr fjarska. „Auk þess skoðum við veðurspána vel og metum vindáttina og hversu mikið snjóar og þá höfum við ákveðna staði sem við vitum að eru í mestri hættu." Hörður segir menn vera á hverjum stað sem fara í fjöllin og fylgjast með hvernig snjórinn þéttist og geri það daglega þegar ástæða þykir til. „Það eru meðal annars grafnar gryfjur ofan í snjóinn og ýmsar leiðir notaðar til að kalla fram brot í snjóþekjunni til að meta hvaða lag er veikt." - keþ




Jónar Transport fluttir í Kjalarvoginn!

Sama símanúmer
535 8000

JÓNAR TRANSPORT

Kjalarvogi · 104 Reykjavík · www.jonar.is

Frjáls fjölmiðlun:

# Skiptastjóri til Lúxemborgar

**GJALDÞROT** Sigurður Gizurarson, skiptastjóri í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar, ætlar sjálfur að leita upplýsinga í Lúxemborg um dótturfyrirtæki Frjálsrar fjölmiðlunar og hugsanlegar eigur þeirra þar. Embætti ríkislögreglustjóra hefur ákveðið að rannsaka ekki fyrirtækið Time Invest en skiptastjóri hafði óskað eftir aðstoð embættisins við að nálgast gögn um fjárreiður félagsins þar sem það var á lista yfir dótturfélög Frjálsrar fjölmiðlunar. Ef félagið ætti fjármuni í erlendum bönkum ætti það með réttu að falla í hlut kröfuhafa í þrotabú Frjálsrar fjölmiðlunar.

Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, hefur sagt að skiptastjóri gæti styrkt grunsemdir sínar með frekari vinnu. Sigurður Gizurarson mun á næstunni leita upplýsinga í hlutafélagaskrá í Lúxemborg. Í hlutafélagaskrá hér á landi koma ekki fram upplýsingar um eigendur félagsins.

– ghg



**SIGURÐUR GIZURARSON**
Skiptastjóri í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar ætlar að hefja rannsókn á því hvort fyrirtækið eigi dótturfélög í Lúxemborg.

# ÚTSALA




## Tilboðsverð á Ringo innihurðum

15–20% stgr.afsl.

## Kährs parket

**Sérstakt tilboðsverð**
Eik Natur m. viðarlæsingu
verð 3.550 kr./m² stgr.

**Gegnheilt parket**
20–50% stgr.afsl.

## Baðdeild

**Tilboð á völdum vörum**
í hreinlætis- og blöndunartækjadeild

WC upphengt m. kassa
stgr.verð kr. 26.000

Handlaug 60 cm. veggh.
stgr.verð kr. 3.700







**Þiljur** á loft og veggi
20% stgr.afsl.

**Smellu Plastparket**
890 kr./m² stgr.

## Egill Árnason hf

Ármúli 8 – 108 Reykjavík
595 0500 – www.egillarnason.is

**Opið: Laugardag frá 10 – 16**

**Flísar** á gólf og veggi
20–70% stgr.afsl.

**Náttúrusteinn og granít**
20–30% stgr.afsl.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 17.1.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,45 | 62,75 |
| Sterlingspund | GBP | 116,76 | 117,32 |
| Evra | EUR | 81,80 | 82,26 |
| Dönsk króna | DKK | 1,00 | 11,06 |
| Norsk króna | NOK | 9,98 | 10,04 |
| Sænsk króna | SEK | 9,04 | 9,09 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 95,20 | 95,76 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**Króna 112,36 -0,10%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Flensuhrinan á Landspítalanum:

# Sérstök legudeild opin fram eftir vikunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Enn er lítið lát á fárveiku fólki sem streymt hefur inn á Landspítala - háskólasjúkrahús undanfarna daga af völdum inflúensu og annarra umgangspesta. Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, sviðsstjóri á lyflækningasviði, sagði, að opnuð hefði verið sérstök legudeild fyrir þetta fólk á Hringbraut og yrði hún væntanlega opin fram eftir vikunni eða svo lengi sem þyrfti.

„Þessi deild er skráð fyrir 13 sjúklinga,“ sagði Guðlaug Rakel. „Þá bættum við einnig við rúmum í gæsludeildinni í Fossvoginum. Nú eru á spítalanum 35 sjúklingar umfram venjulegan dag. Það hafa verið óvenjulega mikil veikindi. Það hafa verið miklar innlagnir bæði í gegnum bráðamóttökuna og hjartadeildina á Hringbraut. Fólk sem er veikt fyrir þolir illa að fá umgangspestir. Þetta leggst allt hvað á annað, en flensan toppar það alveg.“

Guðlaug Rakel sagði það tilfinningu fólks að álagið á spítalanum væri heldur í rénun, miðað við það sem hefði verið fyrir helgi.

**- jss**



**RÚMUM FJÖLGAÐ**
Gæsludeild A – 2 í Fossvogi var stækkuð fyrir helgina og herbergjum sem hafa verið til annarra nota hefur verið breytt í sjúkrastofur.

Breskir hermenn:

# Herdómstól frestað

**ÞÝSKALAND, AP** Dómari ákvað í gær að fresta máli þriggja hermanna sem ásakaðir hafa verið um að misþyrma föngum í Írak.

Upphaflega átti herrétturinn að taka mál þeirra þriggja fyrir í gær, í breskri herstöð í þýsku borginni Osnabrueck. Dómarinn ákvað hins vegar að fresta málinu, þar sem hann þyrfti meiri tíma til að hlýða á kröfur lögmanna.

Myndir af meintri misþyrmingu birtust í breskum blöðum vorið 2003, leiddu til rannsókna málsins. Misþyrmingin á að hafa átt sér stað í maí 2003, þegar hermennirnir gættu vörugeymslu þar sem hjálpargögn voru geymd fyrir utan borgina Basra í suðurhluta Írak. ■

## EVRÓPA

**DÆMDIR FYRIR STRÍÐSGLÆPI** Tveir fyrrum herforingjar í her Bosníu-Serba í júgóslavneska borgarastríðinu hafa verið dæmdir til níu og átján ára fangelsis fyrir þátt sinn í fjöldamorðum á múslimum í Srebrenica. Meira en sjö þúsund manns voru myrtir í fjöldamorðunum.

**MESIC ENDURKJÖRINN** Stipe Mesic var endurkjörinn forseti Króatíu og hlaut tvö af hverjum þremur gildum atkvæðum í forsetakosningum sem fram fóru á sunnudag. Andstæðingur hans, hægrimaðurinn Jadranka Kosor, fékk 34 prósent atkvæða.

**RÉTTAÐ Á NÝ** Mál fjögurra Serba var tekið fyrir á ný fyrir dómstólum í gær. Þeir voru í fyrra dæmdir í allt að 20 ára fangelsisvist fyrir pyntingar og morð á sextán múslimum í júgóslavneska borgarastríðinu en hæstiréttur ógilti dóminn og fyrirskipaði að málið yrði tekið fyrir aftur.

# Sérsniðin lífeyrislög þingmanna hneyksli

**Þingmaður Vinstri-grænna segir að það hafi verið vitað þegar eftirlaunafrumvarpið var samþykkt að fyrrverandi ráðherrar kæmust á eftirlaun á sama tíma og þeir gegndu opinberu starfi. Þingmaður Sjálfstæðisflokks gerir ekki athugasemdir. Þeir sem gegnt hafi trúnaðarstörfum fyrir þjóðina eigi að njóta þess.**

**KJARAMÁL** Nú er að birtast sá veruleiki sem margir sáu fyrir þegar lífeyrisfrumvarpið var samþykkt að mati Ögmundar Jónassonar, þingmanns Vinstri-grænna. Komið er í ljós að sjö fyrrverandi ráðherrar fengu samtals rúmar sautján milljónir króna í eftirlaun á liðnu ári þrátt fyrir að vera enn í fullu starfi á vegum hins opinbera. Með lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra, sem voru samþykkt á Alþingi í desember árið 2003, voru heimildir til töku eftirlauna rýmkaðar og aðeins einn þeirra sjö sem nú þiggja eftirlaun hafði öðlast réttindi til þeirra fyrir gildistöku nýju laganna.




„Auðvitað var það reginhneyksli að sníða sérstök lög að þörfum þessa hóps,“ segir Ögmundur. „Nær hefði verið að þingmenn og ráðherrar færu inn í almennan lífeyrissjóð.“

Halldór Blöndal, forseti Alþings, mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma og sagði að eitt af markmiðum þess væri að draga úr sókn gamalla þingmanna í embætti í stjórnkerfinu og tryggja afkomu þeirra sem ekki kæmust í önnur störf að lokinni þingmennsku. Ögmundur segir að nú komi í ljós að það hafi verið meginfirra. „Tilgangur frumvarpsins var að annars vegar að búa þingmönnum og ráðherrum betri lífeyriskjör en almennt gerist og hins vegar að gefa þeim kost á að fara fyrr á lífeyri en fólk almennt á rétt á.

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þessi veruleiki hafi legið fyrir þegar lögið voru samþykkt á þingi. „Það var tekin umræða um að það væri ekki girt fyrir að þessi staða gæti komið upp. Í þessum tilvikum geta menn öðlast lífeyrisréttindi áður en að hefðbundnum starfslokaaldri er náð.“ Bjarni segir þetta einkum eiga við þá sem hafa starfað mjög lengi í stjórnmálum og hafa náð því að vera ráðherrar eða forsætisráðherrar. „Ég hef engar athugasemdir við að þeir sem gegnt hafa forsætisráðherraembætti njóti góðra lífeyriskjara. Viðkomandi hafa gegnt miklum trúnaðarstörfum fyrir þjóðina.“

**ghg@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**MÓTMÆLI VIÐ ALÞINGI**
Eggjum var kastað í Alþingishúsið til að mótmæla eftirlaunalögunum og fjöldi fólks tók þátt í mótmælum Alþýðusambands Íslands. Forysta sambandsins taldi aukin réttindi ráðherra og þingmanna ekki í réttu hlutfalli við það sem almenningur ætti að venjast.

**LAUN SENDIHERRA**

Nokkrir fyrrverandi ráðherrar starfa sem sendiherrar erlendis og hafa þegar hafið töku eftirlauna. Laun sendiherra eru eftirfarandi:

Grunnlaun: 427 þúsund
Skattfrjáls staðaruppbót: 562 þúsund
Alls: 989 þúsund (hluti skattfrjáls)






## Veðrið

**VIÐVARANDI SNJÓALÖG Á LANDINU**
Norðanátt, nokkuð stíf framan af degi, verður á landinu í dag. Hvassast verður suðaustanlands annars heldur hægari. Það ætti að verða bjartviðri mjög víða síst þó á Norðaustur- og Austurlandi. Þar má búast við éljum og þessi él geta teygt sig eitthvað yfir á Suðausturlandið. Eins og spárnar líta út þennan morguninn er ekki útlit fyrir alvöru hlýindi fyrr en um eða eftir næstu helgi. Ef marka má þær spár haldast snjóalög þangað til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hvassviðri með suðurströndinni og á Vestfjörðum annars hægari.

### Fimmtudagur




Hæg norðlæg átt og stöku él.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 58C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Torrevieja | 19°C skýjað |
| Osló | 3°C alskýjað | Prag | 5°C skýjað | Róm | 12°C skýjað |
| London | 7°C skýjað | Amsterdam | 7°C skúrir | New York | -8°C léttskýjað |
| París | 7°C skúrir | Varsjá | 4°C skýjað | Miami | 20°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

23.900 kr. á mán.

## VW Golf

Verð: 1.860.000 kr. 186.000 kr. út,
90% fjármögnun í 84 mánuði.

Golf 3 dyra beinskiptur.
Vetrardekk fylgja!

**Aðeins 9 bílar**



Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitun.
Bifreið á mynd er 5 dyra.

# Árið byrjar betur

18.590 kr. á mán.

## VW Polo

Verð: 1.440.000 kr.
144.000 kr. út,
90% fjármögnun
í 84 mánuði.




Aukabúnaður á mynd:
Álfelgur og samlitun.

Polo 5 dyra beinskiptur, 1,2i Basicline.
Vetrardekk fylgja!
Aðeins 9 bílar eftir.

34.690 kr. á mán.

## VW Passat Variant

Verð: 2.690.000 kr.
269.000 kr. út,
90% fjármögnun
í 84 mánuði



2,0i sjálfsk. 115 hestöfl, Trendline. Aukahlutapakki: Vetrardekk,
sóllúga, krómlistapakki og skyggðar rúður.
Aðeins 3 bílar eftir.
Aukabúnaður á mynd: Álfelgur

29.490 kr. á mán.

## VW Touran

Verð: 2.290.000 kr. 229.000 kr. út,
90% fjármögnun í 84 mán.



Aukabúnaður á mynd:
Álfelgur og samlitun.

1.6 115 hestöfl, 7 sæta, ESP, FSI, 6 gíra.
Vetrardekk fylgja!
Aðeins 2 bílar eftir.

25.690 kr. á mán.

## VW Bora

Verð: [illegible] kr. 199 þús. út,
[illegible] í 84 mán.

Uppseldur




105 hö, beinskiptur Highline, 1,6i. Aukahlutapakki: vetrardekk, sóllúga,
álfelgur, krómlistapakki og leðurstýri.

# með Volkswagen

Gerðu betri kaup með SP-bílasamningi – á meðan birgðir endast.

SP-FJÁRMÖGNUN

VW er í samstarfi
við SP-Fjármögnun

GOTT FÓLK McCANN

* Verð miðast við bílasamning SP til 84 mánaða og 10% innborgun.
Vextir miðast við 100% erlenda mynt.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## KJÖRKASSINN

*Á Ísland erindi í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 39,8% |
| Nei | 60,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga fyrrverandi ráðherrar að fá eftirlaun meðan þeir gegna enn opinberum störfum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Verktaki um útboð í Garðabæ:

# Óheilbrigðir viðskiptahættir

**ÚTBOÐ** „Þetta er óréttlátt gagnvart öðrum bjóðendum og óheilbrigðir viðskiptahættir," segir Bergþór Jónsson annar eigenda verktakafyrirtækisins Mótás sem hefur sent bæjarráði Garðabæjar skriflegar athugasemdir við útboð á byggingarlóðum við Bjarkarás í Garðabæ.

Alls bárust 49 tilboð í lóðirnar en í síðustu viku ákvað bæjarráð Garðabæjar að hefja viðræður við forsvarsmenn Frjálsa fjárfestingarbankans hf. vegna tilboðs í tvær fjölbýlishúsalóðir við Bjarkarás sem nemur rúmlega 175 milljónum króna. Hæsta tilboðið kom frá Fasteignafélaginu Hlíð ehf. og var upp á rúmlega 200 milljónir en fyrirtækið féll frá því og því sneru bæjaryfirvöld sér að Frjálsa fjárfestingarbankanum. Sömu eigendur eru hins vegar að þessum félögum og við það hefur Bergþór gert athugasemdir auk annarra tilfella þar sem fyrirtæki sendi inn fleiri en eitt tilboð.

Bergþór segir að nauðsynlegt sé að setja fyrir fram leikreglur á útboð sem þessi. Hann hefur ekki fengið nein viðbrögð frá yfirvöldum í Garðabæ vegna athugasemdarinnar. Ekki náðist í Ásdísi Höllu Bragadóttur, bæjarstjóra í Garðabæ vegna málsins. - bs



**BERGÞÓR JÓNSSON**
Vill skýrari leikreglur fyrir útboð. Telur óréttlátt að fyrirtæki geti dregið tilboð sín til baka eftir hentugleika.

## EVRÓPA

**FORSETAKOSNINGAR FYRIR RÉTTI** Janúkovitsj, sem bauð sig fram í embætti forseta í Úkraínu, hefur ekki gefist upp þrátt fyrir að niðurstöður endurkosninga annan í jólum segi að mótframbjóðandi hans, Júsjenko, hafi unnið. Janúkovitsj hefur krafist ógildingar kosninganna og ber því við að þær hafi borið svo brátt að, að margir veikir og sjúkir hafi ekki haft tækifæri á að kjósa.

**SKYLDUGIR AÐ AÐSTOÐA** Forsætisráðherra Ungverjalands, Ferenc Gyurchsany, sagði á mánudag að landinu bæri skylda að aðstoða Rúmena til að ganga í Evrópusambandið. Innganga nágrannaríkisins myndi stuðla að frið og velsæld á svæðinu. Það bæri þeim söguleg skylda að aðstoða Rúmena.

Tollstjórinn í Reykjavík:

## Greiði bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Tollstjórann í Reykjavík til að greiða Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni 200 þúsund krónur í miskabætur fyrir að leggja hald á jurtir sem hún hafði pantað frá Bretlandi árið 2001.

Starfsmenn Tollstjóra töldu að það þyrfti að skrá jurtirnar í annan tollflokk og fá samþykki Lyfjastofnunar fyrir þeim.

Forsendur dómsins voru að Kolbrún hefði ekki verið látin vita að jurtirnar hefðu verið haldlagðar fyrr en sjö mánuðum eftir að það var gert og gat hún því ekki nýtt sér rétt sinn til að kæra haldlagninguna til viðeigandi yfirvalda. - bs

## SJÚKRAFLUG

**SÓTTI HJARTAVEIKAN MANN** TF-LIF, þyrla Landhelgisgæslunnar, sótti hjartaveikan mann, sem þurfti nauðsynlega að komast á sjúkrahús í Reykjavík, til Stykkishólms í gær. Læknir og stýrimaður þyrlunnar sóttu manninn á sjúkrahúsið og hjálpuðu til við flutning hans á flugvöllinn þaðan sem flogið var með hann til Reykjavíkur.

## MIÐ-AUSTURLÖND

**FIMMTÁN Í HALDI** Yfirvöld í Kúveit hafa handtekið fimmtán Kúveita og Sádi-Araba í kjölfar átaka milli lögreglu og íslamskra vígamanna í síðustu viku. Mennirnir eru taldir hafa lagt á ráðin um árásir á vestræn fólk í Kúveit.

**ANDÓF Í HERNUM** Þúsundir ísraelskra hermanna hafa undirritað yfirlýsingu þar sem þeir heita því að taka ekki þátt í aðgerðum hersins til að reka ísraelska landnema frá landnemabyggðum á Gaza. Þetta segja leiðtogar landnemanna sem eru mjög ósáttir við áætlunina um brotthvarf frá Gaza.

# Forsætisráðherra hvergi haggað

**Halldór Ásgrímsson hvikar hvergi frá ummælum sínum um Íraksmálið og segir að málið hafi verið rætt í ríkisstjórn daginn sem ákvörðunin var tekin. Guðni Ágústsson segir málið ekki hafa verið rætt í ríkisstjórn fyrr en eftir á.**

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur ítrekað haldið því fram, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi, að Íraksmálið svokallaða hafi verið rætt í ríkisstjórn sem og í utanríkismálanefnd og á Alþingi. Hann dregur þó ekki dul á það að ákvörðunin um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak í mars fyrir tæpum tveimur árum hafi verið tekin af tveimur mönnum, honum sjálfum sem þáverandi utanríkisráðherra og Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra. Engar samþykktir liggja því fyrir um ákvörðunina, hvorki í ríkisstjórn né í utanríkismálanefnd.

**Guðni segir málið rætt eftir á**

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, hefur hins vegar haldið því fram í fjölmiðlum að undanförnum dögum að Íraksmálið hafi ekki verið rætt í ríkisstjórn fyrr en eftir að ákvörðun Halldórs og Davíðs lá fyrir. „Auðvitað var oft búið að ræða um Íraksmál en þessa ákvörðun tóku þeir og af hverju þeir gerðu það með þessum hætti kann ég ekki að segja frá. Þeir verða auðvitað bara að verja sig í því," sagði Guðni í Sunnudagsþættinum á Skjá einum síðastliðinn sunnudag.

**Halldór svarar ekki spurningum**

Halldór Ásgrímsson sendi frá sér yfirlýsingu vegna umræðunnar um Íraksmálið í gær en neitaði að veita viðtöl. Í yfirlýsingunni kemur ekki neitt nýtt fram, heldur ítrekar Halldór einungis það sem hann hefur áður haldið fram opinberlega, meðal annars það að Íraksmálið hafi verið rætt „nokkrum sinnum í utanríkismálanefnd og á Alþingi veturinn 2002-2003". Halldór bendir jafnframt á í yfirlýsingu sinni að 12. mars 2003 hafi meirihluti utanríkismálanefndar fellt tillögu Vinstri-grænna um að „ríkisstjórnin beitti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland standi utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn Írak".



**FRÉTTASKÝRING**
UMMÆLI RÁÐHERRA UM ÍRAKSMÁLIÐ STANGAST Á

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Þá kemur fram að málið hafi verið rætt á Alþingi daginn eftir og að þar hafi Halldór sagt: „Nú liggur fyrir að meirihluti þingsins útilokar það ekki að valdi verði beitt í þessum málum. ... en það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að það er ekki hægt að ná friði og friðsamlegri lausn varðandi Írak nema að baki liggi alvarleg hótun."

**Segir málið rætt fyrir ákvörðunartöku**

Þingi var slitið 14. mars vegna komandi alþingiskosninga en Halldór heldur því fram í yfirlýsingunni frá í gær að Íraksmálið hafi verið fyrsta mál á dagskrá ríkisstjórnarinnar á fundi 18. mars. Í kjölfar ríkisstjórnarfundarins hafi hann og Davíð síðan ákveðið að styðja innrásina í Írak.

Í yfirlýsingunni er enga útskýringu að finna á því hvers vegna sjálf ákvörðunin var ekki rædd á ríkisstjórnarfundi – né heldur hvers vegna Halldóri og Davíð þótti ekki ástæða til að kalla saman utanríkismálanefnd til að ræða jafn afdrifaríka og viðamikla ákvörðun.

Fréttablaðið sendi forsætisráðherra formlega ósk eftir svari við þessum spurningum í gær en fékk aðeins þau svör að hann veitti ekki viðtöl við fjölmiðla. Þá óskaði Fréttablaðið eftir því að fá afrit af fundargerð ríkisstjórnarfundarins sem forsætisráðherra vísar til, frá 18. mars 2003, en var neitað um það með þeim skýringum að þær væru trúnaðarmál. Í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu að loknum ríkisstjórnarfundi 18. mars 2003 kemur fram að „ófriðarhorfur" var annað tveggja mála sem á dagskrá voru.

**Þrennt stendur eftir**

Af þessum ágreiningi um ákvörðunina um stuðning við innrásina í Írak stendur þrennt eftir. Í fyrsta lagi sú staðreynd að tveimur ráðherrum í ríksisstjórn Íslands beri ekki saman um hvort Íraksmálið hafi verið rætt í ríkisstjórn fyrir eða eftir að ákvörðunin sjálf var tekin. Í öðru lagi það, að ákvörðunin var hvorki rædd í ríkisstjórn, utanríkismálanefnd né á Alþingi Íslendinga. Í þriðja lagi, að Halldóri og Davíð þótti ákvörðunin ekki það veigamikil að ástæða væri til að kalla saman utanríkismálanefnd til að fjalla um hana.

Að lokum má spyrja að því hvers vegna ekki er hægt að fá hreinskiptin svör við því hvers vegna ákvörðun um jafn mikilvægt mál og þetta var ekki tekin á hefðbundinn, lýðræðislegan hátt á Alþingi? ■



## Ummæli stangast á

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í Kastljósi 6. desember 2004:**

„Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að þetta mál var margrætt á Alþingi. Það var rætt í utanríkismálanefnd, það var rætt í þinginu en að lokum var það að sjálfsögðu utanríkisráðherra og forsætisráðherra sem gerðu tillögu í þessum efnum." [...]

„Þetta var rætt í ríkisstjórn og það var fullur einhugur í þessu máli meðal ráðherra ríkisstjórnarinnar. **Sigmar Guðmundsson:** Og var þetta rætt áður en að svarið var gefið út, já við erum á listanum? Halldór Ásgrímsson: Jú, ég meina auðvitað var þetta rætt á milli okkar. **Sigmar Guðmundsson:** Og samþykkt? Halldór Ásgrímsson: Það var engin formleg samþykkt gerð um það í ríkisstjórn."

**Jónína Bjartmarz, situr í utanríkismálanefnd Alþingis, í Íslandi í dag á Stöð 2 6. janúar 2005:**

„Ég tók aldrei ákvörðun um að vera á þessum lista. Það liggur alveg ljóst fyrir." [...]

„Þetta var ekki rætt í utanríkismálanefnd, þetta var ekki borið undir hana."

**Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, í Sunnudagsþættinum á Skjá einum 16. janúar 2005:**

„Þessir leiðtogar ríkisstjórnarinnar, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, þeir tóku þessa ákvörðun. [...] um að vera á þessum lista."

**Guðmundur Steingrímsson:** „Og það er þá rétt sem Kristinn [H. Gunnarsson] segir, að hún var ekki rædd fyrir fram í þingflokknum?" Guðni Ágústsson: „Þeir tóku það, það er alveg viðurkennt, þeir tóku þessa ákvörðun. Auðvitað hefur hún síðan oft verið rædd í ríkisstjórn og í utanríkismálanefnd og þinginu." **Guðmundur Steingrímsson:** Já síðan, en hún var ekki rædd fyrir í utanríkismálanefnd og ekki fyrir í þingflokknum?" Guðni Ágústsson: „Auðvitað var oft búið að ræða um Íraksmál en þessa ákvörðun tóku þeir og af hverju þeir gerðu það með þessum hætti kann ég ekki að segja frá. Þeir verða auðvitað bara að verja sig í því.




íbúðalán.is




# Fáðu íbúðalán hjá okkur!

**Ertu að kaupa?**
Þú getur gert eigið greiðslumat og sótt um íbúðasjóðslán og íbúðalán nb.is á **íbúðalán.is.**

**Viltu endurfjármagna?**
Þú getur lækkað vextina og létt greiðslubyrðina með íbúðaláni hjá nb.is á aðeins 4,15% vöxtum!

**Vantar þig viðbótarlán?**
Hvort sem þú ætlar að byggja, breyta eða bæta þá geturðu fengið Viðbótarlán nb.is á afar hagstæðum kjörum, án nokkurra skilyrða um frekari viðskipti eða kröfu um 1. veðrétt.

**Kynntu þér málið á nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800 og við tökum vel á móti þér.**

nb.is

*Banki með **betri** vexti*

Himinn og haf – SÍA



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hversu margir fyrrverandi ráðherrar eru komnir á eftirlaun en eru samt áfram í opinberu starfi sem þeir fengu eftir að hafa hætt á þingi?*

**2** *Rúmensk kona varð elst kvenna til að eignast lifandi barn, hversu gömul er hún?*

**3** *Hvað heitir heimildarmyndin sem verið er að vinna um Quarashi?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Abbas skipar öryggissveitum að hafa hemil á vígamönnum:

# Komi í veg fyrir árásir á Ísrael

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, fyrirskipaði palestínskum öryggissveitum í gær að reyna að koma í veg fyrir árásir á Ísrael. Hann fyrirskipaði þeim einnig að rannsaka skotárásina á Gaza í síðustu viku sem kostaði sex ísraelska verkamenn lífið.

Óvíst er hvaða áhrif fyrirskipun Abbas hefur. Ekkert var gefið út um hvernig öryggissveitirnar ættu að koma í veg fyrir árásir og talsmaður Hamas sagði að samtökin myndu halda áfram árásum á Ísraela.

Ofbeldi á Gaza og Vesturbakkanum undanfarna daga hefur dregið úr bjartsýni á að semja megi um frið milli Ísraela og Palestínumanna. Palestínskir vígamenn myrtu sex ísraelska verkamenn í árás á fimmtudag og síðan þá hafa sextán Palestínumenn, níu vígamenn og sjö óbreyttir borgarar, fallið fyrir hendi ísraelskra hermanna.

Háttsettur ísraelskur embættismaður sagði í gær að Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefði ákveðið að hefja ekki stórsókn hersins á Gaza-svæðinu. Áður hafði Sharon veitt hernum ótakmarkaða heimild til að skjóta alla vopnaða vígamenn og þá sem skytu eldflaugum að landnemabyggðum. ■



**PILTAR GRÝTA HERBÍL**
Palestínskir drengir í flóttamannabúðunum Balata grýttu ísraelska herbíla sem keyrt var inn í búðirnar.

## ASÍA



**200 SLÖSUÐUST** Hálfs árs gömlu neðanjarðarlestakerfi Bangkok, höfuðborgar Taílands, hefur verið lokað um vikuskeið eftir að meira en 200 manns slösuðust þegar tvær lestir skullu saman í gærmorgun. Mannlegum mistökum er kennt um slysið sem varð þegar tóm lest rann á aðra sem var drekkhlaðin farþegum.

Rútuslys í Fagradal:

## Fékk hjól af tengivagni á sig

**UMFERÐARSLYS** „Það sluppu allir ómeiddir því dekkið lenti sem betur fer bara utan á rútunni en fór ekki inn í bílinn, það hefði getað kostað mannslíf,“ segir Sveinn Sigurbjarnarson eigandi rútu sem varð fyrir bíldekki sem losnaði af tengivagni sem var að koma úr gagnstæðri átt í Fagradal í Suður-Múlasýslu á laugardag.

Um borð í rútunni var knattspyrnulið í Fjarðabyggð sem var á leið til Akureyrar en önnur rúta kom á slysstað og ók þeim áleiðis til Akureyrar. Sveinn segir að það hafi verið hægt að aka rútunni tómri af slysstað en það eigi eftir að meta hversu miklar skemmdirnar séu. ■

Alþýðusambandið:

## Mætir fyrir félagsmálanefnd

**KÁRAHNJÚKAR** Fulltrúar ASÍ munu mæta fyrir félagsmálanefnd í dag til að ræða um aðbúnað og kjör starfsmanna á Kárahnjúkum. Upphaflega átti að kalla verkalýðshreyfinguna og fulltrúa Impregilo fyrir nefndina samtímis. Því höfnuðu fulltrúar Impregilo og báru fyrir sig að að fyrirtækið hefði viljað útskýra mál sitt í friði og ró. ■

# Rifbrotinn og lurkum laminn

**Nói Marteinsson, bifreiðastjóri á Tálknafirði, var hætt kominn í gær þegar flutningabíllinn sem hann ók fór út af veginum í blindbyl og niður 150-200 snarbratta hlíð. Bíllinn er gjörónýtur. Nói rifbrotnaði og er lurkum laminn eftir að hafa barist í bílhúsinu niður í árfarveg, þar sem bíllinn stöðvaðist.**

**SLYS** „Það er eitthvert lán yfir mér,“ sagði Nói Marteinsson, flutningabílstjóri á Tálknafirði, sem lenti í alvarlegu bílslysi í blindbyl í gærdag. Bíllinn sentist niður snarbratta hlíð og stöðvaðist ekki fyrr en í farvegi Mikladalsár.

Nói var á leiðinni frá Patreksfirði yfir á Tálknafjörð þegar slysið varð á tólfta tímanum í gærdag. Hann var kominn rúmlega kílómetra fram í Mikladal þegar það átti sér stað. Á bílnum voru 5-6 tonn af fiski.

„Það var þreifandi bylur, svo ég stoppaði. Bíllinn hefur verið kominn alveg út í kantinn, því þegar ég ók af stað aftur hélt hann áfram niður. Það er alveg snarbratt þarna niður, 150-200 metrar niður í árfarveginn.“

Nói sagði að bíllinn hefði aldrei oltið á allri þessari leið, heldur hefði hann „skrönglast niður á hjólunum“. Það hefði ekki verið fyrr en hann stoppaði í árfarveginum sem hann fór á hliðina. Nói kvaðst hlutina hafa gerst svo hratt að hann hefði tæpast gert sér grein fyrir því sem hefði verið að gerast. Hann kvaðst hafa setið í bílnum allan tímann.

Nói var með farsíma í vasanum á kuldagalla sem hann var í. Þegar hann reyndi að ná sambandi reyndist það ekki hægt niðri í árfarveginum. Hann þurfti því að skreiðast langleiðina upp á veginn og þaðan gat hann hringt. Lögreglan á Patreksfirði kom á staðinn og flutti hann rakleiðis á sjúkrahúsið á Patreksfirði. Þaðan fékk hann að fara heim eftir að gert hafði verið að meiðslum hans.

„Það eru víst eitt eða tvö rif brotin,“ sagði hann. „Svo er ég allur lurkum laminn í skrokknum eftir að hafa barist í húsinu niður. Það eru engin bílbelti í þessum bíl. Hann er ónýtur eftir þetta, það er ekkert öðruvísi en það.“

Fleiri voru í vandræðum vegna veðurs og hálku í gær og fyrradag. Kona með tvö börn í bíl sínum lenti utan vegar á Holtavörðuheiði í gær. Bíllinn valt en engin slys urðu á fólki. Þá fór flutningabíll út af veginum á heiðinni og aðstoðaði lögreglan á Hólmavík við að koma honum upp á veginn aftur.

jss@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐA HRUND

**FÓR BETUR EN Á HORFÐIST**
Nói Marteinsson bifreiðastjóri fékk að fara heim til sín eftir slysið í gær eftir að hann hafði verið skoðaður og fengið aðstoð á sjúkrahúsinu á Patreksfirði.






Kaupmenn ánægðir:

# Rífandi gangur í útsölum

**VERSLUN** Kaupmenn eru allflestir ánægðir með gang á útsölum sem nú standa yfir. Sigurður Jónsson, forstjóri Samtaka verslunar og þjónustu, kvaðst hafa tekið stöðuna hjá nokkrum þeirra í síðustu viku og svo virtist sem rífandi gangur væri í þeim.

„Útsölurnar hafa færst fram og byrja milli jóla og nýárs,“ sagði hann. „Kaupmenn sem ég ræddi við sögðu að janúar væri betri sölumánuður heldur en febrúar og mars. Að vísu verður þetta aðeins öðruvísi í ár því páskarnir eru í lok mars og þeir hleypa þessu aðeins upp miðað við í fyrra, því þá voru þeir í apríl. Ég held að það sé almennt bjartsýnishljóð í mönnum.“

Varðandi jólaverslunina sagði Sigurður að hún hefði aukist um rúmlega tíu prósent frá því í fyrra, þegar öll kurl væru komin til grafar.

„Menn halda alltaf að toppnum sé nú náð, en það virðist vera stöðug aukning og alltaf að bætast við,“ sagði hann.

- jss




**RÍFANDI GANGUR**
Kaupmenn eru ánægðir með ganginn í jólaverslun og síðan útsölum.




**BRESK DAGBLÖÐ**
Fjaðrafokið út af prinsinum með hakakrossinn varð til þess að íhugað er að banna notkun hakakrossa.

Evrópusambandið:

## Vilja banna hakakrossinn

**BELGÍA, AP** Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, íhugar að banna notkun hakakrossins, tákn þýskra nasista í tíð Adolfs Hitlers. Frattini sagðist reiðubúinn að taka málið upp á fundi framkvæmdastjórnarinnar í næstu viku. Verði bannið sett gildir það í öllum 25 ríkjum Evrópusambandsins.

Orð Frattinis koma í kjölfar þess að Harry prins í Bretlandi var myndaður með hakakrossinn á furðufataskemmtun. Athæfið olli miklu fjaðrafoki og kepptust stjórnmálamenn og fleiri einstaklingar við að fordæma hann. ■

# Byggðu þig upp!

# 25%

## afsláttur af vítamínum og heilsuvörum




**DETOX TEA**
Styrkir innra hreinsunarferlið. Gott í matarkúrum eða föstu.




**WOMEN´S SLIM & FIT**
Inniheldur jurtir til að örva efnaskipti hjá konum.




**PURE PLAN**
Hreinsunarkúr með grænu tei.

**NÚPÓ LÉTT**
Örugg leið til að grennast.




**WELLEX**
Aukin fitubrennsla, minni hungurtilfinning, betri melting.




## ALLAR GERÐIR VÍTAMÍNA FRÁ:

BIOMEGA -gæðin vís | now | Futurebiotics | FUTURA | vega vandaðu valið | HUSK | heilsa ehf

Tilboðin gilda frá 18. - 23. janúar.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

GOTT FÓLK McCANN

# Drög

# Í da


HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
029317


HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
009572

# gum

# g




Þú átt möguleika á að komast í sístækkandi hóp milljónamæringa hjá Happdrætti Háskólans. Á síðasta ári voru 224 miðar dregnir út með vinning sem var milljón eða meira og ríflega 780 milljónir voru greiddar út til miðaeiganda. Hringdu núna í síma 800 6611 og þú gætir átt von á símtali frá okkur því við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is**
**eða í síma 800 6611.**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*



**FRELSUNAR MINNST**
Pólverjar minntust þess í gær að 60 ár voru liðin frá því að Rauði herinn sovéski frelsaði höfuðborgina Varsjá úr höndum Þjóðverja. Þá höfðu borgarbúar lengi barist gegn þýskum hersveitum og beðið mikið mannfall. Í tæpa hálfa öld eftir frelsunina var Pólland undir stjórn kommúnista.

Ríkissaksóknari:

# Miðast við lög og dómafordæmi

**BARNAVERNDARMÁL** Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir að saksóknarar embættisins fari yfir rannsóknargögn hvers máls og það þurfi að vera líklegt eða verulega líklegt að ákæra leiði til sakfellingar til að málið leiði til ákæru, jafnvel þó svo að um kynferðisbrot gagnvart börnum sé að ræða.

Hann segir að ákæruvaldið teygi sig þó mjög langt í þessum málaflokki eins og sýknudómar benda til.

Sakfelling fáist aðeins í um það bil 90 prósentum tilfella. Mál af þessu tagi sé látið niður falla ef aðeins helmings líkur séu á sakfellingu enda eigi sýknudómar helst ekki að falla.

Í barnaverndargeiranum gætir undrunar á þröngu viðmiði saksóknaraembættisins í kynferðisbrotamálum gagnvart börnum. Bogi neitar því að það sé matskennd og huglæg ákvörðun einstakra saksóknara hvort ákært verði.

Starfsreglan sé sú að tveir til þrír saksóknarar fari yfir málið hver í sínu lagi áður en ákvörðun sé tekin. Sömu starfsreglur gildi um kynferðisbrot og önnur brot. Reglurnar miðist við lög og dómafordæmi. - ghs



**BOGI NILSSON**
Ríkissaksóknari segir að saksóknarar fari yfir gögn hvers máls. Líklegt eða verulega líklegt þurfi að vera að ákæra leiði til sakfellingar til að ákært sé.

Kjarabarátta:

# Undirlagt verkföllum

**FRAKKLAND, AP** Viðbúið er að verkföll hafi mikil áhrif á franskt þjóðfélag í vikunni. Lestarstarfsmenn hófu verkfall á miðnætti síðustu nótt og snúa ekki aftur fyrr en á fimmtudagsmorgun. Þeir vilja mótmæla áformum um að segja upp 3.500 starfsmönnum. Stjórn járnbrautanna kemur saman á morgun.

Fleiri hafa boðað verkfall. Starfsmenn póstsins ætla í verkfall í dag, skurðlæknar á morgun og í kjölfarið fylgja kennarar, sálfræðingar og starfsmenn á bráðadeildum sjúkrahúsa svo nokkrir hópar séu nefndir. ■

www.lyfja.is

Ráðgjöf og kynning í Lyfju
Lyfja Smáralind mið. 19.jan. kl. 13:30-16:30
Lyfja Setbergi fim. 20 jan. kl. 13:30-16:30
Lyfja Spönginni fös. 21.jan. kl. 13:30-16:30




VoltarenEmulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
Við vöðva- og liðverkjum

LYFJA

**Voltaren Emulgel®** er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Lúðuseiði fyrir hundruð milljóna

**Fiskey hefur samið um sölu á 1,4 milljónum lúðuseiða til Noregs. Andvirði samningsins er trúnaðarmál. Ljóst að fjárhæðin hleypur á hundruðum milljóna.**

**LÚÐUELDI** Fiskey, sem er dótturfélag Fiskeldis Eyjafjarðar, hefur selt 1,4 milljón lúðuseiða til Noregs. Kaupandi er eldisfyrirtækið Nordic Seafarm og mun Fiskey afhenda seiðin á næstu fjórum árum.

Að sögn Arnars Freys Jónssonar, framkvæmdastjóra Fiskeyjar, er framleiðslugeta Fiskeyjar um milljón seiði á ári en markmiðið er að framleiða um 650 þúsund seiði í ár. „Fiskey er langstærsti framleiðandi lúðuseiða í heiminum en við framleiddum ríflega helming allra lúðuseiða sem framleidd voru í heiminum í fyrra og árið þar á undan. Við erum með áframeldi á lúðu í Þorlákshöfn og er stefnt á að slátra þar um 350 tonnum eftir tvö til þrjú ár. Í fyrra slátruðum við þar 120 tonnum en það er of lítið með tilliti til arðsemissjónarmiða,“ segir Arnar.

Í fyrra seldi Fiskey 25 þúsund seiði til Kína og segir Arnar að þar sé mjög áhugaverður markaður og hagstæðar náttúrulegar aðstæður til áframeldis á lúðu. Það auki er markaðsstærð lúðunnar í Kína aðeins hálft til eitt kíló sem þýðir styttri eldistíma en æskileg stærð á aðra markaði er 3 til 5 kíló. „Það eru mjög miklir tekjumöguleikar í eldi á lúðu og er lúða einn verðmætasti eldisfiskur sem framleiddur er í heiminum. Það er hins vegar kostnaðarsamt að koma eldinu af stað og byggja upp starfsemina. Fiskeldi Eyjafjarðar var stofnað í kringum lúðueldi 1987 og hafa miklir fjármunir farið í rannsóknar- og uppbyggingarstarf. Okkur hefur tekist að ná stöðugleika í framleiðslunni og stöndum vel tæknilega í samanburði við aðra framleiðendur. Á næstu árum verður áherslan meiri á markaðshliðina og ég er sannfærður um að með áframhaldandi þolinmæði og þrautseigju starfsmanna og hluthafa þá mun þessi fjárfesting skila sér,“ segir Arnar.



**ARNAR FREYR JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI FISKEYJAR**
Eldislúðan fer einkum á markaði í Bandaríkjunum og Bretlandi en einnig víða um Suður-Evrópu. Að sögn Arnars er vaxandi eftirspurn eftir eldislúðu.

Fyrir þremur árum var Fiskey að selja 5 gramma lúðuseiði á yfir 400 krónur stykkið en verðið hefur heldur lækkað síðan.

Fiskey er með 14 starfsmenn og starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu: Seiðaeldisstöð á Hjalteyri í Eyjafirði, klakstöð á Dalvík og matfiskeldisstöð í Þorlákshöfn. Félagið er alfarið í eigu Fiskeldis Eyjafjarðar en þar eru stærstu hluthafarnir Hafrannsóknastofnun, Samherji, ÚA, Grandi og Afl fjárfestingafélag.

kk@frettabladid.is



TVEIR FYRIR EINN
60 – 80 %
Ótrúlega lágt verð

**Dæmi um verð:**

| | Áður | Núna |
|---|---|---|
| Riffluð peysa | 6.500.- | 1.400 + ein frí |
| Rennd peysa | 5.900.- | 1.900 + ein frí |
| Rúllukragapeysa | 6.200.- | 1.900 + ein frí |
| Vafin peysa | 4.800.- | 1.900 +ein frí |
| Peysa m/V-hálsmáli | 4.700.- | 1.400 + ein frí |
| Satín toppur | 5.300.- | 1.900 + ein frí |
| Bolur m/perlum | 6.600.- | 1.900 + ein frí |
| Bolur m/áprentun | 3.700.- | 900 + ein frí |
| Skyrta | 4.000.- | 1.500 + ein frí |
| Túnikublússa | 4.700.- | 900 + ein frí |
| Hettupeysa | 4.900.- | 1.900 + ein frí |
| Sítt pils | 6.300.- | 900 + ein frí |
| Flauelsjakki | 6.400.- | 1.900 + ein frí |
| Dömujakki | 5.600.- | 900 + ein frí |
| Leðurbuxur | 11.200.- | 2.900 + ein frí |
| Kvartbuxur | 4.900.- | 1.900 + ein frí |
| Dömubuxur | 5.800.- | 900 + ein frí |

**Og margt, margt fleira.**

friendtex®
Síðumúla 13
Opið 10 - 18
Sími 568-2870



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI**
Forstöðumaður Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri vísar á bug gagnrýni sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar á skýrslu stofnunarinnar um sameiningarkosti á Eyjafjarðarsvæðinu.

Sameining á Eyjafjarðarsvæðinu:

# Starfsmenn RHA sakaðir um hlutdrægni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Í samþykkt sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um sameiningarkosti á Eyjafjarðarsvæðinu er skýrsla sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) vann um sama mál gagnrýnd harðlega. Þar er sagt að skýrslan svari ekki þeim spurningum sem henni var ætlað að svara og hún hjálpi því ekki sveitarstjórnum á svæðinu að taka afstöðu um sameiningarkosti. Þá segir einnig að óheppilegt hafi verið að skýrsluhöfundar hafi kynnt skýrsluna ítrekað á opinberum vettvangi og tjáð um leið afstöðu sína til málefnisins.

Grétar Þór Eyþórsson, forstöðumaður RHA, vísar ásökunum fulltrúa Eyjafjarðarsveitar um hlutdrægni algerlega á bug í yfirlýsingu sem hann hefur sent frá sér. Í yfirlýsingunni segir meðal annars að skýrsluhöfundar hafi hvergi tekið afstöðu til sameiningarkosta á Eyjafjarðarsvæðinu, hvorki í skýrslunni né á öðrum vettvangi. „Það er alvarlegt mál að liggja undir ásökunum um hlutdrægni og trúnaðarbrest og harmar Rannsóknastofnunin að kjörnir fulltrúar sveitarfélags sendi frá sér svo alvarlegar ásakanir að óathuguðu máli,“ segir í yfirlýsingu Grétars. - kk

Tannhirða fólks á aldrinum 19 til 24 ára:

# Þriðjungur fer sjaldan til tannlæknis

**TANNHIRÐA** Rúmur þriðjungur fólks á aldrinum 19 til 24 ára fer sjaldan til tannlæknis, meðan 60,8 prósent fara árlega, að því er fram kemur í könnun Tannlækningastofnunar Háskólans. 2,1 prósent segjast hins vegar aldrei heimsækja tannlækninn.

Tæp 10 prósent sögðust síðast hafa farið til tannlæknis vegna boðunar í skoðun, en rúm 8 prósent fóru vegna verkja, eymsla eða óþæginda.

Athygli vekur að sama hlutfall og segist aldri fara til tannlæknis, 2,1 prósent, segist sjaldan bursta tennurnar. Rúm 58 prósent bursta hins vegar daglega og tæp 40 prósent bursta oft á dag, eftir hverja máltíð.

Rúmur helmingur aðspurðra var óánægður með tannlæknaþjónustu síðustu 10 ár og var ástæðan helst sú að hún væri of dýr, en 45,3 prósent báru því við. Aðeins 1,5 prósent kvörtuðu yfir því að erfitt væri að fá tíma hjá tannlækni og 0,9 prósent yfir því að of langt væri til tannlæknis eða enginn slíkur á svæðinu.

Könnunin var gerð árið 2000 með pósti og er liður í úttektinni Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985 til 2000.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í STÓLNUM HJÁ TANNLÆKNINUM**
Spurningalisti Tannlækningastofnunar HÍ var sendur til 800 manna slembiúrtaks fólks á aldrinum 19 til 24 ára. Svarhlutfall í könnuninni var 42,4 prósent. Í ljós kom að 70 prósent þátttakenda höfðu farið til tannlæknis fyrir sex ára aldur.

Fangabúðir á Kúbu:

## Láti af pyntingum

**KÚVEIT, AP** Forystumaður kúveisks þrýstihóps um lausn fanga Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu hvatti í gær Bandaríkjamenn til að láta af pyntingum fanga. Ummælin koma í kjölfar þess að 11 Kúveitar sem þar voru í haldi voru sendir heim.

Einn mannanna, hinn 27 ára gamli Nasser al-Mutairi, hitti yngri bróður sinn stundarkorn á flugvelli í Kúveit en var síðan fluttur í varðhald þar í landi til yfirheyrslu um veru hans og handtöku í Afganistan. Óljóst er hvenær honum verður sleppt. ■

Umferðaróhapp:

## Lán í óláni

**RÚTUSLYS** Litlu munaði að illa færi á laugardag þegar eitt af afturdekkjum stórrar vöruflutningabifreiðar hafnaði framan á rútu sem kom úr gagnstæðri átt. Óhappið átti sér stað á Fagradal, milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða, en í rútunni var knattspyrnulið Fjarðabyggðar á keppnisferðalagi til Akureyrar. Skemmdist rútan töluvert, og reyndist óökufær, en bílstjóra eða farþega sakaði ekki. Bílstjóri vöruflutningabifreiðarinnar varð ekki var við að dekkið færi undan en hringt var í hann og hann látinn vita. Kalla þurfti til rútu frá Egilsstöðum til að sækja knattspyrnuliðið.

- kk

Þjóðverjar:

## Hugsa enn í mörkum

**MUNCHEN, AP** Þremur árum eftir að Þjóðverjar skiptu úr þýskum mörkum í evrur, telur rúmur helmingur þeirra enn eftirsjá í gömlu myntinni, eftir því sem fram kemur í rannsókn sem birt var í Þýskalandi.

Um 59 prósent Þjóðverja myndu taka þýsku mörkunum aftur fegins hendi. Aðeins fleiri, eða 61 prósent eru óánægðir með nýju myntina. Einnig kom fram að 68 prósent Þjóðverja umreikna enn verð í mörk. ■

## NORÐURLÖND

**LANGTÍMASPÁR** Norska veðurstofan mun nú birta veðurspár þrjá mánuði fram í tímann. Samkvæmt norska ríkisútvarpinu hefur stofnunin haft tæknina til að gera slíkar spár í áratug, en haft efasemdir um hversu góðar þær eru. Efasemdaraddir hafa heyrst um getu stofnunarinnar að spá fyrir um veðrið þetta langt fram í tímann, ekki síst þegar þeir virðast oft eiga í vandræðum með að spá fyrir um veðurhorfur þrjá daga fram í tímann.

**STAVANGER-HÁSKÓLI** Hákon Noregskonungur hefur í Stavangri opnað fimmta háskóla Noregs. Þetta er fyrsti háskólinn sem staðsettur er í Stavangri.

**YFIRDRIFIN VIÐBRÖGÐ** Karl Gústaf, konungur Svíþjóðar, segir deilurnar um sig orðnar yfirdrifnar, eftir að hann tjáði sig í sænska dagblaðinu Dagens Nyheder um viðbrögð ríkisstjórnarinnar vegna flóðanna í Indlandshafi. Þetta er í fyrsta sinn sem hann tjáir sig um málið síðan gagnrýni Maritu Ulvskog, ritara Sósíaldemókrata, á Karl Gústaf kom fram.

**FYRST Í FRÍ** Martti Ahtisaari, fyrrum forseti Finnlands, var nýlega settur formaður rannsóknarnefndar sem á að skoða viðbrögð Finna við flóðbylgjunni í Asíu. Fyrst fer hann þó í tveggja vikna frí. Eftir því sem fram kemur í Helsingin Sanomat vissi ríkisstjórnin af fyrirhuguðu fríi, þegar hann var skipaður formaður.



360 gráður

**HVER VAR?** ZHAO ZIYANG

# Féll tvisvar í ónáð hjá kínverskum valdhöfum

Zhao Ziyang, fyrrverandi leiðtogi Kommúnistaflokksins í Kína, lést í gær, 85 ára að aldri. Zhao var um skeið á meðal valdamestu manna í þessu fjölmennasta ríki veraldar en féll í ónáð árið 1989 eftir atburðina á Torgi hins himneska friðar.

### Krókótt leið til valda

Zhao fæddist árið 1919 í landbúnaðarhéraðinu Henan. Ungur að árum gekk hann til liðs við kommúnista og innan þeirra raða reis hann fljótt til nokkurra metorða. Hann þótti nokkuð harðdrægur á yngri árum, til dæmis stýrði hann pólitískum hreinsunum á andófsmönnum á sjötta áratugnum. Í menningarbyltingunni svonefndu fékk Zhao hins vegar að kenna á eigin meðulum þegar hann féll í ónáð hjá Maó. Zhou Enlai tók hann hins vegar í sátt og gerði hann að héraðsstjóra í Sichuan en þar ríkti mikil örbirgð. Á skömmum tíma kom hann á róttækum umbótum í héraðinu og velsæld þar snarjókst. Eftir það var leiðin á toppinn greið. Deng Xiaoping gerði Zhao að forsætisráðherra árið 1980 og síðar varð hann aðalritari Kommúnistaflokksins.

### Grét með námsmönnunum

Á valdatíma sínum beitti Zhao sér fyrir efnahagsumbótum líkt og hann hafði áður gert sem héraðsstjóri. Undir hans stjórn jókst framleiðni kínversks iðnaðar umtalsvert og utanríkisviðskipti margfölduðust, ekki síst við Vesturlönd. Telja margir hagfræðingar hann hafa lagt grunninn að því hagvaxtarskeiði sem ríkt hefur í Kína undanfarin ár.



Umbótavilji hans varð Zhao hins vegar að falli því þegar námsmenn mótmæltu á Torgi hins himneska friðar vorið 1989 sýndi hann kröfum þeirra meiri skilning en félagar hans í Kommúnistaflokknum þoldu. Hann var því algjörlega mótfallinn að hervaldi yrði beitt gegn friðsömum mótmælendunum og degi áður en herlög voru sett í Peking mætti Zhao á torgið og ræddi grátandi við andófsmenn. Eftir þetta sást hann aldrei opinberlega heldur var hnepptur í stofufangelsi allt til dauðadags.

Lítið er vitað um einkahagi Zhaos. Hann var sagður stunda líkamsrækt af krafti og elska barnabörn sín. Hann var tvíkvæntur og eignaðist fjóra syni og eina dóttur.

## SPURT & SVARAÐ

SVARTFUGLSDAUÐI



ÓLAFUR K NIELSSEN

# *Heimildir um slíkt frá 1327*

Allt bendir til að svartfugl, bæði langvía og stuttnefja, sé að drepast úr hor við strendur Íslands. Þetta er fjórða árið í röð sem svartfugl drepst vegna hungurs. Náttúrufræðistofnun hefur nú beðið fuglaáhugamenn að láta vita ef þeir verða varir við dauðan eða deyjandi svartfugl. Ólafur K Nielssen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir að þetta gerist öðru hverju en svartfuglsstofninn sé mjög stór og nái að jafna sig á milli.

**Gerist þetta oft?**
„Við höfum skriflegar heimildir um svona atburði aftur til 1327 þegar segir frá því í Flateyjarannál. Þessi hrina sem nú stendur yfir byrjaði veturinn 2001-2002. Þar á undan var það 1991. Þetta eru mjög stórir stofnar, sem ná að jafna sig á milli. Á hverju ári drepast hundruð þúsunda fugla. Væntanlega eru meiri afföll þetta árið.“

**Hvernig vitið þið að þetta er hungur?**
„Fyrsta veturinn, 2001-2002, fórum við á vettvang fyrir norðan og söfnuðum deyjandi og dauðum fuglum. Þeir voru krufðir og niðurstaðan var að þetta væri hungur sem væri að drepa fuglana.“

**Er skortur á æti?**
„Bæði langvían og stuttnefjan lifa út á sjó. Við gerum okkar athuganir þegar þeir koma á land. Hvað er að gerast út á sjó vitum við ekki. Fuglarnir sýndu það bara að það var eitthvað að. Við spurðum Hafrannsóknastofnun á sínum tíma sem gat ekki bent á neitt. Það getur verið að ekki sé heppilegt æti fyrir þá, eða að ætið sé of djúpt fyrir fuglana að ná í. Þeir geta þó kafað á 100 metra dýpi.“

**Hvað étur svartfugl?**
„Aðalfæða þeirra er loðna, síld og krabbadýr sem lifa á svifinu í sjónum.“

# Ekkert fast í hendi þótt útlitið sé gott

**Vinna við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er í fullum gangi og gengur vel. Tekið hefur verið upp stjórnmálasamband við fjölda ríkja til að bæta möguleika Íslendinga í kjörinu sem verður árið 2008.**

**ALÞJÓÐAMÁL** Íslendingar hafa tekið upp stjórnmálasamband við á fimmta tug ríkja síðasta hálfa annað árið. Þetta er liður í framboðsvinnu ríkisstjórnarinnar vegna kosninga í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem haldnar verða eftir rúm þrjú ár. Möguleikar Íslendinga á sæti í ráðinu eru taldir góðir en ekkert er þó öruggt í þessum efnum.

### Langur aðdragandi

Þótt Ísland hafi átt aðild að Sameinuðu þjóðunum nánast frá upphafi höfum við aldrei setið í valdamestu stofnun þess, öryggisráðinu. Haustið 1998 ákváðu hins vegar íslensk stjórnvöld að rétt væri að stefna að því að fá þar sæti á árunum 2009-2010 og var ákvörðunin tilkynnt á allsherjarþingi samtakanna fimm árum síðar.

Fimmtán ríki sitja í öryggisráðinu, þar af eiga fimm þar fastafulltrúa en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna kýs hin ríkin tíu. Samkvæmt stofnsáttmála samtakanna skal litið til þess hvernig ríkin sem í framboði eru hafa stuðlað að varðveislu heimsfriðar og öryggis og unnið að markmiðum bandalagsins að öðru leyti. Ekki síður er reynt að tryggja að í ráðinu sitji þjóðir úr sem flestum heimshlutum. Tvo þriðju hluta atkvæða þarf til að ná kjöri í öryggisráðið en kosningarnar fara fram árið 2008.




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HJÁLMAR W. HANNESSON**
„Ef við hefðum þá ímynd innan Sameinuðu þjóðanna að við værum ósjálfstæð og ekki með eigin utanríkisstefnu þá yrði róðurinn aldeilis þungur.“

### 35 milljónir króna í baráttuna

Hjálmar W. Hannesson sendiherra er fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, en fastanefndin þar ber hitann og þungann af framboði okkar til öryggisráðsins ásamt alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Að sögn Hjálmars sinna nær allir starfsmenn nefndarinnar framboðsmálunum og hann gerir ráð fyrir að þegar nær dregur þurfi að bæta við starfsfólki vegna þessa, bæði í New York og í Reykjavík. Utanríkisþjónustan fær 35 milljóna króna fjárveitingu á þessu ári sem verja á til að styrkja stöðu Íslands í baráttunni.

Kosningabaráttan fer einkum fram með þeim hætti að íslenskir embættismenn reyna að sannfæra erlenda kollega sína um að rétt sé að greiða Íslandi atkvæði sitt. Liður í baráttunni er að stjórnmálasambandi hefur verið komið á við fleiri ríki. Hjálmar segir að frá því að hann kom til starfa í New York fyrir hálfu öðru ári hafi Ísland tekið upp samband við ríflega fjörutíu ríki þannig að nú eru aðeins um tuttugu lönd sem við höfum ekkert stjórnmálalegt samneyti við. „Samhengið er ekki alveg beint við framboðið að öðru leyti en því að við stöndum betur að vígi að hafa stjórnmála-




Útsala
10% - 70% afsláttur

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20
Sími 568 8799

Opið virka daga kl. 10 - 18,
laugardaga kl. 11 - 16.

Frumsýning í dag:

# Stærsta farþegaflugvél sögunnar

**PARÍS, AP** Airbus A380 farþegaflugvélin verður frumsýnd við hátíðlega athöfn í dag í Toulouse í Frakklandi og muna marka tímamót því hún er stærsta farþegaflugvél sögunnar.

Vélin er sett Boeing 747 vélinni til höfuðs og tekur þriðjungi fleiri farþega í sæti en keppinauturinn og hefur fimm prósent meira flugþol. Talsmenn Airbus segja að þetta geri þeim kleift að bjóða 20 prósent lægri fargjöld en Boeing. Þeir viðurkenna þó að hönnun og bygging vélarinnar hafi verið þrautaganga, kostnaður hafi farið fram úr áætlun og vélin sé þyngri en til stóð. Það hefur kostað Airbus um 120 milljarða króna að framleiða vélina sem vegur tæp 280 tonn.

Að sögn talsmanna Airbus hefur sala á vélinni farið fram úr björtustu vonum en þeir gera ráð fyrir að á næstu 20 árum verði eftirspurn eftir 1.250 Airbus vélum um allan heim. Spár benda til að fjöldi flugfarþega muni þrefaldast á sama tímabili.

Tilraunaflug á Airbus A380 hefst fyrir 1. apríl en gert er ráð fyrir að áætlunarflug hefjist á næsta ári en Singapore Airlines verður fyrsta fyrirtækið sem tekur vélina í sína þjónustu. ■

## Stærsta farþegavél allra tíma

Airbus A380 leysir Boeing 747 af hólmi sem stærsta farþegaflugvél heims. Farþegarýmið er á tveimur hæðum og tekur 555 manns í sæti. Svona eru vélarnar í samanburði.

Airbus vélin er aðeins lengri en Boeing vélin en farþegarýmið er á tveimur hæðum. Vélin er 24,3 metrar á hæð miðað við efsta punkt stélsins en Boeing 747 er 19,5 metrar á hæð.




**Airbus A380**
Farþegar: 555
Vænghaf: 79,8 metrar
*Breidd farþegarýmis:*
Efri hæð: 6,7 metrar
Neðri hæð: 5,9 metrar

**Boeing 747**
Farþegar: 410
Vænghaf: 64 metrar
Breidd farþegarýmis: 6 metrar

**Á vængjum þöndum**
Farþegarými vélanna eru sambærileg en vænghaf Airbus vélarinnar er langtum meira en Boeing.

Heimild: Airbus SAS, Boeing Co. og AP — AP



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KOSNINGARNAR HAFNAR**
Írakar ganga til kosninga í lok mánaðarins en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er þegar hafin í nokkrum löndum. Í Ástralíu hangir þetta veggspjald víða uppi þar sem fólk er hvatt til að kjósa.



**ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA**
Fimmtán þjóðir sitja í ráðinu, þar af eru tíu kosnar af allsherjarþinginu. Ísland vill komast í þann hóp.

samband við þau ríki sem við óskum eftir stuðningi hjá,“ segir hann.

**Spyrjum að leikslokum**

Íslendingar etja kappi við Austurríkismenn og Tyrki um þau tvö sæti sem eru eyrnamerkt okkar heimshluta og telur Hjálmar að möguleikar okkar séu harla góðir. „Ég er hvorki bjartsýnni né svartsýnni en ég á að vera á á þessu stigi. Það eru tæp fjögur ár í kosningar og á þessu stigi er ekki hægt að segja annað en að við eigum alveg jafngóða möguleika og hinar þjóðirnar tvær.“ Hann bendir á að Austurríkismenn hafi nokkrum sinnum setið í ráðinu og eitt sinn hafi aðalritari Sameinuðu þjóðanna komið úr þeirra röðum og Tyrkir hafi setið í ráðinu líka þótt langt sé síðan það var. Því er röðin komin að Íslendingum.

Hvert ríki fer með eitt atkvæði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, hvort sem það heitir Kína eða Nárú. Íslenskir embættismenn hafa því sérstaklega reynt að höfða til smærri þjóða í baráttu sinni. Þannig er Hjálmar nýkominn frá Indlandshafsríkinu Márítíus þar sem málaleitan hans var vel tekið. „Við erum búin að fá allmörg skrifleg loforð um stuðning, þau eru orðin eitthvað á fimmta tuginn. Á þessu stigi erum við í góðum málum en útkoman er ekki ljós fyrr en búið er að telja upp úr kössunum.“

Ef svo færi að lokum að Ísland næði kjöri stendur ekki á verkefnunum að mati Hjálmars. Hann sér fyrir sér að Ísland muni sérstaklega láta sig mannréttindi og málefni þriðja heimsins varða innan ráðsins og vísar á bug að við verðum taglhnýtingar Bandaríkjamanna á þessum vettvangi. „Ef við hefðum þá ímynd innan Sameinuðu þjóðanna að við værum ósjálfstæð og ekki með eigin utanríkisstefnu þá yrði róðurinn aldeilis þungur. Við getum þetta alveg eins og önnur ríki sem þarna hafa setið við góðan orðstír.“

Tillögur hafa verið lagðar fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem miða að því að fjölga ríkjum í öryggisráðinu sem eiga þar fasta aðild á kostnað smærri þjóða. Hjálmar segir erfitt að meta hvaða áhrif þetta gæti haft á stöðu Íslands en býst þó síður við að þessar tillögur snerti okkur um sinn, ef þær verða þá nokkurn tímann samþykktar.

Hjálmar W. Hannesson heldur erindi um þessi mál á fræðslufundi Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna, Skaftahlíð 24 í dag. Fundurinn hefst klukkan fimm og er öllum opinn.

sveinng@frettabladid.is



# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Um helgina blossuðu enn á ný upp bardagar milli Ísraela og Palesínumanna.

## Reynir á Abbas

Það eru erfiðir tímar framundan," sagði Mahmoud Abbas, forseti heimastjórnar Palestínu, þegar hann ávarpaði stuðningsmenn sína eftir að ljóst var að hann hafði unnið yfirburðasigur í forsetakosningum þar í landi fyrir rúmri viku. „Verkefni eru óþrjótandi við að byggja upp palestínskt þjóðfélag og tryggja öryggi borgaranna," sagði hann ennfremur.

Abbas bar höfuð og herðar yfir keppinauta sína í kosningunum, og sigur hans var mjög afgerandi, sem var mjög gott bæði fyrir hann og umheiminn. Sæti Arafats er mjög vandfyllt, því þrátt fyrir að ýmislegt hafi þrifist í valdatíð hans sem ekki var talið heppilegt, var hann tákn Palestínu út á við, og átti sér ákveðinn sess í heimsmyndinni. Klúturinn hans gerði sitt til þess. Fyrstu dagana eftir kjör Abbas báru margir þá von í brjósti að nú skapaðist tækifæri til þess að koma á friðarviðræðum í deilu Ísraelsmanna og Palestínumanna. Þessar vonir fengu aukið vægi þegar þær fréttir bárust að þeir hefðu ræðst við í síma, Sharon, forsætisráðhera Ísraels, og Abbas, nýkjörinn forseti heimastjórnarinnar. Sharon var þá að óska honum til hamingju með kosningasigurinn, og þeir munu jafnframt hafa ákveðið að hittast fljótlega. Leiðtogar þjóðanna höfðu þá ekki ræðst við í tæp fjögur ár, eða frá því í febrúar 2001 þegar leiðtogar Ísraelsmanna sögðu að Jasser Arafat væri ekki viðræðuhæfur á meðan hann stöðvaði ekki hryðjuverkaárásir palestínskra vígamanna.

**„Þeir sem voru hvað bjartsýnastir fyrir helgi um þróun mála eftir símtal leiðtoganna, urðu að bíta í það súra epli nú um helgina að enn á ný blossuðu upp bardagar á báða bóga.**

Auk þess sem símtal leiðtoganna vakti von í hugum margra var líka annað sem vakti von, en það var að Simon Peres skyldi enn á ný taka sæti í ríkisstjórn í Ísrael. Hann hefur verið talinn hófsamari og samningaliprari en fyrrverandi hershöfðinginn Sharon, sem virðist aldrei geta farið úr herbúningi sínum. Þó að þetta hafi vakið vonir í hugum margra, voru líka aðrir sem voru ekki eins bjartsýnir og byggðu á reynslu undanfarinna ára.

Þeir sem voru hvað bjartsýnastir fyrir helgi um þróun mála eftir símtal leiðtoganna, urðu að bíta í það súra epli nú um helgina að enn á ný blossuðu upp bardagar á báða bóga. Ísraelar gerðu árás á Palestínumenn á Gaza og felldu nokkra, og vígamenn í liði Palestínumanna skutu flugskeyti á bæ í Ísrael. Þetta er svona smækkuð mynd af þróun mála í samskiptum Ísraelsmanna og Palestínumanna á undanförnum árum og fólk er eiginlega hætt að leggja við hlustir um svo og svo marga fallna í liði hvorrar fylkingar um sig. Þetta á sérstaklega við þegar stóratburðir eru að gerast annars staðar í heiminum. Þá hefur stundum verið sagt að deilendur í Mið-Austurlöndum efni til ófriðar, bara til að minna á sig.

En það skal tekið undir með Abbas sem hann sagði í síðustu viku um erfiða tíma framundan. Kannski eru viðbrögð hans við árásum herskárra Palestínumanna á Ísraela merki um að hann ætli raunverulega að reyna að hafa hemil á sínu liði, en hann sagði að árásirnar um helgina sköðuðu málstað Palestínumanna og skipaði öryggissveitum að koma í veg fyrir þær.

Betur að satt reynist. ■


**Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði**

**SPÆNSKA**

**Prófaáfangar**

Spænska 203. Hefst 18. jan. kl. 18
Spænska 403. Hefst 20. jan. kl. 18.
Einnig spænska 103 ef næg þátttaka næst.

**Almenn námskeið**

Spænska fyrir byrjendur. Hefst 24. jan. kl. 18.00
Spænska framhald I. Hefst 24. jan. kl. 19.30
Spænska framhald II. Hefst 24. jan. kl. 21.00

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860 eða á heimasíðu skólans: namsflokkar.hafnarfjordur.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sjálfsdýrkun**

„Aldrei hafa ljósvakamiðlarnir boðið okkur upp á aðra eins laugardagsskemmtun", segir Sigurður Heiðar Jónsson í harðorðu bréfi sem Egill Helgason birtir á Vísi í gær. „Verst er þegar gamalreyndir sjónvarpsjaxlar geta ekki hamið sjálfsdýrkun sína, eins og glöggt kom fram í fallegasta og heiðarlegasta atriði þessarar makalausu samkomu, þegar fram komu tvö börn sem höfðu eytt dögum til að ganga í hús í Hlíðunum og safna fé handa nauðstöddum; afraksturinn, rúmar tvö þúsund krónur, dugir að minnsta kosti tveim fjölskyldum á hamfarasvæðunum fyrir segldúksskýli og eldunaráhöldum. Þessi fallegu og einlægu börn voru meðhöndluð eins og aukaatriði sem á ekki heima meðal alvöru fólks. Hljóðneminn var rekinn upp að nefinu á þeim í flýti og asnaleg spurning borin fram. Börn kunna ekki að svara asnalegum spurningum og þá skipti engum togum, þau voru gefin upp á bátinn og Logi Bergmann og Svanhildur ...tróðu sér fram fyrir börnin og tóku að gorta af því hvað tekist hafði að hala inn fyrir hálsbindið hans Loga".

**Ístöðulaus ráðherra?**

Ákvörðunin um stuðning við innrásina í Írak var tekin einhliða af Davíð Oddssyni og Halldóri Ásgrímssyni. Þetta upplýsti Guðni Ágústsson í fjölmiðlum um helgina. Kom svo sem engum á óvart en er óþægilegt fyrir ráðherrana sem reynt höfðu að drepa umræðunni á dreif með því að segja að „málið" hefði verið rætt áður en ákvörðun var tekin. Þá áttu þeir við að Íraksmálið hefði verið rætt en ekki ákvörðunin um stuðning sem slík. Kannski á þessi lausmælgi eftir að verða Guðna dýrkeypt. Ritstjóri Morgunblaðsins skrifar í gær um stjórnmálamenn sem „hafi ekki kjark og þor til að taka og standa við erfiðar ákvarðanir". Slíkir menn séu „ístöðulausir og á þeim sé ekkert að byggja". Til að Guðni skilji sneiðina til fullnustu er síðan í hæðnistón tekið fram að „ekkert af þessu" eigi við um „hinn kraftmikla og rammíslenska bóndason af Suðurlandi".



gm@frettabladid.is

## Árekstrar á Austurlandi

Í DAG
KÁRAHNJÚKA-VIRKJUN



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Það þarf ekki að kvarta undan fréttaþurrð eða gúrkutíð á Íslandi meðan hver uppákoman rekur aðra við álver og virkjun á Austurlandi. Árekstrar út og suður og á sama tíma sér forseti bæjarstjórnar á Austurhéraði ástæðu til að tala um sérstaka samstöðu um verkefnið, alveg frá byrjun. Það er ekki gott að segja hvort réttara er að hlæja eða gráta, sennilega er þó réttast að segja að þetta sé allt grátbroslegt.

Allt frá því að átök hófust um virkjun á Eyjabökkum hefur þetta mál undið upp á sig og oft tekið á sig hinar undarlegustu myndir. Átök um virkjun Jökulsár í Fljótsdal við Eyjabakka voru hatrammar. Þær snerust fyrst og fremst um það hvort 20 ára gamalt virkjunarleyfi væri gilt eða ekki. Á þeim 20 árum hafði hönnun virkjunarinnar breyst umtalsvert og leikreglur samfélagsins ekki síður. Mörgum þótti breytingar á hönnun virkjunar vera til bóta en eigi að síður varð niðurstaða þeirra deilna sú að leyfið væri ekki í gildi, endurskoðunar væri þörf og síðan var fallið frá virkjun þar eins og alþjóð veit. Átökin voru erfið, ekki síst í austfirsku samfélagi og hægt að tala um stríðandi fylkingar. Síðan var hafist handa við Kárahnjúka eftir miklar deilur og átök í þjóðfélaginu og frá þeim tíma hefur ekki linnt látum og árekstrum af ýmsu tagi og sér ekki fyrir endann á þeim.

**„Það er ekki gott að segja hvort réttara er að hlæja eða gráta, sennilega er þó réttast að segja að þetta sé allt grátbroslegt.**

Nýleg niðurstaða Héraðsdóms þess efnis að álver í Reyðarfirði þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum, þvert gegn úrskurði umhverfisráðherra tekur undir það sjónarmið sem varð ofan á í Eyjabakkamálinu, að leikreglur samtímans eigi að gilda. Ýmsir hafa haldið því fram að álverið þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum á nýjan leik þrátt fyrir umtalsverðar breytingar á hönnun. Þær breytingar hafi verið til bóta. Leikreglurnar eru þó skýrar. Við höfum komið okkur saman um að meta skuli umhverfisáhrif verkefna af þessu tagi og þessari stærðargráðu. Álit einstakra manna á því hvort eitthvað er betra eða verra á ekki að hafa nein áhrif þar á. Leikreglum ber að fylgja. Það þýðir ekki að standa sár og reiður frammi fyrir kastljósi fjölmiðla og segjast ekki skilja þetta. Það er enginn vandi að skilja, svona eru reglurnar og þeim ber að fylgja. Það skilur nýráðinn forstjóri álvers á Reyðarfirði og viðbrögð hans eru honum til sóma.

Það er hins vegar undarlegt að fylgjast með átökum við samtök atvinnulífsins um mannaráðningar og starfsmannahald við Kárahnjúka. Leikmaður veit ekkert hverju hann á að trúa. Þar hefði maður haldið að leikreglur væru líka skýrar en svo virðist ekki vera. Ljóst er að annað hvort túlka menn lögin hver með sínum hætti, sem þýðir að þau eru þá varla nógu afdráttarlaus, eða þeir hreinlega ljúga að okkur linnulítið og almenningur þarf að velja hverjum hann á að halda með. Slíkt er út í hött. Leikreglurnar hljóta að vera skýrar þarna líka og svo virðist sem Impregilo sé að komast upp með að ganga á skjön við samninga sem gerðir hafa verið. Ef sú er raunin verða stjórnvöld að grípa í taumana en láta ekki skammtímagróðasjónarmið og áhyggjur af einstökum atkvæðum verða þess valdandi að leikreglur séu brotnar.

Lítilvægasta dæmið um samstöðuskort var sennilega þegar forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð lýsti andstöðu sinni við búsetu forstjóra álversins í Reyðarfirði, sem hefur ákveðið að setja sig niður á Egilsstöðum með fjölskyldu sinni. Þjóðin hló og það var í sjálfu sér ágætt því svona rétt eftir jólin er oft fátt sem kætir. En í raun var þetta ekkert sérstaklega fyndið. Afstaða forsetans endurspeglaði nefnilega skort á samstöðu og það er sorglegt. Það rifjaðist líka upp að þessi sami forseti hafði ekkert á móti því að Norðfirðingur tæki við stöðu forstöðumanns Fræðsluskrifstofu Austurlands á Reyðarfirði löngu fyrir sameiningu þessara sveitarfélaga. Hann gerði heldur ekki athugasemdir við það að Reyðfirðingur var ráðinn forstöðumaður Byggðastofnunar á Egilsstöðum. Enginn annar sá heldur ástæðu til að amast við þessum ráðningum og akstri starfsmannanna tveggja milli heimilis og vinnustaðar. Þvert á móti held ég að þeim hafi báðum verið vel tekið á vinnustað.

Það er dapurlegt að enn skuli lifa í einstökum mönnum þessi hrepparígur sem árum saman hefur þvælst fyrir víða um land. Þeim mun meiri ástæða er til að gleðjast með þeim byggðarlögum sem hafa borið gæfu til að hefja sig upp fyrir slík átök og starfa saman. Vonandi eru þau fleiri en færri. ■





SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 - prentmiðlar. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.47 | 13.38 | 16.30 |
| Akureyri | 10.50 | 13.23 | 15.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heilsa o.fl.

Sölvi gefur góð ráð

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagurinn 18. jan., 18. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 121 stk.
**Keypt & selt** 23 stk.
**Þjónusta** 39 stk.
**Heilsa** 6 stk.
**Skólar & námskeið** 2 stk.
**Heimilið** 11 stk.
**Tómstundir & ferðir** 4 stk.
**Húsnæði** 12 stk.
**Atvinna** 12 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

Til sölu Skidoo MXZX 440, árgerð 1998, vél árgerð 2001, allar legur í búkka nýjar. Litur vel út og í góðu lagi. Verðhugmynd 350 þús. Uppl. í síma 869 1756.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísleifur tekur vel á því í World Class og skellir sér síðan í baðstofuna.

# Baðstofan eins og nýr heimur

***Ísleifur Þórhallsson, athafnamaður og, skemmtanahaldari heldur sér vel í formi og lætur ekki annasaman dag hafa áhrif á hollt líferni sitt.***

„Ég æfi í World Class í Laugum og er með kort sem veitir mér aðgang í baðstofuna sem er eitt það besta sem gerst hefur á Íslandi. Baðstofan hefur svo sannarlega gert lífið betra. Það er yndislegur staður og hann gerir það að verkum að ég fer oftar í ræktina. Það er góð tilfinning að vita að baðstofan bíður niðri í kjallara eftir æfingu,“ segir Ísleifur sem sparar ekki góðu orðin um stofuna. „Að koma inn í baðstofuna er eins og að koma inn í annan heim. Þar er maður í inniskóm og slopp og hefur það huggulegt. Þar eru átta eða níu mismundandi gufur með mismunandi ilmi og stemningu, pottur, bar, veitingastaður og hvíldarherbergi þar sem maður steinsofnar. Þar eru stólar og arinn og voðalega kósí. Ég fer með alla útlendinga sem ég býð til landsins í baðstofuna. Þeir eru góðu vanir en þeir eru rosalega hrifnir þegar þeir koma þangað inn.“

Þó að baðstofan sé hugguleg þá eyðir Ísleifur líka talsverðum tíma í sjálfum tækjasalnum og passar mataræðið. „Ég hleyp og lyfti. Ég er ekki með neinn þjálfara eða í neinum tímum. Ég borða líka hollan mat. Ég borða ekkert kjöt nema kjúkling og borða mikið á grænmetisstöðum eins og Grænum kosti og Á næstu grösum. Þeir gera manni svo auðvelt að taka með sér hollan grænmetismat þegar mikið er að gera því maturinn er tilbúinn á staðnum og þetta tekur enga stund. Þetta er líka bara grænmeti. Alveg rosalega gott og hollt,“ segir Ísleifur nýstiginn út af Á næstu grösum og endurnærður fyrir amstur dagsins.■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í heilsu*

**Fleiri hjartaáföll** eiga sér stað um tíuleytið á morgnana en á öðrum tímum sólarhringsins. Nýleg bandarísk rannsókn sýndi að hjartslátturinn er dægurbundinn óháð því sem verið er að gera hverju sinni. Í ljós kom að hjartslátturinn nær hámarki milli klukkan 9 og 11 á morgnana jafnvel þótt fólk sé sofandi. Þetta er talin helsta ástæða þess að fólk sem er hjartveikt fái hjartaáfall á þessum tíma dags.



**Ný þunglyndissíða** hefur verið sett upp á doktor.is þar sem sérstaklega er tekið á þunglyndi og öðrum geðsjúkdómum. Á síðunni eru lifandi umræður um þunglyndi auk þess sem ítarefni er að finna um tengda sjúkdóma. Jafnframt býðst notendum síðunnar að senda inn fyrirspurnir og þar liggja upplýsingar um hvert eigi að leita ef fólk telur sig þjást af þunglyndi.

**Rannsóknir** vísindamanna Íslenskrar erfðagreiningar hafa leitt í ljós að þeir sem bera sérstaka umhverfu á litningi 17 eignist að meðaltali fleiri börn en aðrir. Mest finnst af þessari umhverfu í Evrópubúum en hún finnst í um 20% af litningum þeirra. Til samanburðar finnst hún í um 6% af litningum Afríkumanna og 1% af litningum Asíumanna. Einkenni umhverfunnar í þjóðum Evrópu og Vestur-Asíu benda til þess að tíðni hennar hafi aukist á undanförnum árþúsundum vegna náttúruvals. Grein um rannsóknina mun birtast í febrúarhefti erfðafræðitímaritsins, Nature genetics.

*heilsa@frettabladid.is*



**Tannhirða**
Notaðu tannþráð daglega til að koma í veg fyrir tannholdsbólgur og skemmdir. Ágætt er að nota þráðinn skömmu eftir kvöldmat og bursta þá tennurnar vel í leiðinni, því gjarnan er maður of þreyttur til að vanda sig við verkið rétt fyrir svefninn. Ef maður nartar í eitthvað má ekki gleyma að bursta tennurnar aftur fyrir svefninn.




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þau Sara og Georg Ögmundsbörn reka líkamsræktarstöðina Orkuverið ásamt Halldóru systur sinni.

# Ætla að taka tonn af fitu

***Líkamsræktarstöðin Orkuverið opnaði í Egilshöllinni í Grafarvogi í haust. Stöðina reka þrjú systkini sem hafa orðið samrýmdari með rekstrinum.***

„Systur mínar, Sara og Halldóra Ögmundsdætur, reka stöðina með mér og svo sýnir náttúrlega restin af fjölskyldunni mikinn stuðning. Það er bæði gott og slæmt að vinna með systrum sínum. Þá er stundum óþarfa hreinskilni en það verða að minnsta kosti ekki varanleg vinaslit. Við höfum líka orðið samrýmdari eftir að við byrjuðum að vinna saman sem er gott mál,“ segir Georg Ögmundsson, einn af rekendum Orkuversins.

Orkuverið er á tveimur hæðum og er tækjasalurinn þrískiptur. „Á neðri hæð er íþróttasalur og herbergi fyrir mestu öskrin. Þar er pláss fyrir kraftakarlana og nauðsynleg aðstaða í alvöru líkamsræktarstöð. Þar eru bekkpressur og lóð og allt sem þarf til að iðka ólympískar lyftingar. Efri hæðin er síðan ætluð almenningi þar sem er frekar róleg og góð líkamsrækt. Það finna sem sagt allir eitthvað við sitt hæfi og fólk fer á hvora hæðina sem það vill. Síðan er tengingin við Egilshöllina mjög sterk en þar er margt hægt að gera. Þar er innanhússfótbolti, skautasvell og keilusalur á leiðinni. Maður getur beinlínis eytt deginum í Egilshöllinni,“ segir Georg en bæði hann og systur hans hafa brennandi áhuga á líkamsrækt. „Ég hef verið að keppa í aflraunum en Sara systir mín er meira í jógalínunni. Þetta er sem sagt hvor sinn póllinn og þegar tækifæri bauðst að reka líkamsræktarstöð þá ákváðum við að kýla á það.“

Orkuverið er að fara af stað með leik í samstarfi við útvarpsstöðvarnar FM 957 og Létt 96,7. „Við ætlum að verðlauna fólk fyrir að missa kíló og ætlum að taka tonn af fitu af landsmönnum. Fólk bara kaupir kort og skráir sig og vigtar sig reglulega. Síðan fær það verðlaun á þriggja kílóa fresti. En sá sem missir grammið sem kemur okkur yfir tonnið fær vegleg verðlaun. Það eru góð verðlaun í boði eins og til dæmis GSM-símar, rúm, ferðavinningar, DVD-spilarar og margt fleira. Við erum búin að fá svakalega, löggilta vigt sem mælir hvert einasta gramm,“ segir Georg og er bjartsýnn með framtíð Orkuversins sem hefur fengið góðar móttökur. ■































[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

brimborg – Taktubíl

Ford F-250 Lariat Crew Cab. Skrd. 0/'03, e. 18.000 km. 6000 cc. Diesel-Turbo. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.290.000 kr. Tilboð 3.890.000 kr. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Van. Skrd. 02/'01, e. 87.000 km. 1400 cc. Bensín. Beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. S. 515 7000.

Ford Escort Van. Skrd. 02/'00, e. 90.000 km. 1400 cc. Bensín. Beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. m. vsk. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Van. Skrd. 07/'02, e. 41.000 km. 1400 cc. Bensín. Beinskiptur. Ásett verð 940.000 kr. m. vsk. S. 515 7000.

Renault Kangoo Van. Skrd. 03/'00, e. 93.000 km. 1400 cc. Bensín. Beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. m. vsk. S. 515 7000.

Renault Kangoo Van. Skrd. 04/'00, e. 106.000 km. 1400cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. m. vsk. Tilboð 650.000 kr. m. vsk. S. 515 7000.

Hyundai Accent, skrd. 08/'99, e. 100.000 km, 1500cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. S. 515 7000.

Hyundai Starex 4x4, Skrd. 03/'01, e. 56.000 km. 2350cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 1.890.000 kr. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

VW Passat station, skrd. 03/'99, e. 127.000 km. 1600cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 940.000 kr. S. 515 7000.

Renault Laguna RT. Skrd. 10/1996, e. 135.000 km. 2000cc, beinskiptur, dráttarkrókur. Ásett verð 570.000 kr. Tilboð 470.000 kr. S. 515 7000.

Nissan Patrol Elegance, Skrd. 01/'04, e. 34.000 km. 3000cc, diesel, sjálfskiptur, 35" breyttur. Ásett verð 4.590.000 kr. S. 515 7000.

Volvo S60 LPT-Turbo. Skrd. 02/'04, e. 9.000 km. 2000cc, sjálfskiptur, leður og margt fl. Ásett verð 3.630.000 kr. Tilboð 3.090.000 kr. S. 515 7000.

Honda Civic VTI V-Tec, skrd. 09/'99, e. 123.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 980.000 kr. S. 515 7000.

Opel Vectra, skrd. 03/'99, e. 106.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 690.000 kr. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 10/'02, e. 59.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.070.000 kr. Tilboð 1.870.000 kr. S. 515 7000.

Citroen Xsara Picasso, skrd. 10/'02, e. 62.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.470.000 kr. Tilboð 1.290.000 kr. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

MMC Space Star, skrd. 03/'00, e. 113.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 750.000 kr. Tilboð 590.000 kr. S. 515 7000.

Daewoo Nubira SX Station, skrd. 11/'98, e. 124.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 430.000 kr. S. 515 7000.

Opel Astra station, skrd. 01/'02, e. 71.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.390.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. S. 515 7000.

Lexus GS-300 EXE, skrd. 05/'03, e. 22.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 4.350.000 kr. Tilboð 3.890.000 kr. S. 515 7000.

Ford Focus Ghia, skrd. 11/'99, e. 110.000 km, 1600cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. S. 515 7000.

Ford Escort CLX Station, skrd. 02/'97, e. 92.000 km. 1400cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 390.000 kr. S. 515 7000.

Opel Vectra CD station, skrd. 05/00, e. 84.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.210.000 kr. Tilboð 890.000 kr. S. 515 7000.

Renault Megane Berline, skrd. 05/'96, árgerð 1997, e. 140.000 km, 1400 cc, beinskiptur. Ásett verð 490.000 kr. Tilboð 299.000 kr. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Ford Mondeo Ghia, skrd. 02/'03, e. 14.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.220.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. S. 515 7000.

Renault Laguna, skrd. 09/'96, e. 103.000 km. 2000cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. S. 515 7000.

Daihatsu Sirion 4x4, skrd. 10/'01, e. 65.000 km, 1300cc, bensín, sjálfskiptur. Ásett verð 970.000 kr. S. 515 7000.

Opel Corsa, skrd. 06/'99, e. 113.000 km. 1200cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 399.000 kr. S. 515 7000.

MMC Lancer GLXI station, skrd. 08/'97 árgerð 1997, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. S. 515 7000.

Citroen Xsara SX, skrd. 11/'01, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.040.000 kr. S. 515 7000.

Saab 95, skrd. 09/'99, e. 87.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.890.000 kr. Tilboð 1.690.000 kr. S. 515 7000.

Ford Focus station, skrd. 02/'00, e. 72.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Nissan Terrano, skrd. 07/'95, e. 110.000 km, 3000cc, V6, sjálfskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 650.000 kr. S. 515 7000.

Mazda 323, skrd. 01/'97, e. 103.000 km, 1500cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 490.000 kr. S. 515 7000.

Opel Vectra, skrd. 03/'99, e. 82.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 970.000 kr. Tilboð 770.000 kr. S. 515 7000.

Ford Fiesta Trend, skrd. 08/'02, e. 35.000 km. 1400cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. Tilboð 990.000 kr. S. 515 7000.

Opel Astra-G station, skrd. 11/'00, e. 65.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. Tilboð 880.000 kr. S. 515 7000.

Citroen C3, skrd. 09/'02, e. 52.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. Tilboð 999.000 kr. S. 515 7000.

Lexus IS-200, skrd. 12/'03, e. 8.000 km, 2000cc, 6-cyl., bensín, sjálfskiptur. Ásett verð 2.820.000 kr. S. 515 7000.

Daihatsu Gran Move, skrd. 06/'00, e. 55.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 690.000 kr. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Subaru Legacy, skrd. 03/'03, e. 34.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.250.000 kr. Tilboð 1.890.000 kr. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

Subaru Impreza GL 4WD 4/2003 ssk. ek. 43 þús. ABS cd. ofl. Verð 1.790 þús. Bílalán 1.240 þ./ 24 þ. á mán.

Suzuki Ignis 4x4 6/2003 5 gíra ek. 30 þús. ABS álf. cd. ofl. Verð 1.250 þús. Bílalán 830 þ./16 þ. á mán.

Kia Grand Sportage 4x4 5/2002 5 gíra ek. aðeins 47 þús. ABS álf. samlæs. ofl. Verð 1450 þús.

Honda Jazz LSI 1400 6/2003 5 gíra ek. 35 þús. ABS cd. fjarst. samlæs. þjónustubók ofl. Verð 1.260 þús.

Toyota Rav-4 2wd 12/2001 5 gíra ek. 62 þús. ABS cd. dr. kúla ofl. Verð 1390 þús.

Nissan Patrol Elegance Turbo Diesel 6/2001 ssk. ek. 119 þús. ABS, leður, topplúga ofl. Verð 3.190 þús. Bílalán 2.040 þús. 46 þ. á mán.

Tek að mér þrif á sameignum. Vönduð vinna. MG þrif sími 663 9504.

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf.
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og faglega þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Meindýraeyðing heimilanna. Öll meindýraeyðing f. heimili og húsfélög. Skordýragreining, sérfræðiráðgjöf. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

STEINSTEYPUSÖGUN KJARNABORUN
• MÚRBROT
• MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarflöt 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

**Múrvinna.**
Flísalagnir, múrviðgerðir, almenn múrvinna, flotlagnir, múrklæðning. Fljót og góð þjónusta. Múrklæðning ehf. S. 848 2576.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

póst húsið

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv. Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

Á virkum dögum:
**101-14** Hverfisgata
**101-17** Bárugata
Stýrimannastígur
**101-22** Hávallagata
Túngata
**101-23** Marargata
Unnarstígur
Öldugata
**101-32** Bauganes
Fáfnisnes
Skeljanes
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti
Lækjargata
Pósthússtræti
Tryggvagata
**101-54** Bjargarstígur
Spítalastígur
Týsgata
Óðinsgata
**101-59** Öldugata
**104-02** Brúnavegur
Dyngjuvegur
Kleifarvegur
Kleppsvegur
Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-06** Hjallavegur
Hólsvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-08** Langholtsvegur
**104-09** Langholtsvegur
**104-15** Karfavogur
Nökkvavogur
**104-23** Goðheimar
**104-25** Drekavogur
Efstasund
**105-04** Háteigsvegur
**105-07** Flókagata
**105-31** Bugðulækur
Kirkjusandur
Laugalækur
**107-05** Kaplaskjólsvegur
Víðimelur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur
Reynimelur
Víðimelur
**107-09** Grímshagi
Lynghagi
Starhagi
**107-12** Fornhagi
Kvisthagi
Neshagi
**107-14** Faxaskjól
Sörlaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur
Nesvegur
**108-19** Sogavegur
**109-19** Klyfjasel
Kögursel
**111-09** Suðurhólar
**113-02** Maríubaugur
**200-02** Kópavogsbraut
Þinghólsbraut
**200-08** Bakkabraut
Hafnarbraut
Kársnesbraut
Vesturvör
**200-11** Hraunbraut
Kársnesbraut
**200-15** Auðbrekka
Laufbrekka
Lundur
Nýbýlavegur
**200-16** Langabrekka
Lyngbrekka
**200-18** Melaheiði
Tunguheiði
Álfhólsvegur
**200-35** Bjarnhólastígur
Digranesvegur
Hátröð
Víghólastígur
**200-52** Austurgerði
Hófgerði
Kastalagerði
**200-54** Álfhólsvegur
**210-31** Brekkubyggð
**210-33** Ásbúð
**220-32** Hamarsbraut
Hellubraut
Hlíðarbraut
Holtsgata
Hringbraut
Suðurgata
**221-18** Blómvellir
Burknavellir
**225-01** Austurtún
Blátún
Hátún
Skólatún

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Uppsetning og viðhald á netkerfum og tölvum. Þekking og reynsla. T&G S. 696 3436.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Til sölu tölva-Pentium 4 2,8 m/19" skjá. Rosa vél. Verð 60 þús. Á sama stað Lancer '89, þarfnast lagfæringar. Verð 50 þús. Uppl. í s. 659 3468.

## Spádómar

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil og bolla, ræð drauma, gef góð ráð. Tek fólk heim. Engar tímatakmarkanir. S. 891-8727, Stella.

## Skemmtanir

Hljómsveitin "Æði" tekur að sér að spila á þorrablótum, árshátíðum og öðrum samkomum. Örfáar helgar lausar. Umboðssími 821 4505 Jón Þór.

## Iðnaður

Parket til sölu! eik rustic, stafaparket, niðurlímt, fullslípað. Með lakki eða olíu. Verð 6000 á fm m/vsk. S. 847 1481.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsnæðum ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

2 röskir húsasmiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 553 2171 & 534 8555.

Húsasmiður með alhliða reynslu getur bætt við sig verkefnum úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 848 2680.

**Húsasmíðameistari**
getur bætt við sig verkefnum í uppslætti og allri almennri trésmíði. Er með mót og krana. Uppl. í s. 698 2261.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

PÍPULAGNIR
ÖRUGG OG LIPUR ÞJÓNUSTA
Sími 699 0100/ 567 9929
ALMENNA PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTAN

Það er óþarfi að hýrast í kuldanum yfir jólin! Hringdu Steina pípara. Gleðileg Jól. S. 699 0100 & 567 9929.

**Almenn rennismíði**
Viðgerðir/viðhald. Áralöng reynsla, vönduð vinnubrögð.
**Renniverk ehf, Súðarvogi 9 Sími 869-1933 & 563-2563**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Rafbylgjumælingar
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dag-batnandi.topdiet.is s. 557 5446 & 891 8909, Ásta.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Barnið

**Barnshafandi konur!**
Yoga fyrir ykkur, liðkandi, styrkjandi, sérstök öndun og slökun. Yogastöðin Heilsubót Síðumúla 15. S. 694 6103.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Whirlpool ísskápur/frystiskápur. 50/50. H 1.85 m. Verð 30 þús. Uppl. í s. 864 1243.

Til sölu ísskápur kr. 10.000, uppþvottavél, kr. 5.000. Uppl. í síma 567 4717.

Viltu vinna sjálfstætt?
Á flottri snyrtistofu á Laugaveginum er frábær aðstaða til leigu fyrir starfsemi tengda snyrtistofu.
Snyrtistofan Helena Fagra í 11 ár.
Laugavegur 163.
Sími 561-3060 899-2232.
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur yfir sófa og stóla. Opnunartími, mánudaga til fimmtudaga 15-18:30. www.sofalist.is Síðumúli 20 2. hæð s. 553 0444.

## Barnavörur



Útsalan hafin 20-50% afsláttur. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 og Hverafold 1-3. Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Gullfallegur Silver Cross barnavagn með bátalagi. S. 848 3773.

## Dýrahald



Yndislegir Chihuahua hvolpar til sölu (4stk), ættbókafærðir og heilsufarskoðaðir. Einstaklega ljúfir og góðir, verð 125.000. Uppl. í síma 699 0966 og 659 4402.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

## Ýmislegt

Tökum að okkur heimilisþrif og flutningsþrif. Uppl. í símum 820 9622 & 824 2706.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn

**Frönsk sveitasæla**
Stórglæsilegt hús í hjarta Frakklands til leigu fyrir stóra fjölskyldu eða hópa í Búrgúndí. Stutt í frábær vínsvæði og besta útsölumarkað með merkjavöru í Frakklandi. Golfvöllur, tennisvöllur, vatnasport o.fl. í næsta nágrenni. Getum útvegað frábæran kokk á viðráðanlegu verði. Nánari upplýsingar: myllaniburgundy.tk eða s. 554 4035.

## Fyrir veiðimenn

GORE-TEX
GORE-TEX MÆLIR MEÐ TERMO
HEITUR OG ÞURR Í termo
SPORTVÖRUGERÐIN
Skipholt 5, 562 8383

SKOT
EXPRESS
ELEY
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383

www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

Tek að mér járningar, er lærður frá Danmörku. Vönduð og góð vinnubrögð. Uppl. í s. 849 9139.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar. Akranes nýjar íbúðir; 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir. Til afhendingar í Febrúar. S. 517 3440.- www.leigulidar.is

Herbergi til leigu í Vesturbæ, Kópavogs. M/ dyrasíma, ísskáp, örbylgjuofni, fataskáp, sjónvarps -og símatenglum, svefnbekk og stólum. Verð 20. þús. á mánuði + 20 þús. í tryggingu. Uppl. í s. 896 5838.

Lítil stúdíóíbúð fyrir reglusaman eldri einstakl. á svæði 108 við Vogahverfi til leigu. Verð 34 þús. Aldurstakmark 25 ára, ekki börn. Uppl. í s. 898 7868 milli 11 og 16.

Til leigu ca 150 fm raðhús m/bílskúr í 1-2 ár á sv. 112 frá 1. feb. S. 865 6660.

Stór stúdíó íbúð fullbúin hússgögnum á sv. 105. Verð 60 þús. á mán. Laus. Sími 899 1525.

Til leigu 2ja herb. á sv. 170. Laus, 70 þ. m. hússj. Uppl. veitir Óli í s. 690 0820.

Til leigu er 2ja herb. kjallaraíbúð á svæði 105. Er laus. Uppl. í síma 820 2092.

## Húsnæði óskast

38 ára tölvufr. óskar eftir studio/2ja herb íbúð í RVK Langtímaleiga S. 517-4505

Par með 2 börn óskar eftir 3ja herb. íbúð í Hafnarfirði. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í s. 848 4072.

## Atvinnuhúsnæði

Ártúnshöfði: Snyrtilegt ca. 100 m≤ skrifstofu- og lagerhúsnæði til leigu. Sérinngangar. Uppl. í s. 896 4495.

Bílskúr eða lítið atv. húsnæði óskast til leigu á jarðhæð. Traustar greiðslur og góð umgengni. S. 660 7560.

Verkamannafélagið Hlíf

# Allsherjaratkvæðagreiðsla

Tillögur uppstillinganefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga og stjórn sjúkrasjóðs félagsins fyrir árið 2005 liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með mánudeginum 17. janúar 2005. Kosið er samkvæmt B-lið 22.gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. Varaformann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára.
2. Þrjá varamenn í stjórn til tveggja ára.
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 24. janúar 2005 og er þá framboðsfrestur útrunninn. Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

**Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar.**

## Geymsluhúsnæði




**Tengslaviðskipti**
Erum að byggja upp netviðskipti á Alþjóðavettvangi. Leitum að áhugasömu fólki sem er tilbúið að vinna með okkur og verða hluti að öflugri liðsheild. Þetta er eingöngu fyrir fólk sem vill ná árangri. Áhugasamir hafið samband í síma 862 9055.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Starfsfólk óskast á Matstofu Kópavogs í hlutastarf á daginn. Uppl. gefur Ragna í síma 863 8110.

Úra- og skartgripaverslun óskar eftir starfsmanni til afgreiðslustarfa í fullt starf auk helgarvinnu. Uppl. í síma 821 1308.

Ert þú góður sölu-maður/kona ? Fjarkennsla ehf. óskar eftir hörkuduglegu sölufólki. Góð laun í boði. Almenn tölvuþekking skilyrði. Nánari uppl. í síma 511 4510.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Langar þig að vera með í skemmtilegu og gefandi starfi?**
Er að leyta að einstaklingum sem vill kynna og selja náttúrulegar hárhúð og heilsuvörur og förðunarlínuna Unique frá Volare. Volare býður þér verðlaunaðar vörur úr hæðsta gæðaflokki, námskeið, persónulegt samband við leiðtoga þinn, persónulegan frama og m.fl.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 eða volare@centrum.is**

**10-11 FULLT STARF !**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar. Á daginn eða á næturnar. Næturvinnan getur hentað skólafólki. Umsækjendur skulu vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

## Atvinna óskast

Dugleg, reyklaus 18 ára kvk. óskar eftir vinnu með skóla og í sumar. Anna s. 694 7640.

Ungur maður með lyftara og meirapróf óskar eftir vinnu. Reyklaus. Uppl. í s. 865 7381.

19 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir kvöld og helgarvinnu, opinn fyrir öllu. Sími 867 9647.

## Viðskiptatækifæri

Viltu kynna þér viðskiptatækifæri ShapeWorks/Herbalife? www.heilsufrettir.is/newlife

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Skíðaskór töpuðust**
Glænýir Atomic skíðaskór töpuðust í Fákafeni, enn í kassanum. Finnandi vinsamlegast hringi í 690 1306.

## Tilkynningar

**800 6767.**
Allar pizzur á matseðli á aðeins **1000 kr**. sótt. Frítt gos með öllum heimsendingum. Frábær hádegistilboð virka daga !
**Pizza Austurver. Háaleitisbraut 68.**
**Sími 800 6767.**

## TIL SÖLU




## GREIÐSLUÁSKORUN

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

**Gjöldin eru: Staðgreiðsla og tryggingagjald sem fallið hafa í eindaga til og með 17. janúar 2005, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 17. janúar 2005 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. janúar 2005 á staðgreiðslu, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda utan staðgreiðslu, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, slysatryggingagjaldi ökumanna, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skemmtanaskatti og miðagjaldi, virðisaukaskatti af skemmtunum, tryggingagjaldi af skipshöfnum ásamt skráningargjöldum, búnaðargjaldi, iðgjaldi í lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum og útflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og verðbótum á ógreitt útsvar, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjaldi, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:**

tekjuskattur, útsvar, aðstöðugjald, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, þróunarsjóðsgjald, kirkjugarðsgjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddur barnabótaauki og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 11.500 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.200 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. janúar 2005.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Gjaldheimta Vestfjarða
Gjaldheimta Austurlands
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum

# Borgarstjóri í góðum málum – eða hvað?

**UMRÆÐAN**
MÁLEFNI FATLAÐRA BARNA



**GERÐUR AAGOT ÁRNADÓTTIR**

Það var athyglisvert að sjá vitnað til þess í Morgunblaðinu í síðustu viku að borgarstjórinn í Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, hefði í umræðum á Stöð 2 hinn 6. janúar sl. státað sig af því að fötluð börn hefðu aðgang að frístundaheimilum við grunnskóla Reykjavíkur og borgin væri því að veita þjónustu sem önnur sveitarfélög veittu ekki. Formaður Félagsmálaráðs Seltjarnarness var óhress með aðdróttanir borgarstjóra í garð nágrannanna. Ekki sá ég viðtalið við Steinunni Valdísi sem vitnað er í en umræðan fannst mér athyglisverð, ekki síst í ljósi þess hversu erfiðlega hefur gengið að fá Reykjavíkurborg til samstarfs um þetta verkefni undanfarin ár. Það er því jákvæð breyting ef borgin er farin að sjá frístundaheimili fyrir fötluð börn sem verkefni til að vera stoltur af og vonandi að sú þróun haldi áfram.

Þannig hefur það nefnilega ekki alltaf verið og barátta foreldra fyrir því að tryggja nemendum bæði í 1.-4. bekk Öskjuhlíðarskóla og eldri bekkjum skólans slíka þjónustu hefur verið þyrnum stráð og foreldrar talað fyrir daufum eyrum borgarinnar. Í áætlunum Reykjavíkurborgar við uppbyggingu frístundaheimila var ekki gert ráð fyrir nemendum Öskjuhlíðarskóla, sennilega vegna þess að þau eru fötluð. Starfsemi frístundaheimilis fyrir þennan aldurshóp var ekki tryggð fyrr en eftir að Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla sendi erindi til borgarráðs í maí 2004 þar sem lögsókn var hótað ef borgin mismunaði nemendum á grundvelli fötlunar.

Hvað nemendur í 5.-10. bekk Öskjuhlíðarskóla varðar hefur baráttan fyrir því að tryggja þeim frístundaheimili verið enn erfiðari og leystist ekki fyrr en félagsmálaráðherra ákvað að setja fjármuni til þessa verkefnis á haustdögum 2004. Ákvörðun Reykjavíkurborgar um að bjóða nemendum 5.-10. bekkjar upp á frístundaheimili veturinn 2004-2005 var ekki tekin fyrr en í september 2004. Afleiðingin varð sú að illa gekk að fá starfsfólk í vinnu og veturinn hefur verið bæði nemendum og fjölskyldum þeirra erfiður. Það er hins vegar bjartara framundan, fleiri börn eru að fá þjónustu og starfsfólk ÍTR í frístundaheimilinu stendur sig frábærlega. Það er því von okkar að hér eftir verði stöðugleiki í starfsemi frístundaheimilanna í Öskjuhlíðarskóla og að það starf dafni og þróist í framtíðinni.

En hvað um fötluð börn í 5.- 10. bekk í öðrum grunnskólum Reykjavíkur? Reykjavíkurborg starfrækir ekki frístundaheimili fyrir þessi fötluðu börn þó ráðamenn borgarinnar viti að þörfin er brýn. Skortur á heilsdagsúrræðum fyrir fötluð börn í grunnskólum borgarinnar er eitt af því sem hindrar það að ìskóli án aðgreiningarî, skóli þar sem öll börn eiga möguleika á að njóta sín á eigin forsendum, nái brautargengi. Þetta veit Reykjavíkurborg en skortir vilja til að breyta. Ráðamönnum borgarinnar er einnig fullljóst að meðan ekki er boðið upp á frístundaheimili fyrir fötluð börn búa fjölskyldur þeirra við skerta möguleika til náms og starfs og slíkt hefur óneitanlega áhrif á fjárhagsstöðu þessara fjölskyldna. Jafnréttis- og fjölskyldustefna borgarinnar nær því ekki til þessa fólks.

Foreldrar fagna af heilum hug þeim áföngum sem náðst hafa varðandi þjónustu frístundaheimila ÍTR við fötluð börn en mikið starf er þó óunnið til að öll börn njóti slíkrar þjónustu og brýnt að sú uppbygging sem nú er hafin haldi áfram.

Því ber einnig að fagna að ÍTR hefur verið falið að sjá um þessa starfsemi enda er sú hugmyndafræði sem starfsmenn ÍTR starfa eftir meðal fatlaðra barna til eftirbreytni.

Ég skora á Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra að beita sér fyrir því að öll fötluð grunnskólabörn í Reykjavík njóti þjónustu frístundaheimila óháð aldri og óháð því hvaða skóla þau sækja og stuðla þannig að jöfnum rétti allra nemenda borgarinnar og fjölskyldna þeirra. Þegar það mál er komið í höfn getur borgarstjóri borið höfuðið hátt og verið stolt af starfsemi frístundaheimila borgarinnar sem þá stuðla að því jafnrétti sem starfsemi þeirra byggist á. Það er einnig von mín að önnur sveitarfélög landsins taki þessari áskorun og byggi upp skóladagvistarþjónustu við hæfi þeirra einstaklinga sem þjónustunnar þarfnast.

*Höfundur er læknir, foreldri fatlaðs barns og formaður Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla.* ■

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Aðgát skal höfð

**Borghildur Ragnarsdóttir, hjúkrunarforstjóri Víðiness, hjúkrunarheimilis aldraðra, skrifar:**

Höggvið þótti mér í sama knérunn þegar ég las viðtal við fyrrverandi starfsmann í Víðinesi, hjúkrunarheimili aldraðra, Eirík Kjartansson, sem birtist í DV þann 13. janúar síðastliðinn. Mér er bæði skylt og ljúft að standa vörð um og vera málsvari íbúa á heimilinu fyrr og síðar. Það er sárt til þess að vita þegar starfsmaður bregst starfsskyldum sínum með slíkum hætti eins og raun ber vitni. Ég vil minna fyrrverandi starfsmann á þagnarskyldu þá sem hann ber gagnvart einkahögum heimilismanna samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga og hann hefur skrifað undir við upphaf starfs við heimilið. Þagnarskylda þessi helst áfram þótt heimilismaður látist eða starfmaður hætti störfum á heimilinu.

Af sömu ástæðum get ég ekki tjáð mig um einkahagi heimilismanna í fjölmiðlum. Ég get aftur á móti fullyrt að hjúkrunarheimilið hefur á að skipa góðu og samhentu starfsfólki sem tekur fullan þátt í að skapa þá umgjörð og heimilisbrag að heimilismönnum geti liðið sem best. Ennfremur leggjum við áherslu á að halda góðum samskiptum við ættingja þeirra sem hér búa og hafa treyst okkur fyrir að annast sína nánustu. Þannig skyldi aðgát höfð í nærveru sálar og fyrrverandi starfsmaður ekki reyna að bjarga eigin skinni á kostnað þess sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér.

**AF NETINU**

## Össur, Ingibjörg eða....

Þegar rætt er um næsta formann Samfylkingarinnar koma vanalega þessi tvö nöfn upp á yfirborðið, Ingibjörg og Össur. Össur er fínn í innra starfinu en nær ekki ekki til almennings. Ingibjörg Sólrún hafði mikil áhrif á fylgisaukningu Samfylkingarinnar í síðustu kosningum þegar margir kusu flokkinn til að koma henni sem einstaklingi inn á þing. Maður veltir því fyrir sér hvort hún sé ekki einmitt til þess fallin að koma flokknum úr kjörgengi, ná til þess hóps jafnaðarmanna sem kýs aðra flokka í reiðileysi sínu og stýra Samfylkingunni til sigurs.

En er kannski einhver annar möguleiki í stöðunni? Nei annars, umorðum spurninguna, væri það kannski ágætis kostur fyrir flokkinn ef þriðji möguleikinn væri til staðar? Gæti verið, en sá aðili þyrfti að vera laus við fortíðarflækjur Ingibjargar og Össurar, laus við tengslin við gömlu flokkana. Sannur Samfylkingarmaður en ekki krati, allaballi eða femínisti í nýjum pólitískum búningi. En ef slíkt er ekki mögulegt þá er þetta spurningin um Össur eða Ingibjörgu, kjörgengi eða hugsanlega eitthvað meira. Og ef sú verður raunin, þá kýs ég meira.

**Haukur Agnarsson á sellan.is**

Nýr vetrarbæklingur Saga Boutique
kominn í loftið




Náðu þér í eintak á www.sagaboutique.is
söluskrifstofu Icelandair sími 50 50 100 eða á ferðaskrifstofum.
Safnaðu vildarpunktum, verslaðu í Saga Boutique.
Tollfrjálst skýjum ofar
DKNY 3329
Verð 8.400 kr
SAGA BOUTIQUE
Tollfrjáls verslun skýjum ofar




Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!
Alicante
Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!
Netverð frá
19.950 kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.
Flugáætlun
19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.
Fyrstir koma - fyrstir fá!
Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.591 **+1,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 385
**Velta:** 2.271 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Síminn** | 6,25% | **Flugleiðir** | -1,68% |
| **Nýherji** | 3,14% | **HB Grandi** | -1,27% |
| **KB banki** | 2,19% | **Bakkavör** | -1,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 +1,24% ... Atorka 5,82 +0,17% ... Bakkavör 25,40 -1,17% ... Burðarás 12,80 +1,19% ... Flugleiðir 11,70 -1,68% ... Íslandsbanki 11,40 – ... KB banki 489,50 +2,19% ... Kögun 47,40 – ... Landsbankinn 12,65 +0,80% ... Marel 53,40 +1,71% ... Medcare 6,00 -0,83% ... Og fjarskipti 3,54 – ... Samherji 11,35 +0,44% ... Straumur 10,00 +0,50% ... Össur 84,50 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Norskt píramídaeignarhald

Í nýjasta hefti Vísbendingar er meðal annars fjallað um píramídaeignarhald. Þetta eignarhald er vel þekkt frá tímum Kolkrabbans, þegar ráðandi eignarhlutur í Eimskipafélaginu dugði til að ráða fjölmörgum öðrum félögum í gegnum ýmiss konar gagnkvæmt eignarhald.



Í greininni í Vísbendingu kemur fram að samkvæmt könnun ritsins séu um 23% stærstu fyrirtækja hér á landi með slíkt eignarhald. Meðaltal í Vestur Evrópu er 25,4 prósent að því er fram kemur í greininni. Það kemur nokkuð á óvart að slíkt eignarhald er algengast í Noregi eða 54 prósent. Norðmenn skera sig nokkuð úr í regluverki í viðskiptum og meiri hömlur eru þar en víðast hvar annars staðar. Forsvarsmenn íslensks atvinnulífs hafa einmitt varað við að fyrirmyndir við reglusetningu viðskiptalífsins verði sóttar til Noregs.

### Þekkingin bókuð

Samtök iðnaðarins halda málþing í dag í tilefni af menntadegi iðnaðarins. Yfirskriftin er mannauður, þekking, menntun. Atvinnulífið hefur í vaxandi mæli beint sjónum sínum að þessum þáttum. Í þekkingu innan fyrirtækis búa mikil verðmæti sem máli skiptir hvernig á er haldið.
Meðal frummælanda á þinginu er Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Tölvumiðlunar. Hann mun rekja hvernig beita megi þekkingarreikningsskilum til þess að rækta og varðveita mannauð og þekkingarauð í fyrirtækjum. Víða í stærri fyrirtækjum hefur verið ráðist í að skrá þekkingu sem býr í fyrirtækinu með skipulegum hætti, bæði til þess að slík þekking fari ekki út úr fyrirtækinu og eins til þess að átta sig á því hvaða þekkingu þurfi að auka innan þess.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Gengi krónunnar** styrktist á markaði í gær og hefur krónan ekki staðið sterkari á gjaldeyrismarkaði í fjögur og hálft ár.

Markaðir í Bandaríkjunum voru lokaði í gær en þar var haldið upp á fæðignardag **Dr. Martin Luther King**.

Í Bretlandi hækkaði **FTSE vísitalan** um 0,54 prósent í gær. Þýska **Dax vísitalan** hækkaði um 0,31 prósent og í Japan hækkaði **Nikkei** um 0,43 prósent.

Á vef **Vinnumálastofnunar** í gær kom fram að atvinnuleysi í desember hafi verið 2,7 prósent. Í desember 2003 var atvinnuleysið 3,1 prósent en 3,0 í sama mánuði árið 2002.

# Gerir yfirtökutilboð í breskt netfyrirtæki

**Félag Björgólfs Thors í Lundúnum, Novator, sækist eftir að kaupa QXL Ricardo.**

Björgólfur Thor Björgólfsson er aðili að yfirtökutilboði í breska netfyrirtækið QXL Ricardo.

Fyrirtæki Björgólfs Thors í Lundúnum, Novator, styður tilraun hollenska félagsins Florissant til yfirtöku á félaginu en stjórnendur QXL telja tilboð félagsins of lágt. Sökum þess að stjórn QXL Ricardo er mótfallin tilboði Florissant telst tilraun félagsins til yfirtöku vera fjandsamleg.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

**FJÁRFESTIR Í NETFYRIRTÆKI** Félag Björgólfs Thors í Lundúnum er aðili að yfirtökutilboði í breskan uppboðsvef.

Stjórn QXL á einnig í viðræðum við annan hóp, Tiger Acquisition, sem gert hefur tilboð í reksturinn. Tilboð Tiger var 700 pens á hlut en tilboð Florissant er 800 pens á hlut. Báðum tilboðunum var hafnað eftir því sem fram kemur í umfjöllun á vefsíðu Times í Lundúnum.

QXL Ricardo var metið á um tvö hundruð milljarða króna fyrir fjórum árum áður en netbólan brast. Miðað við tilboð Björgólfs og félaga er fyrirtækið nú um 1,6 milljarða króna virði. Rekstur QXL hefur lengstum skilað miklu tapi en töluverður viðsnúningur hefur orðið í rekstrinum á síðustu misserum.

**- þk**






FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LÆTUR AF STÖRFUM Í VOR** Sigurður Helgason lætur af störfum sem forstjóri Flugleiða í vor eftir tuttugu ár í forstjórastóli. Hann segist skilja við félagið með góðri samvisku.

# Engin lognmolla framundan hjá Flugleiðum

**Sigurður Helgason lætur af störfum í vor eftir tuttugu ár á forstjórastóli. Hannes Smárason verður starfandi stjórnarformaður og hyggur á áframhaldandi útrás Flugleiða. Sigurður verður félaginu áfram til ráðgjafar.**

Sigurður Helgason lætur af störfum sem forstjóri Flugleiða í lok maí. Þá mun hann hafa setið í forstjórastóli Flugleiða í tuttugu ár. Í tilkynningu frá Flugleiðum kemur fram að Sigurður hafi kynnt stjórn félagsins ákvörðun sína á stjórnarfndi í gærmorgun.

Hlutverk Hannesar Smárasonar stjórnarformanns breyttist einnig í gær og er hann nú starfandi stjórnarformaður félagsins. Sem slíkur hefur hann mun meiri afskipti af daglegum rekstri fyrirtækisins og hann mun beina kröftum sínum að útrásarverkefnum og fjárfestingum. Hann segir ýmis verkefni vera í burðarliðnum.

Hannes segir sátt hafa ríkt um starfslok Sigurðar og að félagið muni áfram njóta krafta hans sem ráðgjafa samkvæmt samkomulagi sem við hann hefur verið gert. „Það er alltaf gott þegar menn hafa tækifæri til að hætta á toppnum," segir Hannes og segir Sigurð skilja við mjög gott bú eftir tuttugu ár í forstjórastóli fyrirtækisins.

Hugsanlegt er að brotthvarf Sigurðar kunni að marka upphafið á frekari skipulags- og mannabreytingum í rekstri Flugleiða. Líklegt er að áhersla á fjárfestingar og útrás fyrirtækisins aukist og hugsanlega verður reksturinn á Íslandi einfaldaður með sölu eininga.

Hannes segir hins vegar að engar slíkar ákvarðanir hafi verið teknar. Hann segir það stefnu félagsins að starfa sem eignarhaldsfélag fyrir margvíslega starfsemi og einingar innan samsteypunnar séu ætíð til athugunar.

Hann segir ennfremur að ýmislegt sé í pípunum um áframhaldandi vöxt fyrirtækisins. „Það verður engin lognmolla í rekstri fyrirtækisins," segir hann. Hins vegar sé of snemmt að segja nokkuð til um í hverju næstu verkefni fyrirtækisins verða fólgin. Fjárfesting félagsins í EasyJet hefur skilað Flugleiðum mjög góðum ágóða og líklegt er að Flugleiðir leiti víða tækifæra til fjárfestingar.

Sigurður segir engan ágreining hafa verið um stefnu fyrirtækisins milli sín og helstu eigenda. Honum hafi hins vegar þótt þetta vera góður tími til að láta af störfum enda séu tuttugu ár langur tími við stjórnvöl í alþjóðlegu flugfyrirtæki. „Ég tók við þessu starfi 38 ára og veit ekki um neinn sem hefur setið jafnlengi í forstjórastól alþjóðlegs flugfyrirtækis á þessu tímabili," segir Sigurður.

Sigurður segir að það sem standi upp úr eftir þrjátíu ára starf sitt hjá Flugleiðum, þar af tuttugu í stóli forstjóra, sé vöxtur þess og hvernig tekist hafi að byggja traust fyrirtæki á öruggum fjárhagslegum grunni. „Ég er mjög ánægður að skila fyrirtækinu af mér við þessar aðstæður og mun standa upp úr forstjórastólnum með góða samvisku," segir hann.

thkjart@frettabladid.is



# ÚTSALA!

25% afsláttur af undirlagi og listum

Afgangar með allt að 70% afslætti

## VIÐARPARKET

| | | |
|---|---|---|
| EIK HARO 60cm | smellt | 1.990 Pr. m² |
| BEYKI RUSTICAL 60cm | smellt | 1.990 Pr. m² |
| BEYKI 60cm | smellt | 1.990 Pr. m² |
| KAMBALA 60cm | smellt | 2.490 Pr. m² |
| EIK RUSTICAL | | 2.590 Pr. m² |
| HLYNUR ACCENT | smellt | 3.790 Pr. m² |
| MERBAU NATUR | smellt með hljóðeinangrandi undirlagi | 4.490 Pr. m² |
| KIRSUBER ACCENT | smellt með hljóðeinangrandi undirlagi | 4.490 Pr. m² |
| EIK TERRA HARO | smellt með eikarlistum og hljóðeinangrandi undirlagi | 3.990 Pr. m² |
| BEYKI COUNTRY | smellt með eikarlistum og hljóðeinangrandi undirlagi | 3.990 Pr. m² |
| EIK TUNDRA HARO | smellt með eikarlistum og hljóðeinangrandi undirlagi | 3.990 Pr. m² |

## PLASTPARKET

| | | |
|---|---|---|
| EIK | | 990 Pr. m² |
| HLYNUR | | 890 Pr. m² |
| KIRSUBER | | 1.390 Pr. m² |
| TEKK | frítt svampundirlag og MDF listar | 1.590 Pr. m² |
| KIRSUBER 8,3mm | frítt svampundirlag og MDF listar | 1.590 Pr. m² |
| EIK ACCENT | frítt svampundirlag | 1.390 Pr. m² |
| RAUÐ EIK 8,3 mm | frítt svampundirlag og MDF listar | 1.590 Pr. m² |
| MERBAU | frítt svampundirlag | 1.390 Pr. m² |
| HNOTA | frítt svampundirlag og MDF listar | 1.890 Pr. m² |
| HLYNUR ACCENT | með hljóðeinangrandi undirlagi | 1.690 Pr. m² |



EINN TVEIR OG ÞRÍR 287.037

## Nú borgar sig að parketleggja allt sem hægt er!



Stærsti sýningarsalur með gólfefnum á landinu




- þegar þú kaupir parket

HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík • Sími 567 1010 • www.parket.is

**A.A. MILNE (1882-1956)**
fæddist þennan dag.



*„Einn kosturinn við að vera óskipulagður, er að maður er sífellt að gera spennandi uppgötvanir.“*

***Barnabókarithöfundarins er helst minnst fyrir Bangsímon, en hann skrifaði einnig nokkur leikrit og eina sakamálasögu, auk stjórnmálaskrifa og sjálfsævisögu sinnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST FUNDUR PILTDOWN-MANNSINS:

# *Eitt frægasta gabb sögunnar*

Árið 1912 „uppgötvaði“ Charles Dawson fyrstu tvær hauskúpurnar sem fundust í Piltdown-grjótnámunni í Sussex á Englandi. Þar með var hafið eitt frægasta gabb sögunnar, en hauskúpurnar virtust vera af frumstæðri mannveru, ef til vill ættföður mannsins. Piltdown-maðurinn, eða Eoanthropus dawsoni, vakti mikla athygli. Þarna töldu menn jafnvel að væri kominn „týndi hlekkurinn“ milli manns og apa, enda með ennislag manns og kjálkalag apans. Svo var hann líka Breti og ekki þótti mönnum það verra í gamla heimsveldinu. En eftir því sem árin liðu og víðar fundust leifar gamalla mannapa, varð Piltdown-maðurinn að fráviki sem hvergi féll inn í heildarmyndina. Árið 1953 varð svo sannleikurinn loks ljós. Piltdown-maðurinn var ekki annað en gabb. Enn er þó ekki komið á hreint hver stóð fyrir gabbinu. Charles Dawson þykir náttúrlega líklegur sökudólgur, en fleiri þekktir menn hafa verið nefndir, svo sem Arthur Conan Doyle og Pierre Teilhard de Chardin. Piltdown-maðurinn hefur verið uppspretta margvíslegra vangaveltna, en almennt er talið að beinunum hafi verið komið fyrir til að hrekkja Dawson, eða vísindamenn almennt, en vegna



**HAUSKÚPA PILTDOWN-MANNSINS**

þess að beinin voru ekki til almennrar sýningar uppgötvaðist gabbið ekki strax. Þá er talið að sú mikla athygli sem málið vakti hafi fælt þá sem ábyrgð báru á gabbinu frá því að upplýsa um það.

## MERKISATBURÐIR

**1352** Étienne Aubert er kjörinn páfi og verður Innocentíus VI.

**11865** Þrælahald er afnumið í Bandaríkjunum.

**1894** Konur í Suður-Ástralíu eru þær fyrstu í landinu til að fá kosningarétt og kjörgengi á Alþingi.

**1912** Landkönnuðurinn Robert Falcon Scott nær á Suðurpólinn eftir tveggja mánaða barning og fréttir að norski landkönnuðurinn Roald Amundsen hafi verið mánuði á undan í mark.

**11930** Hótel Borg tók til starfa með opnun veitingasala. Gistihúsið var hins vegar tekið í notkun í maí.

**1969** Leigubílstjóri fannst myrtur í Reykjavík. Við tók umfangsmikil rannsókn, án þess þó að nokkur væri fundinn sekur um glæpinn.

## AFMÆLI

**Gunnar Kristjánsson**, prófastur Kjalarnessprófastsdæmis, er sextugur í dag.
**Finnbogi Jónsson**, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Samherja, er 55 ára í dag.
**Unnur Stefánsdóttir**, leikskólastjóri í Kópavogi, er 54 ára í dag.



**Gunnar Örn Kristjánsson**, fyrrum forstjóri SÍF, er fimmtugur í dag.
**Stígur Steinþórsson** leikmyndahönnuður er 45 ára í dag.



**Jón Karl Helgason** bókmenntafræðingur er fertugur í dag.

**Páll Rósinkrans Óskarsson** söngvari er 31 árs í dag.
**Helgi Seljan Jóhannsson** blaðamaður er 26 ára í dag.



## ANDLÁT

**Elsa Georgsdóttir**, Meistaravöllum 11, Reykjavík, lést mánudaginn 3. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
**Ragnar Örn**, Fellsmúla 11, lést á Landspítalanum í Fossvogi, þriðjudaginn 11. janúar.
**Gylfi Árnason**, Árskógum 2, andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, fimmtudaginn 13. janúar.
**Indriði Ísfeld** lést á Hrafnistu fimmtudaginn 13. janúar.
**Sóley Magnúsdóttir** andaðist á Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur, fimmtudaginn 13. janúar.
**Sigrún Gísladóttir**, Álfhólsvegi 70, andaðist á heimili sínu laugardaginn 15. janúar.

## JARÐARFARIR

**13.00 Auðun Auðunsson** skipstjóri, Valhúsabraut 31, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Neskirkju.

**13.00 Kjartan Þór Valgeirsson**, Akraseli 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.



**KRISTBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR EITTHUNDRAÐ ÁRA** „Það eru allir góðir við mig hér á Seli,“ segir Kristbjörg sem var matráðskona á Kristneshæli í kreppunni miklu á fjórða tug síðustu aldar.

**AFMÆLI:** KRISTBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR ER 100 ÁRA Í DAG:

# Trúir á annað líf og kvíður ekki brottförinni

„Ég á nú ekki von á að vera hérna mikið lengur en dauðann óttast ég ekki. Ég trúi á annað líf og veit að maðurinn minn bíður eftir mér. Hann var alveg einstakur maður,“ segir Kristbjörg Kristjánsdóttir, sem er hundrað ára í dag. Engum sem á hlýðir dylst að missir hennar var þungur þegar Jóhannes Eiríksson, eiginmaður hennar, féll frá. Þau hjón eignuðust engin börn en ólu upp bróðurson Jóhannesar, Kolbein Kristjánsson bifreiðarstjóra, og síðar son hans, Jóhannes Möller sem ber nafn fóstra síns.

Kristbjörg fæddist í Eyrarhúsum í Tálknafirði, dóttir Kristjáns Kristjánssonar, frá Mýri í Bárðardal og síðar skógarvarðar á Vöglum í Fnjóskadal, og Þórunnar Jóhannesdóttur en faðir hennar var alkunnur útvegsbóndi á Sveinseyri við Tálknafjörð. Foreldrar Kristbjargar eignuðust 11 börn; níu komust á legg en tvö dóu í frumbernsku.

Ung stúlka fór Kristbjörg til Danmerkur og dvaldi þar í þrjú ár við matreiðslu- og handiðnarnám. Árið 1939 kvæntist hún Jóhannesi, sem var frá Sölvanesi í Lýtingsstaðahreppi og bjuggu þau lengst af á Kristnesi í Eyjafirði þar sem þau störfðu bæði. Jóhannes var starfsmaður Kristneshælis og Kristbjörg matráðskona allt þar til þau fluttu í Þórunnarstræti á Akureyri árið 1979. Þau hjónin fluttu á Hjúkrunarheimilið Sel á Akureyri haustið 2000 og lést Jóhannes aðeins 10 dögum síðar. Var það erfiðasta lífsreynsla Kristbjargar á langri ævi en þau hjónin voru afar samheldin og miklir vinir.

Þrátt fyrir háan aldur er Kristbjörg furðu ern. Hún er skýrmælt, með þokkalega heyrn en sjóninni tapaði hún að fullu fyrir 11 árum. Alla jafnan er hún minnug, fróð og skýr í hugsun, þó dagamunur sé þar á. Hún fer flestar sínar ferðir í hjólastól en getur gengið með stuðningi. Hún fylgist vel með því sem er að gerast í þjóðfélaginu, hlustar mikið á útvarp, ekki síst fréttir, og stundum hlustar hún einnig á sjónvarpsfréttirnar.

Kristbjörg þakkar heilsusamlegu líferni háum aldri. „Ég hef ekki reykt eða drukkið áfengi. Fiktaði eitthvað með sígarettur á mínum yngri árum en tók aldrei ofan í mig. Maðurinn minn bragðaði einstaka sinnum áfengi en aldrei þannig að hann yrði kenndur.“

Kristbjörg segir ólíku saman að jafna, lífinu í dag og lífinu þegar hún var ung stúlka. „Tæknin er slík að það tekur ekki að telja upp breytingarnar. Það hefur einfaldlega allt breyst og fólk hefur það svo miklu betra núna en þegar ég var ung. Í dag er allt rétt upp í hendurnar á fólki.“ **kk@frettabladid.is**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*
**Sören M. Aðalsteinsson**
**Valbraut 7, Garði, áður til heimilis að Eiðsvallagötu 3, Akureyri, lést í Víðihlíð, Grindavík 14. janúar.**
**Jarðarförin auglýst síðar.**

**Magnús Sigurbjörn Sörensson, Sólbjört Hilmarsdóttir**
**Steinar Sigurjón Sörensson, Anna Magnúsdóttir**
**Amalía Vilborg Sörensdóttir, Einar Hermannsson**
**og barnabörn.**



*Okkar innlegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar tengdaföður, afa og langafa,*
**Maríusar Sigurjónssonar**
**Háteig 2B, Keflavík.**

**Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir góða umönnun.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.**


**15% afsláttur**
**af legsteinum**
**gegn staðgreiðslu**
**í janúar og febrúar**

**Sendum myndalista**



**MOSAIK**
*Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is*

Minningarkort Hjartaverndar
535 1825
HJARTAVERND

*Legsteinar*



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is


## ERLEND AFMÆLISBÖRN

**Lyman Abbott**
**rithöfundur (1835-1922)**



Willy Brandt
kanslari Þýskalands
(1913-1992)



**Betty Grable**
**leikkona (1916-1973)**

Michael Moorcock
vísindaskáldsagnahöfundur (1939)

**Keith Richards**
**gítarleikari Rolling Stones (1943)**



Steven Spielberg
kvikmyndaleikstjóri
(1946)

Steve Biko
baráttumaður fyrir mannréttindum í Suður-Afríku (1946-1977)
Leonard Maltin
kvikmyndagagnrýnandi (1950)

Ray Liotta
kvikmyndaleikari (1955)



**Brad Pitt**
**kvikmyndaleikari (1963)**

DMX
rappari (1970)
Katie Holmes
kvikmyndaleikkona
(1978)

Christina Aguilera
söngkona (1980)



# Bolti

# Brjóst

## Billjard

## Box

### Bowling

### Bílar

Búðir...

Samkvæmt nýlegum og áreiðanlegum rannsóknum hefur komið í ljós að langflestir karlmenn skilja bara orð sem byrja á bókstafnum **„B“**. Þess vegna skaltu ekkert vera að flækja málin of mikið:

**Bjóddu bóndanum á Búðir um bóndadagshelgina!**

Hótel Búðir bjóða upp á stórfenglegan fagnað og endurhæfingu fyrir húsbændur og eiginkonur þeirra, 21.–23. janúar. *Kormákur og Skjöldur* stýra veisluhöldum og gamanmálum. *Sýrupolkasveitin Hr.Ingi.R* leikur undir dansi. Morgunverður og 3–5 rétta kvöldverður innifalinn í verði annan eða báða daga.

Allar upplýsingar í síma 435 6700 eða á www.budir.is. Hótel Búðir býður upp á einstakar aðstæður fyrir hvataferðir, fundi, árshátíðir, brúðkaupsferðir eða rómantískar helgarferðir, en hótelið var valið eitt af 5 bestu strandhótelum af breska dagblaðinu The Independent.

Skráðu þig sem „Vin Búða“ á www.budir.is og fáðu upplýsingar í tölvupósti um helgarviðburði á næstunni: Morðgátur Agöthu Christie, diskóhelgi, grímudansleikur og fleira spennandi.




Fíton/SÍA FI011714

**sport**
sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... Geir Sveinssyni fyrir að þora að segja sínar skoðanir á málefnum handboltalandsins umbúðalaust. Það hefur oft viljað brenna við að menn, sem tengjast handboltanum, hafa ekki þorað að segja sitt álit af ótta við að styggja þá sem að liðinu koma. Geir er greinilega ekki einn af þeim!



*„Ef satt skal segja þá mun ég koma með mína eigin vínflösku þegar ég heimsæki hann næst því vínið sem við drukkum var mjög vont.“*



***Jose Mourinho var ekki sáttur við vínið sem Alex Ferguson bauð upp á á Old Trafford enda væntanlega af ódýrari gerðinni hjá Skotanum sigursæla.***

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**SEPTEMBER**

21 22 23 **24** 25 26 27

**Laugardagur**

**LEIKIR**

- 19.30 **ÍS** og **Stjarnan** mætast í Kennaraháskólanum í 1. deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 19.35 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Burnley** og **Liverpool** í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **World Supercross** á Sýn.

2. deildin í körfubolta:

## Ljónin tamin í Hafnarfirði

**KÖRFUBOLTI** 2. deildarlið Ljónanna mátti sætta sig við sitt fyrsta deildartap á tímabilinu þegar þeir steinlágu með 17 stigum., 70-87, fyrir b-liði Haukanna á Ásvöllum um helgina. Ljónin höfðu unnið átta fyrstu deildarleiki sína í sex mánaða sögu félagsins en liðið var einnig mjög nálægt því að slá út úrvalsdeildarlið Skallagríms í 16 liða úrslitum bikarkeppninnar fyrr í vetur. Haukar byrjuðu vetturinn ekki vel en hafa bætt sig með hverjum leik og unnu þarna sinn fimmta leik í röð. Haukar komust í 25-7 og komust mest í 23 stiga forustu í leiknum en Ljónin náðu muninum niður í fimm stig í seinni hálfleik. Ottó Þórisson skoraði 22 stig fyrir Hauka og þeir Þorsteinn Gunnlaugsson og Kristján Sveinsson skoruðu 17 stig hvor. Ragnar Ragnarsson skoraði mest 14 stig fyrir Ljónin en þjálfari þeirra Jón Júlíus Árnason var rekinn út úr húsi fyrir mótmæli við dómara leiksins. ■

# Verðum ekki með sex efstu í Túnis

Geir Sveinsson, sem lengi spilaði stóra rullu fyrir íslenska landsliðið í handbolta, er ekki bjartsýnn á gott gengi landsliðsins á HM í Túnis. Hann dregur mjög í efa að Ísland verði meðal sex efstu eins og Viggó Sigurðsson vonar.

**HANDBOLTI** „Ég er ekki ýkja bjartsýnn fyrir hönd landsliðsins fyrir mótið í Túnis og finnst ólíklegt að við komumst langt á því móti,“ segir Geir Sveinsson, fyrrverandi fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta, um möguleika Íslendinga á Heimsmeistaramótinu í Túnis sem hefst um helgina.

Geir hefur marga fjöruna sopið í handboltanum og eru þeir fáir sem þekkja íslenskan handbolta eða handboltamenn betur en hann. Segir Geir að ýmislegt ætti að hjálpa landsliðinu í Túnis en kalt mat á stöðunni sé að á brattann verði að sækja fyrir landann.

„Það jákvæða er að þarna erum við að mæta til leiks með nýjan hóp og nýjan þjálfara og það er að mínu viti lítil sem engin pressa á liðinu. Það munar miklu fyrir marga af þessum nýju strákum að geta spilað án þess að hafa áhyggjur af miklum væntingum. Þannig er nokk sama hvernig fer að landsliðsþjálfarinn getur alltaf gripið til þeirra skýringa að liðið sé nýtt og tíma taki að þjappa slíkum hóp saman.“

Þrátt fyrir þessa annmarka hefur Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari látið hafa eftir sér að takmark íslenska liðsins sé að ná einu af efstu sex sætunum á mótinu. Geir telur líkurnar á því litlar sem engar. „Mín tilfinning er sú að við komumst ekki í hóp sex efstu miðað við þá andstæðinga sem við erum að takast á við. Til að ná sjötta sætinu þurfum við að vera í einu af þremur efstu sætunum í milliriðli og það aftur þýðir að við þurfum helst að sigra okkar eigin riðil og það er aðeins meira en að segja það.“

Í B riðli eru auk Íslands, Slóvenía, Rússland, Alsír, Tékkland og Kúveit en takist Íslendingum að klára riðilinn í fyrsta eða öðru sæti taka ekki við auðveldari lið í milliriðlum eða Frakkar og Danir. „Sé miðað við hversu sterkar þessar þjóðir eru þá held ég að óhætt sé að slá því föstu að við náum ekki sjötta sæti, hvað þá að vera ofar en það.“

albert@frettabladid.is



**ENGAR VÆNTINGAR** Geir Sveinsson segir enga pressu vera á íslenska landsliðinu í handbolta en það hjálpi þó lítið til þegar á hólminn er komið. Fréttablaðið/E.Ól



**NIGEL QUASHIE** Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Southampton hefur mikið álit á Quashie og var fljótur að kaupa kappann frá Portsmouth.

Southampton:

## Redknapp kaupir Quashie

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, nýráðinn framkvæmdastjóri Southampton í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, festi í gær kaup á hinum 26 ára gamla Nigel Quashie frá Portsmouth. Quashie hittir þar fyrir fyrrverandi þjálfara sinn því Redknapp var sem kunnugt er sagt upp störfum hjá Portsmouth fyrir skömmu. Samningur leikmannsins er til þriggja og hálfs árs og er andvirði samningsins um 2,1 milljón punda.

Koma Skotans unga til Southampton er liður í uppbyggingu Redknapps á liðinu og hefur hann nýverið fengið nokkra leikmenn til liðs við félagið í þeirri meiningu að bjarga því frá falli úr úrvalsdeildinni.

„Ég er mjög ánægður með að vera kominn til Southampton og ég er viss um að liðið nær að halda sér uppi þótt það verði ekki auðvelt. Ég hlakka líka mikið til að fara að vinna með Redknapp aftur,“ sagði Quashie. ■


**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

**Álftamýri 1-5 og 7-9**
**deiliskipulagsbreyting**
**FUNDARBOÐ**

**Til þeirra er málið varðar.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar við Álftamýri 1-9 var í auglýsingu 22. okt. til 3. des. Auglýsingatíminn var 6 vikur og á þeim tíma gafst íbúum tækifæri á að koma með athugasemdir.
Athugasemdabréf bárust frá T.ark, dags. 04.11.04 ásamt uppdrætti og Sigrúnu S. Hafstein f.h. íbúa við Álftamýri 15-27, dags. 03.12.04.
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík og Hverfisráð Háaleitis hafa ákveðið að halda sérstakan kynningarfund með íbúum, á fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu ásamt athugasemdum sem bárust.

***Fundarstaður:*** Álftamýraskóli.

***Fundartími:*** Miðvikudagur 19. janúar 2005 kl. 20:00

***Fundarefni:*** Kynning á breytingu á deiliskipulagi lóða við Álftamýri 1-5, 7-9.

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219


# Gefur Stjörnuleikurinn falska mynd af körfunni?



**UTAN VALLAR**
STJÖRNULEIKURINN Í KÖRFUBOLTA

**SMÁRI JÓSEPSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Stjörnuleikur Körfuknattleikssambands Íslands fór fram í Valsheimilinu á laugardaginn var. Þar mættust tvö úrvalslið, erlendir leikmenn annars vegar og íslenskir hins vegar. Leikurinn var í takt við það sem gerist annars staðar í heiminum (t.d. í NBA-boltanum), tilþrifin í fyrirrúmi hvort sem var í formi troðslu eða sendinga í skrautlegri kantinum auk þess sem að dágóður bunki af þriggja stiga skotum fékk að líta dagsins ljós. Mikið var í boði fyrir augað og leikurinn hin besta skemmtun fyrir þá sem hafa gaman af slíku.

Stjörnuleikir gefa hins vegar oft mjög falska mynd af dæmigerðum körfuboltaleik. Eftir að hafa horft á fjölmarga NBA-stjörnuleiki, séð sýningarlið á borð við Harlem Globetrotters og And-1, þá er þetta eitthvað sem heillar ekki svo glatt lengur. Það mætti alveg velta vöngum yfir því hvort að slíkur körfubolti sé íþróttinni til góðs þegar á heildina er litið. Ekki ber mikið á varnarleiknum, sem að menn þurfa að öllu jöfnu að leggja mikinn metnað í – ætli þeir sér langt í íþróttinni. Stigaskorið er hátt, mistökin eru mörg, mikið af ótímabærum skotum o.s.frv. Útkoman verður með þeim hætti að tilþrifin verða meiri en góðu hófi gegnir og augað þreytist fljótt. Þegar öllu er á botninn hvolft vill maður helst sjá agaðan, kraftmikinn og árangursríkan körfubolta sem er afar sjalfgæft í leikjum sem þessum.

Ætlunin með þessum skrifum er ekki að gera lítið úr Stjörnuleik KKÍ né þeim sem tóku þátt eða stóðu að honum, heldur einfaldlega að velta upp þeirri spurningu hvort eitthvað mætti betur fara til að laða fleira fólk að íþróttinni? Er hugsanlegt að leikurinn yrði skemmtilegri ef liðin færu milliveginn, þ.e.a.s. leyfðu sér að bregða á leik á köflum en spila agað þess á milli? Myndu ekki fleiri vilja sjá baráttuleik milli þessara liða heldur en einhvern skrípaleik?

Á hinn bóginn má velta því upp hvort þessi leikur eigi ekki fullan rétt á sér í þeirri mynd sem hann þekkist í dag. Eiga leikmenn kannski fullan rétt á að sprella út í eitt einu sinni á ári milli þess sem að baráttan er í algleymingi í deildinni þar sem allir sem einn eru alvaran uppmáluð?

Ég hallast frekar að því að gæði íþróttarinnar sjálfrar ættu að vera í fyrirrúmi og verð því að gefa milliveginum mitt atkvæði. Hitt er einfaldlega allt of þreytandi til lengdar.

smari@frettabladid.is



## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Tveir leikmenn í NBA-körfuboltanum, **Nene** hjá Denver Nuggets og **Michael Olowokandi** hjá Minnesota Timberwolves, voru dæmdir í fjögurra leikja bann fyrir slagsmál og kýtingar undir lok þriðja fjórðungs í leik liðanna á dögunum. Timberwolves vann leikinn, 93-83. Þá voru **Marcus Camby** og **Francisco Elson**, samherjar Nene, dæmdir í eins leiks bann fyrir að yfirgefa varamannabekkinn þegar slagsmálin brutust út. Bannið var tilkynnt af **Stu Jackson**, varaforseta NBA-deildarinnar.



Enska knattspyrnusambandið bíður átekta eftir rannsókn lögreglunnar á atviki sem átti sér stað í leik Manchester United og Liverpool á laugardaginn. Svo virðist sem að farsíma hafi verið kastað í **Wayne Rooney**, leikmann United, eftir að hann skoraði sigurmark leiksins sem fór 1-0. Lögreglan staðfesti að einn maður hefði verið handtekinn en yfirheyrslur voru þá á frumstigi.



Það andar köldu milli knattspyrnustjóranna **Arsene Wenger** hjá Arsenal og **Alex Ferguson** hjá Manchester United um þessar mundir. „Ég mun aldrei svara fleiri spurningum um þennan mann," sagði **Wenger**, sem vildi meina að enska knattspyrnusambandið ætti að refsa **Ferguson** fyrir ummæli sem hann lét falla um Arsenal á dögunum. **Ferguson** sagði **Wenger** hafa kallað leikmenn sína svindlara í hálfleik í viðureign liðanna í október á síðasta ári. „Ég sagði honum að láta þá í friði og slaka aðeins á," sagði **Ferguson**. „Þá vatt hann sér að mér með hendurnar upp í loft og sagði: Hvað ætlar þú að gera í því? Svona framkoma er til háborinnar skammar."



Bandaríska tennisdrottningin **Serena Williams** fór létt með **Camille Pin** í opnunarleik ástralska opna tennismótsins sem hófst í gær. **Williams** vann örugglega í tveimur lotum, 6-1 og 6-1, og átti **Pin** ekki möguleika í **Williams** sem virðist vera í fínu formi þessa dagana. „Ég væri ekki hérna ef ég teldi mig ekki geta unnið mótið. Þá væri ég bara heima hjá mér," sagði **Williams** eftir viðureignina. „Ég tel mig vera komna hingað af fullri alvöru til að vinna mótið."



Jenson **Button**, ökumaður BAR-liðsins í Formúlu 1 kappakstrinum, fullyrðir að það sé engin gremja í hans garð af hálfu BAR eftir að hann reyndi að ganga til liðs við Williams á síðasta ári. „Um leið og ég ákvað að vera áfram þá settist ég niður með liðinu og útskýrði þetta allt fyrir mínum mönnum. Hlutirnir eru búnir að vera í himnalagi allar götur síðan," sagði **Button**. Þess má geta að nýr og léttari BAR-bíll var kynntur til leiks í Barcelona í fyrradag sem ber heitið The BAR Honda 007.



Ray **Allen** hafði betur í einvíginu gegn **LeBron James** þegar lið þeirra, Seattle Supersonics og Cleveland Cavaliers, áttust við í fyrrinótt í NBA-körfuboltanum. Sonics vann leikinn, 105-97. **James** skoraði 35 stig, tók 5 fráköst og gaf 11 stoðsendingar en **Allen** var liði sínu mikilvægur á lokamínútum leiksins og leiddi það til sigurs. Hann skoraði 27 stig. „Fjórði leikhlutinn er minn tími," sagði **Allen**. „Hvort sem ég hitti úr skotum eða ekki þá mun ég láta að mér kveða í lokaleikhlutanum."



Toppslagur í Intersportdeild karla í körfubolta í gær:

# Keflvíkingar einir efstir

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar hafa aldrei unnið í Keflavík og það varð engin breyting á því í toppslagnum í Intersportdeild karla í körfubolta í gær. Keflvíkingar bættu sig með hverri mínútunni í leiknum og unnu að lokum 9 stiga sigur, 78–69, eftir að Snæfell hafði náð níu stiga forskoti fyrir hlé, 30–39.

Keflvíkingar voru langt frá sínu besta í upphafi leiks, sérstaklega í sókninni, en það dugði ekki Snæfellingum til að brjóta ísinn en þeir hafa tapað í öllum ellefu heimsóknum sínum til Keflavíkur í úrvalsdeild frá upphafi.

Snæfellingar voru í raun miklir klaufar að vera ekki með meira en níu stiga forskot eftir fyrri hálfleikinn og sérstaklega fóru þeir illa með tvö hraðaupphlaup á síðustu mínútunni. Keflvíkingar áttu mikið inni og þeir voru búnir að jafna leikinn innan þriggja mínútna og náðu síðan góðum tökum á leiknum með stífri pressuvörn sem riðlaði öllum sóknarleik Hólmara.

Það kom ekki að sök að tveir af bestu leikmönnum heimamanna (Anthony Glover og Magnús Þór Gunnarsson) skoruðu ekki körfu í leiknum því Gunnar Einarsson átti frábæra innkomu af bekknum með 26 stigum og frábæra vörn þar sem hann og Sverrir Þór Sverrisson léku bakverði Snæfells grátt.

Snæfellsliðið vann illa saman og því fór upplagt tækifæri til að komast á toppinn forgörðum. Þess í stað sitja Keflvíkingar núna einir á toppnum þegar þeir fara í erfiðan Evrópuleik á fimmtudaginn. **ooj@frettabladid.is**

### *Intersportdeildin*

KEFLAVÍK–SNÆFELL 78–69

**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 26, Nick Bradford 25 (8 fráköst), Sverrir Þór Sverrisson 9 (6 stolnir, 5 stoðsendingar), Arnar Freyr Jónsson 9, Anthony Glover 4, Jón Nordal Hafsteinsson 2, Elentínus Margeirsson 2, Magnús Þór Gunnarsson 1.

**Stig Snæfells:** Mike Ames 23, Calvin Clemmons 16 (8 fráköst), Magni Hafsteinsson 12 (7 fráköst), Hlynur Bæringsson 10 (21 frákast, 13 í sókn), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Sigurður Þorvaldsson 3, Helgi Reynir Guðmundsson 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 13 | 10 | 3 | 11157:1012 | 20 |
| **NJARÐVÍK** | **13** | **9** | **4** | **1215:1026** | **18** |
| FJÖLNIR | 13 | 9 | 4 | 1231:1161 | 18 |
| **SNÆFELL** | **13** | **9** | **4** | **1145:1062** | **18** |
| SKALLAGR. | 13 | 8 | 5 | 1130:1086 | 16 |
| **ÍR** | **13** | **7** | **6** | **1180:1163** | **14** |
| KR | 13 | 6 | 7 | 1132:1127 | 12 |
| **HAM./SEL.** | **13** | **6** | **7** | **1192:1247** | **12** |
| GRINDAVÍK | 13 | 6 | 7 | 1179:1199 | 12 |
| **HAUKAR** | **13** | **4** | **9** | **1097:1108** | **8** |
| TINDAST. | 13 | 4 | 9 | 1076:1219 | 8 |
| **KFÍ** | **13** | **0** | **13** | **1072:1396** | **0** |



**UNNU SEINNI HÁLFLEIK MEÐ 18 STIGUM** Keflvíkingar lentu mest tíu stigum undir í fyrri hálfleik í toppslagnum gegn Snæfelli í gær en komu sterkir inni í seinni hálfleikinn og unnu hann með 18 stigum, 48–30. Hér skorar fyrirliði og besti maður Keflavíkurliðsins, Gunnar Einarsson, tvö af 26 stigum sínum í leiknum. Fréttablaðið/Valli



# ...bara á flugfelag.is

## 19. - 25. janúar

Milli Reykjavíkur og
**AKUREYRAR**
**5.700 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
**EGILSSTAÐA**
**6.300 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
**ÍSAFJARÐAR**
**5.700 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.**

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27091 01/2005




## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Koss köngulóarkonunnar

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** VER HEIÐUR ANGELINU JOLIE.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það þótti heimsfrétt þegar leikarahjónin Brad Pitt og Jennifer Aniston tilkynntu það á dögunum að þau væru skilin að borði og sæng. 21. öldin er varla byrjuð en þó mætti halda að skilnaður aldarinnar væri þegar orðinn að veruleika en þegar haft er í huga að skilnaðir hjóna eru daglegt brauð og í raun eina heilbrigða lausnin á þeirri hugsunarvillu sem hjónabönd eru er taugaveiklunin í kringum þennan tiltekna skilnað auðvitað galin.

Rót vandans er sú að við viljum elska bæði Pitt og Aniston en vestræn tvíhyggja krefst þess í svona tilfellum að annar aðilinn sé góður og hinn vondur. Við viljum hins vegar ekki trúa neinu illu upp á þetta sómafólk og höfum því sameinast um að kenna kynþokkafyllstu konu allra tíma, Angelinu Jolie, um ósköpin.

Angelina hefur yfirbragð tálkvendisins, hjónadjöfulsins sem í svart/hvítum reyfurum getur fengið menn til að fremja morð og önnur heimskupör með loðnum loforðum um kynlíf á heimsmælikvarða. Daðurmáttur Angelinu er orðinn slíkur að nú mega ekki spyrjast út brestir í stjörnuhjónaböndum í Hollywood án þess að reynt sé að blanda henni í málið og gera hana seka um villuráf frægra eiginmanna. Þetta er auðvitað í meira lagi ósanngjarnt og til þess eins fallið að firra karlana ábyrgð gerða sinna. Þetta eru svo sem engin ný vísindi og voru markaðssett snilldarlega í karlremburitinu Biblíunni þar sem öll ógæfa mannkyns er skrifuð á konuna eftir að Eva vélar einfeldninginn Adam til að bíta í eplið. Mergurinn málsins er sá að Adam hefði getað afþakkað og ef Pitt er svo blindaður af fegurð Angelinu að hann getur ekki haldið trú við eiginkonu sína þá er það vandamál þeirra hjóna. Bitinn stendur þá í Pitt en ekki Angelinu sem er bara Angelina og getur ekkert gert að því. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



## Á HESTBAKI

JENS EINARSSON FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Umbun og sveigjustopp

Nú er mikið talað um sveigjustopp og umbun. Þessi tvö orð eru álíka mikið í tísku nú og „strengur“ var þegar allir hestar, sem áttu við einhverskonar knapavandamál að stríða, voru skornir upp við streng. Allir eru að umbuna sí og æ og ekki laust við að sé orðið væmið á köflum.

Ekki er annað að heyra á mæli reiðkennara en að þessar aðferðir séu svo til nýjar af nálinni. En eru þær það? Faðir minn kenndi mér þá aðferð við að hægja á hesti, að taka þéttingsfast í tauminn og gefa svo strax eftir, taka aftur í tauminn, gefa eftir, og svo koll af kolli. Alls ekki mætti toga viðstöðulaust, þá myndi hesturinn verða reiður, stífa sig á móti og auka hraðann fremur en hitt. Þetta gafst vel og ég lærði að hestum líkar illa að láta halda sér föstum, alveg eins og mannfólkinu. Best er að hafa allt sem frjálsast. Þetta var fyrir 33 árum. Faðir minn lærði þetta af pabba sínum, sem lærði það af pabba sínum. Það sama sagði Ingmar á Jaðri þegar uppáhaldsmerin hans var að springa í klofinu á mér og gekk ekki heilt spor: „Gefð' eftir!“

Jóhannes á Kleifum sagði mér að faðir sinn, Stefán Eyjólfsson, hefði haft það ráð við hrekkjótta rokuhesta að fara með þá upp á allbreiðan hjalla í fjallinu. Hann sté í ístaðið og sveigði höfuð hestsins að sér. Þegar hann settist í hnakkinn og hesturinn rauk af stað tók hann báðum höndum um annan tauminn, þeim megin sem hann steig á bak, og hélt hestinum sveigðum og lét hann rjúka og stinga sér í hringi þar til hann gafst upp á leiknum.

Stefán var upp á sitt besta á fyrri hluta 20. aldar. Trúlega hefur hann verið búinn að kenna hestinum að „kyssa ístöð“, eins og það er kallað í dag, áður en hann lét til skarar skríða.



**UM VETUR** Skyldu þessir nokkuð vera að hugsa um sveigjustopp?

Það sama gerir Skúli Steinsson, sem ennþá er að frumtemja trippi, kominn þrjú ár á sjötugt. Hann teymir þau í hendi við einteyming, gerir þau mjúk og sveigjanleg til beggja handa. Hann fer fyrstu skiptin á bak á fóðurganginum, alltaf með einteyming, og síðan út, ennþá bara með einteyming. Ef trippið ætlar að taka upp á því hrekkja eða rjúka sveigir hann það í hring. Þetta lag hefur hann notað í áratugi. Ég held hann hafi samt aldrei heyrt talað um sveigjustopp.

Enginn hefur nokkru sinni orðið góður reiðmaður sem ekki hefur þann meðfædda eiginleika að gefa eftir. Og ósjálfráð viðbrögð flestra reiðmanna er að sveigja hestinn til hliðar ef hann ætlar að gusast áfram, menn finna að annar taumurinn er mýkri og notfæra sér það. Þess vegna finnst mér að reiðkennarar ættu að kynna sveigjustopp og umbun (eftirgjöf) sem gömul sannindi en ekki nýjar uppfyndingar. ■

# Trú og tækni

## TÓNLIST

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Sinfóníuhljómsveit Íslands Ligeti og Haydn Stjórnandi: Ilan Volkov**
Háskólabíó

**Niðurstaða:** Hinn ungi hljómsveitarstjóri Ilan Volkov er greinilega mjög snjall og hljómsveitin flutti þessi verk á heillandi listrænan hátt.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói sl. fimmtudagskvöld voru flutt tvö tónverk: San Fransisco Polyphony eftir György Ligeti og „Sjö síðustu orð Krists á krossinum“ eftir Joseph Haydn. Stjórnandi var Ilan Volkov og upplesari Pétur Gunnarsson.

Svo má virðast sem þessi tvö tónverk, sem koma eins og hvort úr sinni áttinni eigi fátt sameiginlegt. György Ligeti er af mörgum talinn eitt merkasta tónskáld síðari hluta tuttugustu aldar. Hann fylgdi tónlistarstefnu sem upphaflega var kennd við serialisma en síðar við avant garde. Sú stefna tók kröfuna um frumleika mjög alvarlega og leituðust menn eftir því að uppfylla hana með fræðilegum aðferðum. Tónskáldið varð eins konar uppfinningamaður í tónsmíðatækni.

Ligeti sagði að nokkru skilið við samherja sína er honum virtist stefnan á leið í öngstræti. San Fransisco Polyphony er eitt þeirra verka sem upp af því spratt. Hér er hinn hljóðræni vefur í fyrirrúmi. Hann er litríkur eins og gólfteppi frá Persíu. Ligeti er afar hugmyndaríkur tæknilega og verk úir og grúir af skemmtilegum hljóðfallsmyndum og hljóðasamsetningum. Tónamálið er hins vegar akrómatískt, eins og tíðkaðist hjá avant garde mönnum, og þar með máttlaust sem byggingarefni í tónverki. Tónarnir verða hlutlaus burðargreind fyrir falleg hljóð. Mönnum hefur enn ekki tekist að skapa áhugavert listrænt ferli úr fallegum hljóðum einum saman og Ligeti tekst það heldur ekki í þessu verki.

Það sem gerir það skemmtilegt að stilla þessum tveimur verkum saman á tónleikum eru einmitt þau ólíku tök sem tónskáldin taka frumleikakröfuna. Nútímamaðurinn Ligeti treystir á teoríur og tækni. Jóseph Haydn var trúaður maður og treysti Guði almáttugum. Hann leysti vanda frumleikans með því að ýta honum frá sér og fela Drottni.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN** Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðastliðinn fimmtudag gat að heyra verk frá tveimur ólíkum tímabilum, nútímaverk eftir György Ligeti og 18. aldar klassík eftir Joseph Haydn.

„Sjö síðustu orð Krists á krossinum“ er samsett úr sjö sónötum fyrir hljómsveit auk inngangs og eftirmála, allt spilað hægt í samræmi við efnið. Verkið er heldur tíðindalítið framan af en eftir því sem á líður vex höfundi ásmegin og í lokin er hann kominn í fullan ham. Haydn notar í meginatriðum sömu form og sömu tæknilegu vinnubrögðin út í gegn. Hann bregst við vanda sköpunarinnar einfaldlega með því að kalla út meira af kröftum sínum, krefja sjálfan sig meira, eftir aðstæðum og allt samkvæmt lögmálinu Guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur. Við þetta má bæta að sú skoðun er almenn, að Joseph Haydn sé eitthvert frumlegasta tónskáld sögunnar og það heyrist vel í þessu verki.

Hinn ungi hljómsveitarstjóri Ilan Volkov er greinilega mjög snjall og hljómsveitin flutti þessi verk á heillandi listrænan hátt. Pétur Gunnarsson rithöfundur valdi erindi úr Passíusálmunum um orð Krists á krossinum og las milli atriða í verki Haydns og var það við hæfi og vel gert. ■
















■ KVIKMYNDIR

# The Aviator sigursælust

Kvikmyndin The Aviator í leikstjórn Martins Scorsese var sigursælust á Golden Globe-verðlaunahátíðarinnar í Hollywood í fyrrinótt. Hún var valin besta dramatíska myndin auk þess sem Leonardo DiCaprio var valinn besti dramatíski leikarinn og Howard Shore fékk verðlaun fyrir bestu tónlistina.

Sideways aftur á móti var valin besta myndin í flokki gaman- eða söngvamynda. Í þeim flokki var Jamie Foxx kjörinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Ray, sem er byggð á ævi tónlistarmannsins látna Ray Charles. Foxx var tilnefndur til þrennra verðlauna á hátíðinni, sem er nýtt met hjá leikara, en bar ekki sigur úr býtum í hinum tveim flokkunum. Annars vegar var um að ræða besta aukahlutverkið fyrir myndina Collateral og hins vegar besti leikarinn í sjónvarpsmynd eða stuttum sjónvarpsþáttum fyrir Redemption. „Lífið leikur við mig um þessar mundir," sagði Foxx sem er talinn líklegastur til að vinna Óskarsverðlaunin þann 27. febrúar. „Ég vildi óska að ég gæti dreift þessum tilfinningum mínum þannig að allir myndu elska hver annan aðeins meira."

Hilary Swank fékk verðlaun sem besta leikkonan í dramatískri mynd fyrir Million Dollar Baby og Annette Bening var best í gaman- eða söngvamynd fyrir hlutverk sitt í Being Julia. Þær stöllur kepptu einmitt um Óskarsverðlaunin fyrir fimm árum. Þá vann Swank verðlaunin fyrir Boys Don't Cry á meðan Bening þurfti að lúta í lægra haldi fyrir hlutverk sitt í American Beauty þrátt fyrir að hafa verið talin sigurstranglegri. „Þú leiðbeindir okkur svo snilldarlega og þú hefur aldrei staðið þig betur á ferlinum," sagði Swank um leikstjóra myndarinnar, gamla jaxlinn Clint Eastwood, sem var kjörinn besti leikstjórinn. Þá fengu Mick Jagger úr Rolling Stones og Dawe Stewart úr Eurythmics Golden Globe fyrir lagið Old Habits Die Hard úr Alfie.

Sjónvarpsþátturinn Desperate Housewifes var valinn sá besti í gaman- eða dramaflokki og Nip/Tuck fékk verðlaun sem besti dramatíski þátturinn. Robin Williams, fimmfaldur Golden Globe-verðlaunahafi, hlaut Cecil B. DeMille-heiðursverðlaunin fyrir farsælan kvikmyndaferil sinn. Verðlaunin tileinkaði hann vini sínum Christopher Reeve sem lést á síðasta ári. ■


AP/MYND

**VERÐLAUNAHAFAR** Hilary Swank og Leonardo DiCaprio með verðlaunin sem þau fengu fyrir hlutverk sín í Million Dollar Baby og The Aviator.



**JAGGER OG STEWART** Mick Jagger og Dave Stewart voru að vonum hæstánægðir með Golden Globe-verðlaunin sín sem þeir fengu fyrir lagið Old Habits Die Hard úr myndinni Alfie.




heilsa o.fl.
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

■ FÉLAGSLÍF

☐ 20.00 Sameiginlegur fundur þriggja kvenfélaga í Breiðholti verður haldinn í safnaðarheimili Breiðholtskirkju. Konur úr Kvenfélagi Breiðholts, Kvenfélagi Seljasóknar og Fjallkonunum bjóða konum á öllum aldri að líta inn og skemmta sér með þeim.

■ BÆKUR

☐ 21.00 **Árni Larsson, Þorsteinn Guðmundsson, Hermann Stefánsson** og **Pétur Gunnarsson** lesa úr nýútkomnum bókum og **Kristín Svava Tómasdóttir** les óbirt efni á 27. Skáldaspírukvöldinu, sem verður haldið á Kaffi Reykjavík.



Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið.
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Klikkaðir aukavinningar!
MEDION M6 fartölva • Samsung GSM símar • Playstation tölvur • Panasonic heimabíó • Kodak myndavél • 14", 21" og 29" Harwa sjónvörp • DVD spilarar • Leikurinn Grand Theft Auto PS2 • Spider-Man 2 á DVD • Killzone PS2 • Grettir á VHS og DVD • U2 á DVD og geisladisk • Van Helsing á DVD • Sims 2 PC • This is Football 2005 PS2 • Bíómiðar á In Good Company • Kippur af Coke og enn meira af DVD, geisladiskum, tölvuleikjum og fleira!
*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum • Vinningar verða afhendir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið



# VIÐ TÆKIÐ | Svartir sauðir og gráir

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR FRÉTTASTÍL ANNARRA.

Það voru þungbúnir fréttamenn á sjónvarpsstöðinni *Fox* sem sögðu frá því að sú alvarlega staða væri komin upp þar vestra að glæpagengi, sem annars sérhæfðu sig í nauðgunum, bílþjófnuðum og að smygla Mið-Ameríkubúum til Bandaríkjanna frá Mexíkó, væri nú komið í samstarf við illþýðið í hryðjuverkasamtökunum *al-Kaída*.
Rætt var við sérfræðinga, sem viðurkenndu að þarna væri möguleg leið fyrir óæskilegt fólk að komast inn í landið, en settu þó þann varnagla á að ólíklegt væri að heittrúuð íslömsk hryðjuverkasamtök færu í samkrull við kaþólskt glæpagengi.
Loks kom rúsínan í pylsuendanum, viðtal við meðlim glæpagengisins sem átti að staðfesta söguna. Reyndar kom þá í ljós að það varð ekkert úr samstarfinu og hver tengingin var við al-Kaída var mjög óljóst. Það eina sem glæponinn gat staðfest var að íslamskur maður hafði spurt hann hvort gengið hans myndi smygla jafnt íslömsku sem kaþólsku fólki yfir landamærin, fyrir rétt verð.
Fjöldi ætlaðra samnefnara virðist orðinn geigvænlegur. Þegar orðið hryðjuverkamaður er það sama og íslamskur hryðjuverkamaður. Þá virðast allir hryðjuverkamenn tilheyra al-Kaída. Það sem er verst, er að orðið íslamskur er orðið jafngilt því að vera hryðjuverkamaður. Með þessu er verið að dæma rúman milljarð manna til óhæfuverka.
Þetta er kannski öfgafullt dæmi um það þegar fyrir fram gefnar forsendur fréttamanna leiða þá í ógöngur. Þetta er gryfja sem ég vonast til að falla ekki í – þó svo líklegt sé að ég falli í þær einhverjar á hverjum degi. Heimsmyndin vill brengla mönnum sýn. ■



**MEÐLIMUR GENGIS**
Einhver meðlimur sama gengis og þessi var spurður hvort hann gæti smyglað öðrum en kaþólikkum yfir landamæri Mexíkó til Bandaríkjanna.



▶ 21.25 *Fræðsla*

**Viden om. Hér er á ferð dönsk þáttaröð um vísindi en að þessu sinni er einblínt á notkun þjarka í landbúnaði.**



▶ 20.00 *Raunveruleiki*

**Amazing Race. Fyrsti áfangastaður í kapphlaupinu var Ísland sem fór ekki framhjá neinum en nú halda liðin áfram um heiminn.**



▶ 22.00 *Drama*

**Judging Amy. Fjölskyldumáladómarinn Amy Gray fær yfirleitt erfið mál inn á borðið hjá sér og ekki er einkalífið skárra.**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gormur (18:26)

**18.30** **Veðmálið (3:6)** (Veddemålet) Norsk þáttaröð um fjóra krakka.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Mæðgurnar (17:22)** (Gilmore Girls IV) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.45** **Mósaík** Umsjónarmenn eru Jónatan Garðarsson, Steinunn Þórhallsdóttir og Arnar Þór Þórisson.
▶ **21.25** **Hvað veistu? (18:29)** (Viden om) Að þessu sinni er fjallað um notkun þjarka í landbúnaði.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Ódáðaborg (3:6)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur. Meðal leikenda eru Amanda Donohoe, Kris Marshall, Geff Francis, Amber Agar, Laura Main og Connor McIntyre. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Myrkrahöfðinginn (2:4) **0.25** Kastljósið **0.45** Dagskrárlok

## 2 (STÖÐ 2)

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor (e) **13.25** Hidden Hills (e) **13.50** Punk'd (e) **14.15** George Lopez 3 (e) **14.55** Next Action Star (e) **15.40** Married to the Kellys (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.00** **Amazing Race 6 (3:15)** (Kapphlaupið mikla) Ellefu lið eru mætt til leiks, reiðubúin til þátttöku í sjötta Kapphlaupinu.
**20.45** **Las Vegas 2 (2:22)** Dramatískur myndaflokkur sem gerist í spilaborginni Las Vegas. Háar fjárhæðir skipta oft um hendur í borg gleðinnar og þá er eins gott að öryggisgæslan sé í góðu lagi.
**21.30** **Navy NCIS (22:23)** (Glæpadeild sjóhersins)
**22.15** **Threat Matrix (16:16)** (Hryðjuverkasveitin) Í þessari þáttaröð er fylgst með bandaríski úrvalssveit að störfum. Hennar er að fylgjast með og verjast hverskyns hættum sem ógna lífi almennings. Bönnuð börnum.

**23.00** Nip/Tuck 2 (9:16) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **23.45** Cold Case 2 (3:24) (e) (B. börnum) **0.30** Crossfire Trail **2.05** Fréttir og Ísland í dag **3.25** Ísland í bítið (e) **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**17.45** Guinness World Records (e)

**18.30** **Dead Like Me (e)** George fær starf og kaupir sér reiðhjól. Starfið er vel launað. Henni er haldin veisla á Happy Time.
**19.30** **The Simple Life 2 (e)** Vinkonurnar Paris Hilton og Nicole Richie takast í annað sinn á við alvöru lífsins.
**20.00** **Blow Out** Framleiðendur The Restaurant hafa sent frá sér nýjan veruleikaþátt; Blow Out. Hárgreiðslumaðurinn Jonathan Antin fær 3 vikur til að opna glæsilega hárgreiðslustofu í Beverly Hills.
**21.00** **Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.
▶ **22.00** **Judging Amy**
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

**23.30** Law & Order (e) **0.20** Sunnudagsþátturinn (e) **1.10** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Skipped Parts (B. börnum) **8.00** Dr. T and the Women **10.00** Good Advice **12.00** Just Married **14.00** Nine Months **16.00** Dr. T and the Women **18.00** Good Advice **20.00** Just Married **22.00** Simone **0.00** Nine Months **2.00** Skipped Parts (B. börnum) **4.00** Simone

## OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Bein útsending frá CBN fréttastofunni **19.30** T.D. Jakes **20.00** Robert Schuller **21.00** Ron Phillips **21.30** Joyce Meyer **22.00** Dr. David Yon-ggi Cho **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Ísrael í dag Ólafur Jóhannsson (e)**1.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

**CNN**
**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **13.30** Snooker: Welsh Open Newport Wales **16.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **18.00** Trial: Indoor World Championship Sheffield **19.00** Boxing **20.00** Boxing **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **23.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**
**7.00** Zingalong **7.15** The Story Makers **7.35** Stitch Up **8.00** Location, Location, Location **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Zingalong **14.45** The Story Makers **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials **18.30** EastEnders **19.00** Sahara **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Hollywood Inc **21.50** Black Cab **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Uri Geller **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Civilisation **3.00** I'll Show Them Who's Boss **3.40** Business Confessions **3.50** Business Confessions **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**16.00** Disenchanted Forest **17.00** Battlefront: Battle of the Bulge **17.30** Battlefront: North Africa **18.00** Egypt Detectives: Mystery of the Pharaoh's Stone **18.30** Tales of the Living Dead: Mummies from the Crypt **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Golden Baboons **21.00** Air Crash Investigation: Flying Blind **22.00** Seconds from Disaster: Explosion in the North Sea **23.00** Battlefront: Monte Cassino **23.30** Battlefront: Operation Mercury – the Fall of Crete **0.00** Air Crash Investigation: Flying Blind **1.00** Seconds from Disaster: Explosion in the North Sea

**ANIMAL PLANET**
**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **20.00** The Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** The Natural World **2.00** The Natural World **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**
**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Blueprint for Disaster **23.00** Forensic Detectives **0.00** Rescue International **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Scrapheap Challenge

**MTV**
**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**
**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Modes of Transport **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Meatloaf Ultimate Album **21.00** Meatloaf Greatest Hits **21.30** Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**
**7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff



Lægsta verðið til Frakklands og Þýskalands
Frakkland
Terra Nova er sönn ánægja að bjóða beint flug til Parísar, tvisvar í viku, með franska flugfélaginu Corsair. Við bjóðum uppá hótelgistingu í París og fleiri borgum Frakklands á góðum kjörum. París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, virða fyrir þér Monu Lisu í Louvre eða spranga um í Latínuhverfinu og njóta lífsins listisemda. Hér á rómantíkin heima.
Þýskaland
Terra Nova býður enn á ný flug með þýska flugfélaginu LTU til München og Düsseldorf. Þúsundir Íslendinga hafa notið þess síðustu árin að fljúga í beinu flugi með LTU til Þýskalands. Flogið er tvisvar í viku svo kostur er á stuttum helgarferðum og lengri skemmtiferðum. Báðar borgirnar eru ákjósanlegir upphafspunktar til ferðalaga um mið-Evrópu, Düsseldorf til vesturs og München til austurs. Borgirnar sjálfar eru líka spennandi og vel þess virði að heimsækja München, mögnuð og margslungin, Düsseldorf fjölbreytt og skemmtileg.
Bókaðu núna og tryggðu þér flugfargjöld á ótrúlegum kjörum
París Frá 24.390 kr. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netbókun.
München Frá 24.660 kr. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netbókun.
Düsseldorf Frá 24.430 kr. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netbókun.
* Flugfar aðra leið (Kef.-Orly / Kef.-Düs.) með sköttum. Netbókun.
Düsseldorf Frá 12.070* kr.
Flug og bíll Frá 28.493 kr.
M.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, til Düsseldorf með sköttum og bókunargjaldi. Bíll í viku.
Takmarkað sætaframboð á ódýrustu fargjöldunum
Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri Sími: 461 1099
TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**INNLIT/ÚTLIT** *Skjár Einn* **kl. 21.00**

***Vala Matt er stjórnandi þáttarins en í lið með sér hefur hún fengið valinkunna fagurkera.***

### *Nýtískulegt hús tískulöggu*

Í þætti kvöldsins fá áhorfendur að sjá glæsilegt og nýtískulegt hús þeirra Svavars Arnars tískulöggu og sjónvarpsstjörnu og Danna sambýlismanns hans í Kópavoginum.
Steinarr Lár og Hera Gríms buðu einnig Völu Matt og félögum heim til sín á dögunum en þau hafa nýverið gert upp íbúð í anda sjötta áratugarins og er þar að finna mikið af sniðugum lausnum og fallegum munum.
Birgir Örn fjöllistamaður er langt kominn með svefnherbergið sitt og þar fáum við að sjá spennandi veggfóður og hún Katrín fór í heimsókn til skemmtilegrar konu sem sýnir sniðugt heimasmíðað eldhús og fullt af öðrum hugmyndum sem áhorfendur þáttarins geta eflaust nýtt sér.



Svavar Örn og Danni buðu Völu Matt í heimsókn fyrir stuttu.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Ladies and gentlemen, fear not for my safety. After all, I am smart as a fox, you know."**

**Svar:** Fox úr kvikmyndinni Out-Foxed frá árinu 1949.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Blindingsleikur **14.30** Í þjónustu hennar hátignar **15.03** Silfurplötur Iðunnar **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **21.00** Í hosíló **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Lifandi blús

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Gettu betur **21.30** Tónlist að hætti hússins **22.10** Rokkland

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**7.00** Óskar Bergsson / Þorgrímur Gestsson **8.00** Hrafnaþing (e.) **9.03** Ólafur Hannibals. **10.03** Arnþrúður Karlsd. -Fréttir & hlustendur **11.03** Arnþrúður Karlsd. og íslenska þjóðin

**13.05** Ólafur Hannibalsson (e.) **14.03** Arnþrúður Karlsd. - og íslenska þjóðin **15.03** Hallgrímur Thorsteinsson **16.03** Viðskiptaþátturinn

**17.05** Heilsuhorn Gauja litla **18.00** Heil og sæl - heilsuþáttur (e.) **20.00** Ólafur Hannibals. (e.) **21.00** Arnþrúður Karlsdóttir - Morgunspjall (e.)



**▶ 21.10**
***Veiði***

**Veitt með vinum. Í kvöld er farið í Norðurá en viðmælandi Karls Lúðvíkssonar er Jóhannes Ásbjörnsson, eða Jói í Idolinu.**

## SÝN

**16.30** Idol Extra **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.30** **Tiger Woods (2:3)** Tiger Woods er einn besti kylfingur allra tíma. Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpshorfendur að kynnast kappanum frá ýmsum hliðum.
**20.20** **Bardaginn mikli** (Joe Louis – Max Schmeling) Joe Louis er einn frægasti þungavigtarmeistari boxsögunnar. Ferill hans er um margt einstakur en Louis var þó ekki ósigrandi.
▶ **21.10** **Veitt með vinum** (Norðurá) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins. Hér er gefin góð sýn á hið dæmigerða íslenska veiðisumar.
**22.00** **Olíssport**
**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** World Supercross

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Ren & Stimpy (e) **19.30** Gary the Rat **20.00** Comedy Central Presents **20.30** Premium Blend **21.00** Real World: San Diego **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e) **23.40** Meiri músík

Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**7.25** Tale of Ruby Rose **9.05** Brannigan **10.55** The Secret Invasion **12.35** The Care Bears Movie **13.50** Man of la Mancha **15.55** Rosebud **18.00** Hannibal Brooks **20.00** That Splendid November **21.35** Outback **23.10** Town Without Pity **0.55** Consuming Passions **2.35** Heat

**TCM**

**20.00** High Society **21.45** Arsenic and Old Lace **23.45** The Thin Man Goes Home **1.25** Goodbye, Mr Chips **3.20** The Doctor's Dilemma

**HALLMARK**

**8.00** Norman Rockwell's Breaking Home Ties **9.45** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **11.15** Early Edition **12.00** Hostage for a Day **13.45** Life on Liberty Street **15.15** Norman Rockwell's Breaking Home Ties **17.00** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Henry VIII **22.15** Broken Vows


Kangoo Express

Renault Kangoo express 1500 dci - Dísel

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
Með allt á einum stað

# Hagkvæm rekstrareining



Bíll á mynd: Renault Express með hliðarrúðumog álfelgum

Nú hefur aldrei verið hagkvæmara að fá sér eintak af vinsælasta atvinnubíl íslands sl. 6 ár.

RENAULT

Kangoo Express 1500 6 dyra - Dísel - 80 hestöfl - beinskiptur

**Kr. 1.357.430 kr.** án VSK.

Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

# Kr. 17.900

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Fjármögnunarleiga
**kr. 22.400** með vsk.
**kr. 17.900** án vsk.

* Fjármögnunarleiga á Kangoo Express, 1500 dísel, 6 dyra, beinskiptur m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 30% útborgun, án/vsk. Athugið 3% lokagjald í lok samnings.

B&L Atvinnubílar • Grjótháls 1 • Sími 575 1200 • Söluráðgjafar 575 1224/25 • www.bl.is



F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



## HRÓSIÐ

*...fær Viggó Sigurðsson, þjálfari karlalandsliðsins í handknattleik, sem stefnir ótrauður á gott sæti á heimsmeistaramótinu í Túnis sem hefst 23. þessa mánaðar.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Sushi-gleraugu.

**Sem er?** Venjuleg gleraugu sem nýtast einnig sem verkfæri til að borða sushi eða annan austurlenskan mat með. Gleraugun virka eins og öll venjuleg gleraugu, fyrir nærsýna og fjærsýna. Það sem þau hafa hins vegar umfram önnur er að það er hægt að taka spangirnar af og nota sem prjóna til að borða með.

**Hugmyndin?** Þýska fyrirtækið Ic!Berlin er framleiðandi þessara fjölnota gleraugna. Hugmyndasmiðurinn er Ralph Anderl en hann fékk hugmyndina að gleraugunum þegar hann sá hversu vinsælt það er orðið að borða mat á ferðinni. „Fólk hefur ekki lengur tíma til að setjast niður og borða. Þess í stað vill það borða meðan það gengur á milli vinnustaða," segir Anderl um



þessa stórkostlegu hugmynd sína. Gleraugun virðast vera orðin nokkuð vinsæl, ekki síst í Austurlöndum.

**Gallar?** Gleraugun eru afar einföld í notkun. Spöngunum er einfaldlega kippt af þegar nota á þær í matinn og þeim síðan smellt aftur á eftir notkun. Gleraugun er hins vegar ekki hægt að nota þegar búið er að taka spangirnar af svo það getur reynst erfitt fyrir sjóndapra að sjá góðgætið. Spangirnar verða líka skítugar eftir matinn en sem betur fer er auðvelt að hreinsa þær.

**Verð?** Gleraugun kosta 180 pund eða um tuttugu þúsund krónur, sem hlýtur að teljast nokkuð billegt miðað við hversu notadrjúg þau eru. Hægt er að nálgast upplýsingar um gleraugun á vefslóðinni www.ic-berlin.de.



**Lárétt:** **2** lipurð, **6** bardagi, **8** rýja, **9** mikill vindur, **11** einkennisstafir, **12** mittismjó, **14** armur, **16** prófgráða, **17** snjó, **18** ólma, **20** númer, **21** skipta.

**Lóðrétt:** **1** óhljóð, **3** bogi, **4** viðskiptavinurinn, **5** verkur, **7** gat borðað, **10** sængurlega gamalmennis, **13** tangi, **15** fæða, **16** fleti, **19** til.

**Lausn.**

**Lárétt:** **2** mýkt, **6** at, **8** rúa, **9** rok, **11** nk, **12** gróin, **14** grein, **16** ba, **17** snæ, **18** óða, **20** nr, **21** liða.

**Lóðrétt:** **1** garg, **3** ýr, **4** kúnninn, **5** tak, **7** torgaði, **10** kór, **13** nes, **15** næra, **16** ból, **19** að.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1 Sjö.

2 66 ára.

3 Skæruliðadiskó.

» FASTUR birta » PUNKTUR



**KRISTJÁN MAGNÚSSON** Sundlaugarvörður í Vesturbæjarlaug var beðinn um að leita að augnlinsu í lauginni. Hann gerði meira en það, hann fann hana!

KRISTJÁN MAGNÚSSON: SUNDLAUGARVÖRÐUR Í VESTURBÆJARLAUG

# Fann augnlinsu í sundlaug

Kristjáni Magnússyni, sundlaugarverði í Vesturbæjarlaug, tókst fyrir skömmu hið ótrúlega þegar hann fann augnlinsu í lauginni sem ítalskur ferðamaður hafði týnt.

Ítalinn bað starfsmenn sundlaugarinnar um að koma sér til hjálpar enda um svokallaða „eilífðarlinsu" að ræða, linsur sem eiga að endast von úr viti.

„Þetta eru sextíu tonn af vatni sem ég leitaði í. Við erum með sérstakar ryksugur til þess að hreinsa sandinn úr botninum á lauginni. Ég vissi af þessari týndu linsu svo ég fór vandlega í gegnum ryksugusíuna og fann linsuna," segir Kristján. „Þetta er víst svona linsa sem fólk á ekki að taka úr sér."

Aðspurður hvort hann hafi ekki orðið hvumsa við beiðninni um að finna augnlinsu í sundlauginni segir Kristján: „Mér brá ekkert við það að vera beðinn um að finna linsu í lauginni. Ég er vanur svona ævintýrum og í fyrra fann ég lítinn demantseyrnalokk. Þeir í afgreiðslunni sögðu því Ítalanum að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu því að á staðnum væri maður sem hefði fundið ótrúlega hluti. Hann var auðvitað ánægður þegar ég fann linsuna og sagðist alltaf ætla að koma í Vesturbæjarlaugina í sund."

Kristján hefur unnið sem sundlaugarvörður síðastliðin þrjú ár. „Ég vann áður hjá Slysavarnafélaginu þar sem ég var vélstjóri á björgunarbátnum. Núna er ég orðinn svo gamall að það er voðalega þægilegt að vera þarna í sundlauginni."

Kristján hefur komið við sögu á fleiri sviðum því hann sinnir einnig myndlistinni sem áhugamáli. „Jú, ég hélt málverkasýningu fyrir nokkrum árum, við vélstjórarnir, við getum allt," segir hann og hlær. hilda@frettabladid.is






## Stuðmanna-söngfuglinn fer sína eigin leið

Bryndís Jakobsdóttir er ungur söngfugl enda dóttir Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frímanns Magnússonar. Hún virðist hafa fengið tónlistaráhuga í vöggugjöf og eins og kom fram í DV í gær er hún á leið til London í vikunni að syngja fyrir nokkra í bransanum. „Þetta eru einungis frumþreifingar kornungrar stúlku á þessu sviði. Áhugi landans á hljómi raddar hennar er ef til vill skiljanlegur en þetta er gríðarleg pressa á ungan og óharnaðan ungling og því viljum við sem minnst að um þetta sé fjallað á þessu stigi, þó að DV hafi haft eyrað jafn nálægt grassverðinum og raun ber vitni," segir Jakob Frímann Magnússon.

Jakob segir fyrirtækið Sony Music Publishing hafa sýnt áhuga á að vinna með henni. „Svona ferli getur tekið allt frá einu ári og upp í fimm ár svo þetta er rétt að byrja. Þetta eru allt einungis hugmyndir og drög og það kemur í ljós hvort þetta verður að veruleika. Menn geta orðið sammála því að semja en svo getur það gerst að ekkert verði af samningum."

Bryndís hefur verið syngjandi síðan hún var lítil og lærði bæði á píanó og selló. Hún var einnig orðuð við Nylon hópinn þegar hann var skipaður. „Það kom til tals að hún væri í Nylon en kaus að feta sína eigin leið. Einari Bárðarsyni hugnaðist mjög vel það sem hann sá og heyrði og í kjölfarið fórum við að skoða hvað hægt væri að gera. Hún kaus svo að gera þetta og semja þá tegund af músík sem er byggð á hennar eigin músíkáhrifum. Þetta er samt allt nýtt og skammt á veg komið. Það gæti verið hálft ár eða lengra í að komi út lag," segir Jakob. ■



**BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR** Dóttir Stuðmannanna Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frímanns Magnússonar hefur fengið tónlistaráhuga í vöggugjöf.



Tilboðin gilda í dag og á morgun
Með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og uppseldar vörur. .
BT
ÚTSALA
Útsölunni lýkur á morgun
ÚTSALA
MEDION C6
MEDION C6 Centrino 2070
MD95124
• Intel® Pentium® M 1.4 GHz (710) - DOTHAN
• 15" XGA TFT
• 512 MB DDR vinnsluminni
• 40 GB Harður diskur
• DVD skrifari
• Wi-Fi® Wireless (802.11g) (54Mpbs) VGA out, TVout
DVD skrifari
4.056* Tölvukaupalán 48 mán.
11.999** Vaxtalaust 12 mán.
143.988 Staðgreitt
4.056*
24.000 kr. LÆKKUN
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
19"
ÚTSALA
DVD skrifari
80GB harður diskur
512 MB vinnsluminni
MEDION
MEDION ICD 330
• 19" Medion CRT skjár • Intel Celeron 2,6GHz
• i845 incl. VGA, LAN, 6-Ch-Audio, USB 2.0
• extreme graphics up to 64MB
• 80GB Harður diskur • DVD skrifari
• 56K modem V90 • 10/100Mbit netkort
• 256 MB DDR vinnsluminni
• AC 97 (6-Channel-Audio) hljópðkort
• 4xUSB 2.0 • Lyklaborð og mús
2.100*
69.999 Staðgreitt
2.100** Vaxtalaust 12 mán.
Ekki missa af útsölu ársins
Playstation 2 leikir
2.999 3.499
4.999 5.999
4.799 5.999
5.799
Botn verð
DVD myndir
3.799 4.999
1.799 2.499
1.799 2.399
1.799
Botn verð
Stafræn myndavél
Tilboð
SONY
Sony Cybershot DSC-P73/S
128MB Sony memorystick minniskort á 999 kr. með DSC-P73
999
Litaskjár
Vandaður 1.5" litaskjár þar sem allar stillingar birtast.
Tengimöguleikar
USB 2.0 tölvutengi og Video tengi fyrir sjónvarp.
Memorystick PRO
Tryggir þér hraðari gagnaflutning.
Hleðslurafhlöður
Öflug hleðslurafhlöður tryggja þér allt að 450 myndir í hverri hleðslu.
Sony gæði
PictBridge
Þráðlaus tenging við prentara.
Multi Burst
Fjölmyndataka taktu allt að fjórar myndir í einu skoti.
Myndflaga
4.1 Megapixlar. Myndflagan frá Sony tryggir þér meiri myndgæði.
Hreyfimyndataka
Taktu upp vandaðar hreyfimyndir með hljóði í MPEG Movie VX.
Aðdráttur
Með 3x optical aðdrætti nærð þú smáatriðunum sem skipta máli í fullum gæðum.
*2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
Minnislykill
9.999
11.999
Rugl verð
MEDION
256MB USB minni og MP3 spilari
Útvær harður diskur
LACIE
300700EK
LaCie 160GB
USB2.0 7200 RPM
16.999
21.999
5.000 kr. LÆKKUN
Vandaður útvær harður diskur frá LaCie
Stafræn tökuvél
SONY
D8 Myndbandstökuvél
DCR-TRV255E
• SteadyShot
• 2.5" Litaskjár
• 990x Digital aðdráttur (20x Optical)
• Innbyggt ljós
• Nightshoot Plus 0 lux
• i.LINK (DV ÚT)
• USB streaming
15.000 kr. LÆKKUN
34.999
49.999
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 585 8330 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

# Að sjúga upp í nefið

Í svefnrofunum dreymir úthverfa-bússu að John Wayne gangi um götuna með Bykomálningafötu í hönd. Hann málar vaxhvítan kross á útihurðir og merkir flensubælin um leið og hann syngur Fram í heiðanna ró. Hún furðar sig á því hve góður hann er í íslensku, en rumskar svo þegar spúsi ýtir við henni. Viltu sækja vatn fyrir mig? spyr hann brostinni röddu. Ertu galinn, muldrar hún. Ég er með 39,5. Iss, það er ekkert, drafar lífsförunauturinn. Ég er með 40,1. Toppaðu það. Sérfræðingar tilkynna í fjölmiðlum að flensan hafi náð hámarki. Hvaðan kemur hún? Hún kemur frá útlöndum eins og lúsin. Hún mætti með árlegu flugi, FI 112, frá Inflúensíu. Næst fær hún ekki landvistarleyfi og verður rekin til baka eins og skandinavískur vítisengill.

**Í MÓKINU** gónum við á Íslandsvini sem svara hinni margslungnu spurningu; How do you like Iceland? Allt í einu man maður að vönduð innlend dagskrárgerð er virkilega til og birtist í sjónvarpi allra landsmanna. Takk fyrir og meira svona. Við sjúgum upp í nefið og gónum áfram. Það er þó álíka ódannað í útlandinu að sjúga upp í nefið og að reka hraustlega við. En hvað er annað hægt? Þegar við fáum ekki flensuna að utan erum við kvefuð í kulda og trekki hér á norðurhjara.

**TRYGGLYNDIR VINIR** íslenskra lopahausa segja mannskapnum að slaka á og reyna ekki að elta útdauða stóriðjudrauma fortíðar. Það er einkenni margra sem erfa auðæfi að sólunda þeim í sukk og spilafíkn. Náttúruperlurnar liggja á spilaborðinu í litlum strigapoka. Við eigum nóg af þessu, segir mörlandinn og sýgur upp í nefið. Hér gildir að hreystimenni moki stærstu skurðina og sprengi heilu fjöllin í tætlur. Flintstónarnir eru sprelllifandi á landinu bláa. Við sjúgum duglega upp í nefið og herðum moksturinn.

**HÉR ÞARF LÍKA** að metta marga, sér í lagi sjö sveltandi ráðherrar frá fyrri tíð, sem ku þurfa að þræla myrkranna á milli. Sautján millur á ári úr eftirlaunasjóði eru ekki upp í nös á ketti. Líkt og einstæðar mæður í tveimur störfum þurfa þessir gömlu ráðherrar að vinna með eftirlaunalúsinni – svo sorglegt sem það nú er, og það eru harðbrjósta Frónverjar sem ekki sjúga upp í nefið yfir því. ■




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

